3. Við ákvörðun hagnaðar fastrar atvinnustöðvar skal leyfa sem frádrátt útgjöld sem leiðir af því að hún er föst atvinnustöð, þar með talinn kostnaður við framkvæmdastjórn og venjulegur stjórnunarkostnaður, hvort heldur kostnaðurinn er til orðinn í því ríki þar sem fasta atvinnustöðin er eða annars staðar.

4. Að því leyti sem venja hefur verið í aðildarríki að ákvarða hagnað fastrar atvinnustöðvar á grundvelli skiptingar heildarhagnaðar fyrirtækisins á hina ýmsu hluta þess, skal ekkert í ákvæðum 2. t.l. útiloka það aðildarríki frá því að ákvarða skattskyldan hagnað með þeim hætti. Aðferð sú sem notuð er við skiptinguna skal samt sem áður vera slík að niðurstaðan verði í samræmi við meginreglur þessarar greinar.

5. Engan hagnað skal telja fastri atvinnustöð eingöngu vegna vörukaupa hennar fyrir fyrirtækið.

6. Við beitingu ákvæða framangreindra töluliða skal hagnaður sem talinn er fastri atvinnustöð ákvarðast eftir sömu reglum frá ári til árs nema fullnægjandi ástæða sé til annars.

7. Þegar hagnaður af atvinnurekstri felur í sér tekjur sem sérstök ákvæði eru um í öðrum greinum samnings þessa skulu ákvæði þessarar greinar ekki hafa áhrif á gildi þeirra ákvæða.

8. gr.

SIGLINGAR OG LOFTFERÐIR

1. Hagnaður af rekstri skipa eða loftfara á alþjóðaleiðum skal einungis skattlagður í því aðildarríki þar sem raunveruleg framkvæmdastjórn fyrirtækisins hefur aðsetur. Þegar þetta ríki getur ekki samkvæmt eigin löggjöf skattlagt hagnaðinn í heild sinni skal einungis skattleggja hann í því ríki þar sem fyrirtækið er heimilisfast.

2. Ef aðsetur raunverulegrar framkvæmdastjórnar útgerðarfyrirtækis er um borð í skipi skal telja aðsetur hennar vera í því aðildarríki þar sem útgerðarmaður skipsins er heimilisfastur.

3. Ákvæði 1. t.l. eiga einnig við um hagnað sem hlýst af þátttöku í rekstrarsamvinnu („pool“), sameiginlegu fyrirtæki eða alþjóðlegum rekstrarsamtökum.

9. gr.

TENGD FYRIRTÆKI

1. Þegar:

a) fyrirtæki í aðildarríki tekur beinan eða óbeinan þátt í stjórn eða yfirlitum fyrirtækis í öðru aðildarríki eða á hluta af fjármagni þess, eða

b) sömu aðilar taka beinan eða óbeinan þátt í stjórn eða yfirlitum fyrirtækis í aðildarríki, svo og fyrirtækis í öðru aðildarríki, eða eiga hluta af fjármagni þeirra skulu eftirfarandi ákvæði gilda:

Ef hlutaðeigandi fyrirtæki semja eða ákveða skilmála um innbyrðis samband sitt á viðskipta- eða fjármálasviðinu sem eru frábrugðin því sem væri ef fyrirtækin væru hvort öðru óháð má telja allan hagnað, sem án þessara skilmála hefði runnið til annars fyrirtækisins en rennur ekki til þess vegna skilmálanna, sem hagnað þess fyrirtækis og skattleggja hann í samræmi við það.

2. Rísi upp mál í aðildarríki sem ákvæði 1. t.l. taka til skal bæru stjórnvaldi í öðru aðildarríki sem málið varðar gert aðvart svo að það megi íhuga hvort breyta skuli uppgjöri á hagnaði fyrirtækis sem heimilisfast er í því ríki. Ef svo ber undir geta bær stjórnvöld gert samkomulag um skiptingu hagnaðarins.

10. gr.

ÁGÓÐAHLUTIR

1. Ágóðahluti sem félag heimilisfast í aðildarríki greiðir aðila heimilisföstum í öðru aðildarríki má skattleggja í síðarnefnda ríkinu.

2. Þegar viðtakandi ágóðahlutar er heimilisfastur í aðildarríki en hefur fasta atvinnustöð eða fasta stofnun í öðru aðildarríki en þar sem hann er heimilisfastur og hlutareignin sem af er greiddur ágóðahluturinn er raunverulega bundin við atvinnurekstur sem rekinn er af hinni föstu atvinnustöð eða við sjálfstæða starfsemi sem stunduð er í hinni föstu stofnun, mega, þrátt fyrir ákvæði 1. og 3. t.l., ágóðahlutir sem félag heimilisfast í aðildarríki greiðir slíkum viðtakanda skattleggjast samkvæmt ákvæðum 7. gr. eða 14. gr., eftir því sem við á, í því aðildarríki þar sem fasta atvinnustöðin eða fasta stofnunin er.

3. Ágóðahluti sem félag heimilisfast í aðildarríki greiðir aðila heimilisföstum í öðru aðildarríki má einnig skattleggja í því aðildarríki þar sem félagið sem ágóðahlutina greiðir er heimilisfast samkvæmt löggjöf þess ríkis, en sá skattur sem þannig er álagður má að hámarki vera:

- a) 5 af hundraði af vergri fjárhæð ágóðahlutanna ef viðtakandi er félag (að undanskildum samtökum aðila og dánarbúumi) sem ræður beint yfir að minnsta kosti 25 af hundraði eignarhlutdeildar í félaginu sem ágóðahlutina greiðir;
- b) 15 af hundraði af vergri fjárhæð ágóðahlutanna í öðrum tilvikum.

4. Þrátt fyrir ákvæði staflíðar a) í 3. t.l. má hækka íslenskan skatt af ágóðahluta úr 5 af hundraði í að hámarki 15 af hundraði, að svo miklu leyti sem slíkur ágóðahlutur hefur verið dreginn frá tekjum félagsins, sem ágóðahlutinn greiddi, við álagningu íslensks skatts.

5. Þrátt fyrir ákvæði staflíðar a) í 3. t.l. má hækka norskan skatt af ágóðahluta í að hámarki 15 af hundraði. Þetta ákvæði gildir meðan norskum félögum er heimill frádráttur vegna úthlutaðs ágóða við álagningu skatta til ríkisins.

6. Bær stjórnvöld í aðildarríkjunum skulu gera með sér samkomulag um hvernig beita skuli takmörkunum samkvæmt 3.—5. t.l. Ákvæði 3.—5. t.l. eru óviðkomandi skattlagningu félags af ágóða sem ágóðahlutinn er greiddur af.

7. Hugtakið „ágóðahlutur“ merkir í þessari grein tekjur af hlutabréfum, hlutdeildarskírteinum eða öðrum réttindum sem ekki eru skuldakröfur en veita rétt til hlutdeildar í ágóða, svo og tekjur af öðrum félagsréttindum sem við skattlagningu er farið með á sama hátt og tekjur af hlutabréfum samkvæmt löggjöf þess ríkis þar sem félagið sem úthlutunina framkvæmir er heimilisfast.

8. Þrátt fyrir ákvæði 1. t.l. skal ágóðahlutur greiddur af félagi heimilisföstu í aðildarríki til félags heimilisfasts í öðru aðildarríki en Danmörku vera undanþeginn skattlagningu í síðarnefnda ríkinu að svo miklu leyti sem hann hefði verið það samkvæmt löggjöf þess ríkis hefðu bæði félögin verið heimilisföst þar.

Þrátt fyrir ákvæði 1. t.l. skal ágóðahlutur greiddur af félagi heimilisföstu í öðru aðildarríki en Danmörku til félags heimilisfasts í Danmörku vera undanþeginn skattlagningu í Danmörku samkvæmt danskri löggjöf.

Í þeim mæli sem ágóðahlutur, sem félag heimilisfast í Danmörku hefur greitt á tekjuári til félags heimilisfasts í öðru aðildarríki, svarar til ágóðahlutar, sem fyrrnefnda félagið hefur hlotið beint eða fyrir milligöngu lögaðila á sama tekjuári eða fyrri, af hlutabréfum eða öðrum félagsréttindum í félagi heimilisföstu í þriðja ríki, gildir undanþága frá skattlagningu í öðru aðildarríki samkvæmt 1. mgr. því aðeins:

- a) að sá ágóðahlutur sem myndaðist af hlutabréfum eða félagsréttindum í félagi heimilisföstu í þriðja ríki sé skattlagður í Danmörku eða;
- b) ef svo er ekki, að ágóðahluturinn ætti að vera undanþeginn skatti í öðru aðildarríki ef hlutabréfin eða félagsréttindin í félagi heimilisföstu í þriðja ríki væru í beinni eigu félagsins í fyrrnefnda aðildarríkinu.

Um ágóðahlut frá félagi heimilisföstu á Íslandi til félags heimilisfasts í öðru aðildarríki gildir undanþága frá skattlagningu í öðru aðildarríki samkvæmt 1. mgr. aðeins að því leyti sem ágóðahluturinn er ekki frádráttarbær frá tekjum íslenska félagsins við ákvörðun íslensks skatts.

9. Þrátt fyrir ákvæðin í 3.—5. t.l. geta bær stjórnvöld í aðildarríkjunum gert samkomulag um að ágóðahlutur, sem fellur til stofnunar, nafngreindrar í samkomulaginu, sem hefur líkna starfsemi eða önnur almannaheill að markmiði sem undanþegin er skatti af ágóðahlutum samkvæmt löggjöf þess

aðildarríkis þar sem stofnunin er heimilisföst, skuli í öðru aðildarríki vera undanþegin skatti af ágóðahlutum frá félagi í því ríki.

10. Ef félag heimilisfast í aðildarríki fær tekjur frá öðru aðildarríki getur síðarnefnda ríkið hvorki skattlagt ágóðahlut sem félagið greiðir nema að því leyti sem ágóðahluturinn er greiddur aðila heimilisföstum í síðarnefnda ríkinu eða að því leyti sem hlutareignin sem af er greiddur ágóðahluturinn er raunverulega bundin við fasta atvinnustöð eða fasta stofnun í síðarnefnda ríkinu né heldur skattlagt óúthlutaðan hagnað félagsins. Þetta gildir jafnt þótt ágóðahlutirnir eða óúthlutaði hagnaðurinn séu að öllu eða nokkru leyti tekjur sem hafa myndast í síðarnefnda ríkinu.

11. Hugtakið „samtek aðila“ í þessari grein merkir:

- varðandi Danmörku: „interessentskab“, „kommanditselskab“ og „partrederi“;
- varðandi Finnland: „öppet bolag“, „kommanditbolag“, „partrederibolag“ og önnur samtek sem getið er í 2. mgr. 4. gr. laga um skatt af tekjum og eignum (1043/74) og ekki eru skattlögð sem sjálfstæðir skattaðilar;
- varðandi Ísland: sameignarfélög og samlög sem ekki eru skattlögð sem sjálfstæðir skattaðilar;
- varðandi Noreg: hvers konar samtek önnur en „aksjeselskap“;
- varðandi Svíþjóð: „handelsbolag“, „kommanditbolag“ og „enkelt bolag“.

11. gr. VEXTIR

1. Vexti sem myndast í aðildarríki og greiddir eru aðila heimilisföstum í öðru aðildarríki skal einungis skattleggja í síðarnefnda ríkinu.

2. Þegar viðtakandi vaxta er heimilisfastur í aðildarríki en hefur fasta atvinnustöð eða fasta stofnun í öðru aðildarríki en þar sem hann er heimilisfastur og krafan sem vextirnir eru greiddir af er raunverulega bundin við atvinnurekstur sem rekinn er af hinni föstu atvinnustöð eða við sjálfstæða starfsemi sem stunduð er á hinni föstu stofnun, mega, þrátt fyrir ákvæði 1. tl., vextir sem myndast í aðildarríki og greiddir eru slíkum viðtakanda skattleggjast samkvæmt ákvæðum 7. gr. eða 14. gr., eftir því sem við á, í því aðildarríki þar sem fasta atvinnustöðin eða fasta stofnunin er.

3. Hugtakið „vextir“ merkir í þessari grein tekjur af hvers konar kröfu án tillits til þess hvort hún er tryggð með veði í fasteign eða ekki eða hvort hún felur í sér rétt til hlutdeildar í hagnaði skuldunautar eða ekki. Hugtakið tekur sérstaklega til tekna af ríkisskuldabréfum og tekna af öðrum skuldabréfum eða skuldarviðurkenningum, þar með talinn gengismunur og ágóði tengdur slíkum verðbréfum, skuldabréfum eða skuldarviðurkenningum. Dráttarvextir vegna vanskila teljast ekki vextir samkvæmt þessari grein.

4. Þegar, vegna sérstaks sambands milli greiðanda og viðtakanda eða milli þeirra beggja og þriðja aðila, vaxtafjárhæðin er hærrí, miðað við þá skuldarkröfu sem hún er greidd af, en sú vaxtafjárhæð sem greiðandi og viðtakandi hefðu samið um ef þetta sérstaka samband hefði ekki verið fyrir hendi, þá skulu ákvæði þessarar greinar einungis gilda um síðarnefndu fjárhæðina. Þegar þannig stendur á skal skattleggja fjárhæðina sem umfram er samkvæmt lögjöf hvers hlutaðeigandi aðildarríkis að teknu tilliti til annarra ákvæða samnings þessa.

12. gr. ÞÓKNUN

1. Þóknun sem myndast í aðildarríki og greidd er aðila heimilisföstum í öðru aðildarríki skal einungis skattleggja í síðarnefnda ríkinu.

2. Þegar viðtakandi þóknunar er heimilisfastur í aðildarríki en hefur fasta atvinnustöð eða fasta stofnun í öðru aðildarríki en þar sem hann er heimilisfastur og réttindin eða eignin sem þóknunin stafar frá eru raunverulega bundin við atvinnurekstur sem rekinn er af hinni föstu atvinnustöð eða við sjálfstæða starfsemi sem stunduð er á hinni föstu stofnun, má, þrátt fyrir ákvæði 1. tl., þóknun sem myndast í aðildarríki og greidd er slíkum viðtakanda skattleggjast samkvæmt ákvæðum 7. gr. eða 14. gr., eftir því sem við á, í því aðildarríki þar sem fasta atvinnustöðin eða fasta stofnunin er.

3. Hugtakið „þóknun“ merkir í þessari grein hvers konar greiðslu sem tekið er við sem endurgjaldi fyrir afnot eða rétt til að hagnýta hvers konar höfundarrétt á bókmennta-, lista- eða vísindasviðinu (þar með taldar kvikmyndir og mynd- og hljóðsegulbönd fyrir hljóðvarps- og sjónvarpsendingar), einkaleyfi, vörumerki, mynstur eða líkón, áætlanir, leynilega formúlu eða

framleiðsluáferð, og fyrir afnot eða rétt til að hagnýta iðnaðar-, viðskipta- eða vísindabúnað eða fyrir upplýsingar um reynslu á sviði iðnaðar, viðskipta eða vísinda.

4. Þegar, vegna sérstaks sambands milli greiðanda og viðtakanda eða milli þeirra beggja og þriðja aðila, fjárhæð þóknunarinnar er hærrí, miðað við þau afnot, réttindi eða upplýsingar sem hún er greiðsla fyrir, en sú fjárhæð sem greiðandi og viðtakandi hefðu samið um ef þetta sérstaka samband hefði ekki verið fyrir hendi, þá skulu ákvæði þessarar greinar einungis gilda um síðarnefndu fjárhæðina. Þegar þannig stendur á skal skattleggja fjárhæðina sem umfram er samkvæmt löggjöf hvers hlutaðeigandi aðildarríkis að teknu tilliti til annarra ákvæða samnings þessa.

13. gr.

SÖLUHAGNAÐUR AF EIGNUM

1. Hagnað sem aðili heimilisfastur í aðildarríki hlýtur af sölu fasteignar sem nánar er skilgreind í 2. tl. 6. gr. sem er í öðru aðildarríki, má skattleggja í síðarnefnda ríkinu.

2. Hagnað sem aðili heimilisfastur í aðildarríki hlýtur af sölu hlutabréfa eða annarra hlutareigna, sbr. 4. tl. 6. gr., má skattleggja í því aðildarríki þar sem fasteignin er.

3. Hagnað sem hlýst af sölu lausafjár sem er hluti atvinnurekstrareigna fastrar atvinnustöðvar sem fyrirtæki í aðildarríki hefur í öðru aðildarríki eða lausafjár sem tilheyrir fastri stofnun sem aðili heimilisfastur í aðildarríki hefur til þess að leysa af hendi sjálfstæða starfsemi í öðru aðildarríki, má skattleggja í síðarnefnda ríkinu. Sama gildir um hagnað af sölu á slíkri fastri atvinnustöð (einni sér eða ásamt fyrirtækinu í heild) eða slíkri fastri stofnun.

4. Hagnað sem hlýst af sölu skips eða loftfars sem notað er á alþjóðaleiðum, eða lausafjár sem tengt er notkun slíks skips eða loftfars, skal einungis skattleggja í því aðildarríki þar sem raunveruleg framkvæmdastjórn fyrirtækisins hefur aðsetur. Þegar þetta ríki getur ekki samkvæmt eigin löggjöf skattlagt hagnaðinn í heild sinni skal einungis skattleggja hann í því ríki þar sem fyrirtækið er heimilisfast.

5. Hagnað sem hlýst af sölu annarra eigna en getið er í 1.—4. tl. skal einungis skattleggja í því aðildarríki þar sem seljandinn er heimilisfastur.

6. Ákvæði 5. tl. raska ekki rétti aðildarríkis til þess að skattleggja samkvæmt eigin löggjöf hagnað, sem aðili heimilisfastur í öðru aðildarríki hlýtur af sölu hlutabréfa eða annarra hlutareigna í félagi með heimilisfesti í fyrrnefnda ríkinu, ásamt hagnaði sem hlýst af sölu annarra skuldabréfa sem við skattlagningu í því ríki er með farið á sama hátt og hagnað sem hlýst af sölu slíkra hlutabréfa eða annarra hlutareigna.

14. gr.

SJÁLFSTÆÐ STARFSEMI

1. Tekjur sem aðili heimilisfastur í aðildarríki hefur af sjálfstæðri starfsemi eða öðru sjálfstæðu starfi skal einungis skattleggja í því ríki. Samt sem áður má skattleggja slíkar tekjur í öðru aðildarríki ef:

- a) hann hefur í því ríki fasta stofnun þar sem hann getur stundað starfsemi sína reglulega, en þó einungis þann hluta teknanna sem stafar frá hinni föstu stofnun; eða
- b) hann dvelur í því ríki í eitt eða fleiri skipti sem samtals fara yfir 183 daga á tólf mánaða tímabili, en þó einungis þann hluta teknanna sem stafar frá þeirri starfsemi sem var innt af hendi á umræddum dvalartíma eða dvalartímum.

Í því tilviki að tekjurnar eru undanþegnar frá skattlagningu í fyrrnefnda ríkinu má, þrátt fyrir að skilyrðin samkvæmt staflíðum a) eða b) séu ekki uppfyllt, skattleggja tekjurnar í því ríki sem starfsemin var rekin, en þó einungis þann hluta teknanna sem stafar frá þeirri starfsemi.

2. Hugtakið „sjálfstæð starfsemi“ merkir einkum sjálfstæða starfsemi á sviði vísinda, bókmennta, lista, uppeldis- og kennslumála, svo og sjálfstæð störf lækna, lögræðinga, verkfræðinga, arkitekta, tannlækna og endurskoðenda.

15. gr.

LAUNAD STARF

1. Með þeim undantekningum sem um ræðir í 16., 18., 19., 20., og 21. gr. skulu starfslaun, vinnulaun og annað svipað endurgjald sem aðili heimilisfastur í aðildarríki fær fyrir starf sitt, einungis skattlögð í því ríki, nema starfið sé innt af hendi í öðru aðildarríki. Ef starfið er innt af hendi í öðru aðildarríki má skattleggja þar endurgjaldið fyrir starfið.

2. Þrátt fyrir ákvæði 1. tl. skal endurgjald sem aðila heimilíföstum í aðildarríki hlotnast fyrir starf sem hann innir af höndum í öðru aðildarríki einungis skattlagt í fyrrnefnda ríkinu ef:

- viðtakandinn dvelur í hinu ríkinu í eitt eða fleiri skipti, þó ekki lengur en í 183 daga samtals á tólf mánaða tímabili, og
- endurgjaldið er innt af höndum af eða fyrir hönd vinnuveitanda sem ekki er heimilisfastur í hinu ríkinu og
- endurgjaldið er ekki gjaldfært hjá fastri atvinnustöð eða fastri stofnun sem vinnuveitandinn rekur í hinu ríkinu.

3. Ákvæði 2. tl. gilda þó ekki í þeim tilvikum þegar:

- um er að ræða útleigu á vinnuafli eða
- tekjurnar eru undanþegnar frá skattlagningu í fyrrnefnda ríkinu.

4. Þrátt fyrir framangreind ákvæði þessarar greinar skal skattleggja endurgjald fyrir störf unnin um borð í:

- dönsku, finnsku, íslensku, norsku eða sænsku skipi einungis í því aðildarríki þar sem skipið er skráð; við beitingu þessa ákvæðis er erlent skip sem fyrirtæki í aðildarríki tekur á leigu án áhafnar („bareboat basis“) lagt að jöfnu við danskt, finnskt, íslenskt, norskt eða sænskt skip;
- loftfari á alþjóðaleiðum einungis í því aðildarríki þar sem sá er aflar endurgjaldsins er heimilisfastur;
- fiskveiði-, selveiði- eða hvalveiðiskipi einungis í því aðildarríki þar sem sá er aflar endurgjaldsins er heimilisfastur, einnig þótt endurgjaldið miðist við ákveðinn aflahlut eða ágóðahlut af fisk-, sel- eða hvalveiðum.

16. gr.

STJÓRNARLAUN

Stjórnarlaun og annað svipað endurgjald sem aðila heimilíföstum í aðildarríki hlotnast vegna setu í stjórn eða stjórnarígildi í félagi heimilíföstu í öðru aðildarríki má skattleggja í síðarnefnda ríkinu.

17. gr.

LISTAMENN OG ÍPRÓTTAMENN

1. Þrátt fyrir ákvæði 14. og 15. gr. má skattleggja aðila heimilífastan í aðildarríki af tekjum sem hann aflar í öðru aðildarríki af persónulegum störfum sem listamaður, svo sem leikhús- eða kvikmyndaleikari, listamaður í hljóðvarpi eða sjónvarpi eða tónlistarmaður, eða sem íþróttamaður, í síðarnefnda ríkinu.

2. Þegar tekjur af starfi, sem framkvæmt er af listamanni eða íþróttamanni sem slíkum, renna ekki til listamannsins eða íþróttamannsins sjálfs heldur til annars aðila má, þrátt fyrir ákvæði 7., 14. og 15. gr., skattleggja tekjurnar í því aðildarríki þar sem starfsemi listamannsins eða íþróttamannsins fer fram.

3. Þegar tekjur þær sem um ræðir í 1. og 2. tl. eru undanþegnar frá skattlagningu í því aðildarríki þar sem starfsemin fór fram, skattleggjast tekjurnar einungis í því aðildarríki þar sem listamaðurinn eða íþróttamaðurinn á heimilísfesti.

18. gr.

EFTIRLAUN O.FL.

1. Eftirlaun og lífeyri sem greiddur er frá aðildarríki og greiðslur frá aðildarríki samkvæmt almannatryggingalöggjöf þess til aðila heimilífasts í öðru aðildarríki skal einungis skattleggja í fyrrnefnda ríkinu. Í því tilviki að ekki sé hægt að skattleggja slíkar tekjur í greiðsluríkinu skattleggjast tekjurnar einungis í því ríki sem móttakandinn er heimilisfastur.

2. Þrátt fyrir önnur ákvæði í samningi þessum skal framfærslueyrir, sem maður heimilífastur í aðildarríki greiðir til maka eða fyrrverandi maka eða með barni með heimilísfesti í öðru aðildarríki,

undanþeginn frá skattlagningu í síðarnefnda ríkinu í því tilviki að lífeyririnn hefði verið undanþeginn frá skattlagningu í fyrrnefnda ríkinu, hefði móttakandi hans átt þar heimilisfesti.

3. Hugtakið „lífeyrir“ merkir tiltekna fjárhæð sem greidd er manni með vissu millibili á tilteknum tíma í lifanda lífi, eða um tiltekið tímabil, eða tímabil sem hægt er að ákvarða, og greidd er samkvæmt skuldbindingu um að inna þessar greiðslur af hendi gegn fullnægjandi eða fullu endurgjaldi í peningum eða peningaígildi.

19. gr.

OPINBERT STARF

1. Endurgjald (að undanteknum eftirlaunum) sem greitt er af aðildarríki, opinberum aðila, sveitarstjórn eða opinberri stofnun í því til manns fyrir starf hans í þjónustu þessa ríkis, opinbers aðila sveitarstjórnar eða opinberrar stofnunar þess skal einungis skattleggja í því ríki. Í því tilviki að ekki sé hægt að skattleggja endurgjaldið í þessu ríki, skattleggst endurgjaldið einungis í því ríki þar sem móttakandinn er heimilisfastur.

2. Í því tilviki að endurgjald það sem um er rætt í 1. tl. kemur í hlut móttakanda fyrir starf sem innt er af hendi í öðru aðildarríki en því ríki sem greiðir endurgjaldið, skattleggst endurgjaldið þó einungis í því ríki þar sem starfið var innt af hendi ef móttakandinn er maður með heimilisfesti í því ríki og

- a) er ríkisborgari þess ríkis; eða
- b) tók ekki upp heimilisfesti í því ríki einvörðungu til þess að leysa starfið af hendi; eða
- c) ekki er hægt að skattleggja endurgjaldið í því ríki sem greiddi endurgjaldið.

20. gr.

NÁMSMENN OG NEMAR

Aðili sem dvelur í aðildarríki einungis í þeim tilgangi:

- a) að nema við háskóla eða aðra menntastofnun í aðildarríkinu; eða
 - b) að nema viðskipta-, iðnaðar-, landbúnaðar- eða skógarnýtingarstörf í aðildarríkinu
- og er eða síðast var fyrir dvölinna heimilisfastur í öðru aðildarríki, er ekki skattskyldur í fyrrnefnda ríkinu af fjárhæð sem upprunnin er utan þess ríkis sem hann fær til að standa straum af framfærslu sinni, námi eða þjálfun.

21. gr.

STARFSEMI Í SAMBANDI VIÐ UNDIRBÚNINGSKÖNNUN, RANNSÓKN EÐA HAGNÝTINGU KOLVETNISLINDA

1. Þrátt fyrir önnur ákvæði í samningi þessum, þó að undanteknum ákvæðum 8. gr., gilda ákvæði þessarar greinar þegar aðili með heimilisfesti í aðildarríki stundar starfsemi í öðru aðildarríki í sambandi við undirbúningskönnun, rannsókn eða hagnýtingu kolvetnislinda staðsettra í síðarnefnda ríkinu.

2. a) Aðili með heimilisfesti í aðildarríki, sem stundar undan ströndum annars aðildarríkis starfsemi sem um er rætt í 1. tl., telst stunda starfsemi frá fastri atvinnustöð eða fastri stofnun í síðarnefnda ríkinu.
- b) Ef slíkur aðili stundar starfsemi sína innan rannsóknar- eða vinnslusvæðis sem nær samfellt frá stað undan ströndum síðarnefnda ríkisins og inn á landsvæði þess ríkis og starfsemin er ekki einvörðungu stunduð innan landsvæðisins, hefur staflíður a) samsvarandi gildi.
- c) Starfsemi, sem varðar byggingu eða samsetningu á leiðslum til flutnings á öhreinsuðu kolvetni eða byggingarvinnu í beinu sambandi við slíka starfsemi, telst stunduð frá fastri atvinnustöð í síðarnefnda ríkinu, einnig þegar um er að ræða starfsemi sem framkvæmd er á landi þegar starfsemin er hluti af framkvæmd sem nær samfellt frá stað undan ströndum þessa ríkis og inn á landsvæði þess.

3. Ákvæði 2. tl. eiga ekki við ef starfsemin fer fram á einu eða fleiri tímabilum sem samtals vara ekki lengur en 30 daga innan 12 mánaða tímabils.

4. Við ákvörðun þess tímabils sem um ræðir í 3. tl. skoðast starfsemi, sem rekin er af fyrirtæki sem tengt er öðru fyrirtæki, vera rekin af því fyrirtæki sem það er tengt, svo framarlega sem starfsemin er að verulegu leyti sams konar og sú starfsemi sem síðarnefnda fyrirtækið rekur og starfsemi beggja fyrirtækjanna tengist sömu framkvæmdinni. Fyrirtæki teljast tengd ef annað fyrirtækið tekur beint eða óbeint þátt í stjórn eða yfirráðum hins fyrirtækisins eða á verulegan hluta af fjármagni þess fyrirtækis eða ef sömu aðilar taka beinan eða óbeinan þátt í stjórn eða yfirráðum beggja fyrirtækjanna eða eiga verulegan hluta af fjármagni þessara fyrirtækja.

5. Hagnaður, sem fyrirtæki í aðildarríki hlýtur af flutningum starfsmanna og varnings með skipum eða loftförum til eða innan svæðis sem um er rætt í staflíðum a) og b) í 2. tl., í öðru aðildarríki þar sem atvinnustarfsemi er rekin í sambandi við undirbúningskönnun, rannsókn eða hagnýtingu kolvetnislinda eða af rekstri dráttarbáta, birgðaskipa eða annarra aðstoðarskipa í sambandi við slíka starfsemi, skal einungis skattlagður í því aðildarríki þar sem raunveruleg framkvæmdastjórn fyrirtækisins hefur aðsetur. Þegar þetta ríki getur ekki samkvæmt eigin löggjöf skattlagt hagnaðinn í heild sinni skal einungis skattleggja hann í því ríki þar sem fyrirtækið er heimilisfast.

6. Ákvæði 4. tl. 13. gr. og 3. tl. 23. gr. eiga við um hagnað af sölu þeirra skipa, báta eða loftfara sem um er rætt í 5. tl., svo og um eignir sem fólgna eru í slíkum skipum, bátum eða loftförum.

7. Þrátt fyrir önnur ákvæði í samningnum gildir eftirfarandi þegar um er að ræða skattlagningu launa og annars svipaðs endurgjalds sem aðili heimilisfastur í aðildarríki hlýtur fyrir vinnu sem innt er af hendi í öðru aðildarríki fyrir atvinnurekanda sem rekur slíka starfsemi sem um er rætt í 1. og 2. tl.:

a) Leiði ákvæði staflíða b) — d) ekki til annars má skattleggja slíkt endurgjald í síðarnefnda ríkinu, en þó því aðeins að vinnan sé innt af hendi á einu eða fleiri tímabilum sem samtals vara lengur en í 30 daga innan 12 mánaða tímabils.

b) Slíkt endurgjald skal einungis skattleggja í fyrrnefnda aðildarríkinu ef:

- 1) vinnan tengist hagnýtingu kolvetnislinda sem eru á skiptilínu milli aðildarríkis og annars ríkis;
- 2) samningur er til milli þessara ríkja um sameiginlega hagnýtingu lindanna og
- 3) hagnýting fer fram samtímis báðum megin skiptilínu.

Ákvæði þessa staflíðar koma ekki til framkvæmda fyrr en bær stjórnvöld í aðildarríkjunum hafa gert samkomulag þar um.

c) Ef vinnan er innt af hendi um borð í skipi eða báti, sbr. 5. tl., skal skattleggja slíkt endurgjald samkvæmt ákvæðum staflíðar a) í 4. tl. 15. gr.

d) Ef vinnan er innt af hendi um borð í loftfari, sbr. 5. tl., skal einungis skattleggja slíkt endurgjald í því aðildarríki þar sem raunveruleg framkvæmdastjórn fyrirtækisins hefur aðsetur.

8. Aðili með heimilisfesti í aðildarríki, sem stundar starfsemi undan ströndum annars aðildarríkis, er undanþeginn skattlagningu í síðarnefnda ríkinu af hagnaði sem þessi aðili telst hafa hlotið af tilflutningi hreyfanlegra mannvirkja til borunar eða hótelpalla yfir á svæði utan síðarnefnda ríkisins. Hagnaður samkvæmt þessum tölulíð telst vera sú fjárhæð sem gangverð eignarinnar á þeim tíma sem tilflutningurinn átti sér stað er hærri en eftirstöðvarverð á sama tíma, að viðbættum teknum fyrningum.

9. Hagnaður sem aðili með heimilisfesti í aðildarríki hlýtur af sölu á:

- a) réttindum til undirbúningskönnunar, rannsókna eða hagnýtingar kolvetnislinda í öðru aðildarríki, hér með talin réttindi til hlutdeilda í eða forgangsréttur til slíkra linda; eða
- b) hlutabréfum eða öðrum hlutareignum, hvers verðmæti að öllu eða að verulegu leyti, beint eða óbeint, er tengt slíkum réttindum,

má skattleggjast í síðarnefnda ríkinu.

22. gr.

AÐRAR TEKJUR

1. Tekjur sem aðili heimilisfastur í aðildarríki aflar og ekki er fjallað um hér að framan skal einungis skattleggja í því ríki og skiptir ekki máli hvar þeirra er aflað.

2. Ákvæði 1. tl. eiga ekki við ef sá er teknanna aflar er heimilisfastur í aðildarríki og hefur fasta atvinnustöð eða fasta stofnun í öðru aðildarríki og réttindin eða eignin sem tekjurnar stafa frá eru raunverulega bundin við atvinnurekstur sem rekinn er af hinni föstu atvinnustöð eða við sjálfstæða starfsemi sem stunduð er á hinni föstu stofnun. Í slíkum tilvikum gilda ákvæði 7. gr. eða 14. gr. eftir því sem við á. Ef fasteign, sbr. 2. tl. 6. gr., tilheyrir fastri atvinnustöð eða fastri stofnun skal hins vegar skattleggja tekjur af slíkri eign samkvæmt ákvæðum 1., 3. og 5. tl. 6. gr.

23. gr.

EIGNIR

1. Eign sem fólgir er í fasteign samkvæmt skilgreiningu 2. tl. 6. gr. sem er í eigu aðila heimilisfasts í aðildarríki og sem er í öðru aðildarríki, má skattleggja í síðarnefnda ríkinu.

2. Eign sem fólgir er í hlutabréfaeign eða annarri hlutareign í félagi, sem um er rætt í 4. tl. 6. gr., í eigu aðila heimilisfasts í aðildarríki má skattleggja í því aðildarríki þar sem fasteignin er.

3. Eign sem fólgin er í skipum eða loftförum sem notuð eru á alþjóðaleiðum, svo og lausafé sem tengt er notkun slíkra skipa eða loftfara, skal einungis skattleggja í því aðildarríki þar sem raunveruleg framkvæmdastjórn fyrirtækisins hefur aðsetur. Þegar þetta ríki getur ekki samkvæmt eigin löggjöf skattlagt eignina í heild sinni skal einungis skattleggja hana í því ríki þar sem fyrirtækið er heimilisfast.

4. Allar aðrar eignir aðila heimilisfasts í aðildarríki skal einungis skattleggja í því ríki og skiptir ekki máli hvar þær eru staðsettar.

5. Þrátt fyrir ákvæði 4. tl. má skattleggja eign í lausafé sem er hluti atvinnurekstrareignar fastrar atvinnustöðvar sem fyrirtæki í aðildarríki hefur í öðru aðildarríki, eða lausafjáreign sem tengd er fastrí stofnun til að stunda sjálfstæða starfsemi, sem aðili heimilisfastur í aðildarríki hefur í öðru aðildarríki, í síðarnefnda ríkinu.

24. gr.

DÁNARBÚ

Tekjur eða eignir sem skattlagðar eru hjá dánarbúi heimilisföstu í aðildarríki má ekki skattleggja hjá aðila sem á rétt til hlutdeildar í búinu og er heimilisfastur í öðru aðildarríki.

25. gr.

AÐFERÐ TIL AÐ KOMAST HJÁ TVÍSKÖTTUN

1. DANMÖRK:

a) Hafi aðili heimilisfastur í Danmörku tekjur eða eigi hann eign sem skattleggja má samkvæmt ákvæðum þessa samnings í öðru aðildarríki skal Danmörk, nema ákvæði 2. mgr. 8. tl. 10. gr. eða eftirfarandi staflíða b) eða c) leiði til annars,

1) veita sem frádrátt frá dönskum tekjuskatti þessa aðila fjárhæð sem svarar til þess tekjuskatts sem greiddur hefur verið í síðarnefnda ríkinu;

2) veita sem frádrátt frá dönskum eignarskatti þessa aðila fjárhæð sem svarar til þess eignarskatts sem greiddur hefur verið í síðarnefnda ríkinu.

Frádráttur þessi má þó í engu tilviki vera hærri en sá hluti danska tekjuskattsins eða eignarskattsins, reiknaðs án slíks frádráttar, sem er af þeim tekjum eða þeirri eign sem skattleggja má í síðarnefnda ríkinu.

b) Hafi aðili heimilisfastur í Danmörku tekjur eða eigi hann eign sem einungis skal skattleggja samkvæmt ákvæðum þessa samnings í öðru aðildarríki, má Danmörk telja tekjurnar eða eignina með í skattstofni, en frá dönskum skatti af tekjum eða eign skal þá draga þann hluta af tekjuskattinum eða eignarskattinum, eftir því sem við á, sem er af þeim tekjum sem stafa frá síðarnefnda ríkinu eða af eign sem er í eigu hans þar.

c) Hafi aðili heimilisfastur í Danmörku tekjur sem um er rætt í 15. gr. eða 7. tl. 21. gr., má Danmörk telja tekjurnar með í skattstofni, en frá dönskum skatti af tekjum skal þá draga þann hluta af tekjuskattinum sem er af þeim tekjum sem stafa frá síðarnefnda ríkinu.

2. FINNLAND:

a) Hafi aðili heimilisfastur í Finnlandi tekjur eða eigi hann eign sem skattleggja má samkvæmt ákvæðum þessa samnings í öðru aðildarríki skal Finnland, nema ákvæði 1. mgr. 8. tl. 10. gr. eða eftirfarandi staflíða b) eða c) leiði til annars,

1) veita sem frádrátt frá finnskum tekjuskatti þessa aðila fjárhæð sem svarar til þess tekjuskatts sem greiddur hefur verið í síðarnefnda ríkinu;

2) veita sem frádrátt frá finnskum eignarskatti þess aðila fjárhæð sem svarar til þess eignarskatts sem greiddur hefur verið í síðarnefnda ríkinu.

Frádráttur þessi má þó í engu tilviki vera hærri en sá hluti finnska tekjuskattsins eða eignarskattsins, reiknaðs án slíks frádráttar, sem er af þeim tekjum eða þeirri eign sem skattleggja má í síðarnefnda ríkinu.

b) Hafi aðili heimilisfastur í Finnlandi tekjur í öðru aðildarríki af launuðu starfi, sem um er rætt í 15. gr. eða 7. tl. 21. gr., sem samkvæmt ákvæðum þessara greina samningsins má skattleggja í síðarnefnda aðildarríkinu, skulu slíkar tekjur undanþegnar skattlagningu í Finnlandi.

c) Hafi aðili heimilisfastur í Finnlandi tekjur eða eigi hann eign sem einungis skal skattleggja samkvæmt ákvæðum þessa samnings í öðru aðildarríki, eða hefur tekjur sem samkvæmt framangreindum staflíð b) eru undanþegnar frá finnskum skatti, má Finnland telja tekjurnar

eða eignina með í skattstofni, en frá finnskum skatti af tekjum eða eign skal þá draga þann hluta af tekjuskattinum eða eignarskattinum, eftir því sem við á, sem er af þeim tekjum sem stafa frá síðarnefnda ríkinu eða af eign sem er í eigu hans þar.

3. ÍSLAND:

- a) Hafi aðili heimilisfastur á Íslandi tekjur eða eigi hann eign sem skattleggja má samkvæmt ákvæðum þessa samnings í öðru aðildarríki skal Ísland undanþiggja slíkar tekjur eða eign skattlagningu, nema ákvæði eftirfarandi stafliða b) eða c) leiði til annars.
- b) Hafi aðili heimilisfastur á Íslandi tekjur sem skattleggja má í öðru aðildarríki samkvæmt 10. gr., 6. tl. 13. gr., 16. gr. eða 1.—6. og 8.—9. tl. 21. gr. skal Ísland draga frá íslenskum tekjuskatti þessa aðila fjárhæð sem svarar til þess tekjuskatts sem greiddur hefur verið í síðarnefnda ríkinu, nema ákvæði 1. mgr. 8. tl. 10. gr. leiði til annars. Frádráttur þessi má þó ekki vera hærri en sá hluti íslenska skattsins, reiknaðs án slíks frádráttar, sem er af þeim tekjum sem skattleggja má í síðarnefnda ríkinu.
- c) Ef tekjur sem aðili heimilisfastur á Íslandi hefur eða eignir sem hann á eru undanþegnar skattlagningu þar samkvæmt ákvæðum samningsins er Íslandi samt heimilt við ákvörðun skatta þessa aðila af öðrum tekjum eða eignum að taka tillit til þeirra tekna eða eigna sem undanþegnar eru skatti.

4. NOREGUR:

- a) Hafi aðili heimilisfastur í Noregi tekjur eða eigi hann eign sem skattleggja má samkvæmt ákvæðum þessa samnings í öðru aðildarríki skal Noregur undanþiggja slíkar tekjur eða eign skattlagningu, nema ákvæði eftirfarandi stafliða b) eða c) leiði til annars.
- b) Hafi aðili heimilisfastur í Noregi tekjur sem skattleggja má í öðru aðildarríki samkvæmt 10. gr., 6. tl. 13. gr., 16. gr. eða 1.—6. og 8.—9. tl. 21. gr. skal Noregur draga frá norskum tekjuskatti þessa aðila fjárhæð sem svarar til þess tekjuskatts sem greiddur hefur verið í síðarnefnda ríkinu, nema ákvæði 1. mgr. 8. tl. 10. gr. leiði til annars. Frádráttur þessi má þó ekki vera hærri en sá hluti norska skattsins, reiknaðs án slíks frádráttar, sem er af þeim tekjum sem skattleggja má í síðarnefnda ríkinu.
- c) Ef tekjur sem aðili heimilisfastur í Noregi hefur eða eignir sem hann á eru undanþegnar skattlagningu þar samkvæmt ákvæðum samningsins er Noregi samt heimilt við ákvörðun skatta þessa aðila af öðrum tekjum eða eignum að taka tillit til þeirra tekna eða eigna sem undanþegnar eru skatti.

5. SVÍPJÓÐ:

- a) Hafi aðili heimilisfastur í Svíþjóð tekjur eða eigi hann eign sem skattleggja má samkvæmt ákvæðum þessa samnings í öðru aðildarríki skal Svíþjóð, nema ákvæði 1. mgr. 8. tl. 10. gr. eða eftirfarandi stafliða b), c) eða d) leiði til annars,
 - 1) með hliðsjón af ákvæðum í sænskri löggjöf (jafnvel með síðari orðalagsbreytingum, að því tilskildu að hinni almennu meginreglu sem um er að ræða hafi ekki verið breytt) veita sem frádrátt frá skatti af tekjum fjárhæð sem svarar til þess tekjuskatts sem greiddur hefur verið í síðarnefnda ríkinu;
 - 2) veita sem frádrátt frá sænskum eignarskatti þessa aðila fjárhæð sem svarar til þess eignarskatts sem greiddur hefur verið í síðarnefnda ríkinu. Frádráttur þessi má þó í engu tilviki vera hærri en sá hluti sænska eignarskattsins, reiknaðs án slíks frádráttar, sem er af þeirri eign sem skattleggja má í síðarnefnda ríkinu.
- b) Við beitingu framangreinds stafliðar a) skal, þegar sænsku fyrirtæki með fasta atvinnustöð í Finnlandi hefur verið veitt ívilnun við álagningu finnsks tekjuskatts eða eignarskatts með sérstökum lögum, draga frá sænskum skatti af tekjum eða eignum fyrirtækisins tekjuskatt og eignarskatt, eftir því sem við á, sem hefðu verið lagðir á í Finnlandi ef slík skattaívilnun hefði ekki verið veitt.
- c) Ef aðili heimilisfastur í Svíþjóð aflar í öðru aðildarríki hagnaðar af atvinnurekstri sem um er rætt í 7. gr., tekna af sjálfstæðri starfsemi sem um er rætt í 14. gr., tekna af launuðu starfi sem um er rætt í 15. gr. eða 7. tl. 21. gr. eða hagnaðar sem um er rætt í 3. tl. 13. gr. og skattleggja má

tekjurnar eða hagnaðinn samkvæmt ákvæðum þessara greina í síðarnefnda aðildarríkinu, skulu, þrátt fyrir ákvæðin í framangreindum staflíð a), slíkar tekjur eða hagnaður undanþegin sænskum skatti. Að því er tekur til 7. gr., 13. gr. og 14. gr. gildir þetta ákvæði þó einungis ef meirihlutinn af tekjunum eða hagnaðinum á uppruna sinn í síðarnefnda aðildarríkinu af atvinnu-, viðskipta- eða iðnaðarstarfsemi sem þar er rekin, enda feli starfsemin ekki í sér stjórnun verðbréfa og annarra slíkra lausafjäreigna.

- d) Hafi aðili heimilisfastur í Svíþjóð tekjur eða hagnað eða eigi hann eign sem einungis skal skattleggja samkvæmt ákvæðum samnings þessa í öðru aðildarríki eða hefur tekjur eða hagnað sem samkvæmt framangreindum staflíð c) skulu undanþegnar sænskum skatti, getur Svíþjóð, við ákvörðun skattþrepa fyrir sænskan stighækkandi skatt af öðrum tekjum, hagnaði eða eignum, tekið tillit til þeirra tekna, hagnaðar eða eignar sem skattleggjast einungis í síðarnefnda aðildarríkinu eða slíkra tekna og hagnaðar sem eru undanþegin frá sænskum skatti.

6. SAMEIGINLEG ÁKVÆÐI:

Hugtakið „greiddur hefur verið í síðarnefnda ríkinu“ í liðum 1 a) 1), 2 a) 1), 3 b), 4 b) og 5 a) 1), eftir því sem við á, telst einnig fela í sér slíkan skatt á tekjur sem greiddar eru í Danmörku, Finnlandi, Íslandi, Noregi og Svíþjóð, eftir því sem við á, og sem skal yfirferast til nefndra annarra ríkja til þess að færa þar til góða hlutaðeigandi aðila sem skatt af sömu tekjum.

26. gr.

TAKMÖRKUN Á RÉTTI TIL SKATTLAGNINGAR

Tekjur sem aðili heimilisfastur í aðildarríki hefur eða eign sem hann á má ekki skattleggja í öðru aðildarríki nema skattlagning sé skýlaust heimil samkvæmt samningi þessum.

27. gr.

JAFNRÉTTI

1. Ríkisborgari aðildarríkis skal ekki sæta annarri eða þyngri skattlagningu eða kröfum í því sambandi í öðru aðildarríki en ríkisborgarar þess ríkis sæta eða gætu sætt við sömu aðstæður. Þrátt fyrir ákvæði 1. gr. gildir þetta ákvæði einnig um aðila sem ekki er heimilisfastur í einu aðildarríki eða fleirum.

2. Skattlagning fastrar atvinnustöðvar eða fastrar stofnunar, sem fyrirtæki eða aðili heimilisfastur í aðildarríki rekur í öðru aðildarríki, skal ekki vera óhagstæðari í síðarnefnda ríkinu en skattlagning fyrirtækis eða aðila heimilisfasts í síðarnefnda ríkinu sem hefur sams konar starfsemi með höndum.

Þetta ákvæði skal þó ekki skýra þannig að það skyldi aðildarríki til að veita aðila heimilisföstum í öðru aðildarríki nokkurn þann persónufrádrátt, ívilnun eða lækkun skatta vegna hjúskaparstöðu eða fjölskylduframfærsluskyldu sem það veitir aðila sem er heimilisfastur í fyrrnefnda ríkinu. Í ákvæðinu felst heldur ekki réttur til þess í aðildarríki að fá frádrátt við skattlagningu eða að vera undanþeginn skattlagningu af ágóðahlut eða annarri útborgun til félags heimilisfasts í öðru aðildarríki.

Ákvæði 1. mgr. hamlar heldur ekki aðildarríki að skattleggja samkvæmt eigin löggjöf tekjur sem föst atvinnustöð hefur ef fasta atvinnustöðin tilheyrir hlutafélagi eða hliðstæðu félagi í öðru aðildarríki. Skattlagningin skal þó samsvara gildandi skattlagningu á heimilisföst hlutafélög eða hliðstæð félög í fyrrnefnda aðildarríkinu af tekjum þeirra, reiknuðum án frádráttar úthlutaðs hagnaðar.

3. Eigi ákvæði 1. tl. 9. gr., 4. tl. 11. gr. eða 4. tl. 12. gr. ekki við skulu vextir, þóknun og aðrar greiðslur frá fyrirtæki í aðildarríki til aðila heimilisfasts í öðru aðildarríki vera frádráttarbærar við ákvörðun skattskyldra tekna slíks fyrirtækis eftir sömu reglum og greiðslu til aðila heimilisfasts í fyrrnefnda ríkinu. Á sama hátt er skuld fyrirtækis í aðildarríki við aðila heimilisfastan í öðru aðildarríki frádráttarbær við ákvörðun skattskyldrar eignar fyrirtækisins eftir sömu reglum og skuld við aðila heimilisfastan í fyrrnefnda ríkinu.

4. Þótt fjármagn fyrirtækis í aðildarríki sé að öllu eða nokkru leyti, beint eða óbeint, í eigu eða stjórnad af einum eða fleiri aðilum heimilisföstum í einu eða fleiri öðrum aðildarríkjum, skal það ekki sæta annarri eða þyngri skattlagningu eða kröfum í því sambandi í fyrrnefnda aðildarríkinu en annað svipað fyrirtæki sætir eða gæti sætt í því ríki.

5. Ákvæði þessarar greinar skal ekki skýra þannig að Noregi beri skylda til að veita ríkisborgara annars aðildarríkis, sem ekki er fæddur í Noregi af norsku foreldri, þær sérstöku skattaívilnanir

samkvæmt 22. gr. norsku skattalaganna frá 18. ágúst 1911, sem veittar eru norskum ríkisborgara og aðila, fæddum í Noregi af norsku foreldri (menn með norskan „fæðingarrétt“).

6. Þrátt fyrir ákvæði 2. gr. gilda ákvæði þessarar greinar um hvers konar skatta, hverju nafni sem þeir nefnast.

28. gr.

FRAMKVÆMD GAGNKVÆMS SAMKOMULAGS

1. Þegar aðili telur að eitt eða fleiri aðildarríkjanna geri ráðstafanir sem leiði til eða muni leiða til skattlagningar að því er hann varðar sem ekki er í samræmi við ákvæði samnings þessa, getur hann, án þess að það raski rétti hans til að færa sér í nyt réttarvernd sem löggjöf þessara ríkja kveður á um, lagt málið fyrir bært stjórnvald í því aðildarríki þar sem hann er heimilisfastur eða, svo framarlega sem málið fellur innan ákvæða 1. tl. 27. gr., í því aðildarríki þar sem hann er ríkisborgari.

2. Ef bært stjórnvald telur að mótmælin séu á rökum reist en getur þó ekki sjálft leyst málið á viðnandi hátt skal það leitast við að leysa málið með gagnkvæmu samkomulagi við bært stjórnvald í öðru aðildarríki sem málið varðar, í því skyni að komist verði hjá skattlagningu sem ekki er í samræmi við samninginn. Hafi mótmæli verið borin fram við bært stjórnvald í ríki sem ekki er sjálft málsaðili skal það bæra stjórnvald framsenda málið til bærstjórnvalds í einhverju þeirra ríkja sem málið varðar.

3. Í því tilviki að upp rísi erfiðleikar eða vandamál milli aðildarríkja varðandi túlkun eða beitingu ákvæða samningsins skulu bær stjórnvöld í þeim ríkjum ráðgast sín í milli til þess að reyna að leysa málið með sérstöku samkomulagi. Bær stjórnvöld í aðildarríkjunum geta einnig ráðgast sín í milli til að komast hjá tvísköttun í tilvikum sem samningurinn nær ekki til eða til að leysa með sérstöku samkomulagi atriði sem ekki eru fastar reglur um í samningnum en geta komið upp í sambandi við skatta samkvæmt 2. gr. vegna mismunandi grundvallarreglna hlutaðeigandi ríkja við útreikning skatta eða af öðrum ástæðum.

Áður en ákvörðun er tekin í máli sem fellur undir 1. mgr. skal tilkynna bærum stjórnvöldum í öðrum aðildarríkjum sem fyrst niðurstöður málsumleitana sem þar um ræðir. Telji bært stjórnvald í aðildarríki að samningaumleitani skulu fara fram milli bærra stjórnvalda í öllum aðildarríkjunum skulu slíkar umleitani fara fram án tafar að beiðni bærstjórnvalds í því aðildarríki.

29. gr.

SENDIERINDREKAR OG RÆÐISERINDREKAR

Ákvæði samnings þessa skulu ekki hafa áhrif á skattaívilnanir sem sendierindrekar eða ræðiserindrekar njóta samkvæmt almennum þjóðréttarreglum eða ákvæðum sérstakra samninga.

30. gr.

LANDFRÆÐILEG RÝMKUN

1. Rýmka má gildissvið samnings þessa, annaðhvort í heild eða með nauðsynlegum breytingum, þannig að hann nái til svæða sem undanþegin eru gildissviði samningsins samkvæmt ákvæðum staflíðar a) í 1. tl. 3. gr. á þeim grundvelli að þar séu lagðir á skattar sem eru sams konar eða í meginatriðum svipaðir þeim sköttum sem samningurinn tekur til. Allar slíkar rýmkanir skulu gilda frá þeim degi og með þeim breytingum og skilyrðum, að meðtöldum uppsagnarákvæðum, sem sérstaklega yrði samið um milli aðildarríkjanna með erindaskiptum eftir diplómátskum leiðum.

2. Verði samningurinn felldur úr gildi samkvæmt 32. gr. skal hann einnig falla úr gildi varðandi hvert það svæði sem hann hefur verið látinn ná til vegna rýmkunar samkvæmt þessari grein nema aðildarríki hafi komið sér saman um annað.

31. gr.

GILDISTAKA

1. Samningur þessi öðlast gildi á þrítugasta degi eftir þann dag er öll aðildarríkin hafa tilkynnt finnska utanríkisráðuneytinu að samningurinn hafi verið staðfestur. Finnska utanríkisráðuneytið tilkynnir öðrum aðildarríkjum um móttöku þessara tilkynninga og um þann dag sem samningurinn tekur gildi.

2. Eftir að samningurinn hefur öðlast gildi, skal ákvæðum hans beitt:

- a) að því er tekur til staðgreiðslu- eða afdráttarskatta, á tekjur sem aflað er þann 1. janúar á því almanaksári sem fylgir næst á eftir því almanaksári sem samningurinn tók gildi eða síðar;
- b) að því er tekur til annarra skatta á tekjur, varðandi skatta sem ákveðnir eru fyrir tekjuár sem hefst þann 1. janúar á því almanaksári sem fylgir næst á eftir því almanaksári sem samningurinn tók gildi eða síðar;
- c) að því er tekur til skatta á eignir, á eignir sem mynda eignarskattsstofn til álagningar á öðru almanaksári á eftir því almanaksári sem samningurinn tók gildi eða síðar.

3. Samningnum frá 22. mars 1983 milli Íslands, Danmerkur, Finnlands, Noregs og Svíþjóðar til að komast hjá tvísköttun að því er varðar skatta á tekjur og eignir, skal ekki beitt að því er tekur til þeirra tekna eða eigna þar sem núverandi samningi skal beitt samkvæmt 2. tl. Fyrirnefndi samningurinn fellur úr gildi við síðustu tímamörk þegar hægt er að beita ákvæðum hans samkvæmt þessum tölulíð.

4. Þrátt fyrir ákvæðin í 2. og 3. tl. taka ákvæðin í 2.—5. tl. í VII. kafla og í 2.—5. tl. í VIII. kafla í bókun, sem tengd er núverandi samningi, gildi að því er varðar tekjur sem aflað er frá og með 1. janúar 1990. Samningurinn frá 15. apríl 1986 milli ríkisstjórnar Konungsríkisins Danmerkur og ríkisstjórnar Konungsríkisins Svíþjóðar um skattlagningu svonefndra landamærafara fellur þar með úr gildi og skal ekki beita að því er varðar tekjur sem aflað er eftir lok ársins 1989.

32. gr. UPPSÖGN

Samningsríki getur í síðasta lagi 30. júní á sérhverju almanaksári, sem hefst eftir að liðin eru fimm ár frá gildistökudegi samningsins, sagt samningnum upp með skriflegri tilkynningu þess efnis til finnska utanríkisráðuneytisins, sem tilkynnir hinum samningsríkjum um móttöku slíkrar tilkynningar og um efni hennar. Hafi ákvæðanna um uppsagnartíma verið gætt fellur samningurinn úr gildi í samskiptum milli þess ríkis sem sagt hefur honum upp og annarra aðildarríkja:

- a) að því er tekur til staðgreiðslu- eða afdráttarskatta, á tekjur sem aflað er þann 1. janúar á því almanaksári sem fylgir næst á eftir því almanaksári sem finnska utanríkisráðuneytið móttók tilkynninguna um uppsögnina eða síðar;
- b) að því er tekur til annarra skatta á tekjur, varðandi skatta sem ákveðnir eru fyrir tekjuár sem hefst þann 1. janúar á því almanaksári sem fylgir næst á eftir því almanaksári sem finnska utanríkisráðuneytið móttók tilkynninguna um uppsögnina eða síðar;
- c) að því er tekur til skatta á eignir, á eignir sem mynda eignarskattsstofn til álagningar á öðru almanaksári sem fylgir næst á eftir því almanaksári sem finnska utanríkisráðuneytið móttók tilkynninguna um uppsögnina eða síðar.

Frumrit samnings þessa skal varðveitt í finnska utanríkisráðuneytinu sem sendir hinum aðildarríkjum staðfest afrit af því.

Þessu til staðfestu hafa fulltrúar, sem til þess höfðu fullt umboð, undirritað samning þennan.

Gjört í Helsinki hinn 18. febrúar 1987 í einu eintaki á dönsku, finnsku, íslensku, norsku og sænsku og eru sænsku textarnir tveir, annar fyrir Finnland og hinn fyrir Svíþjóð, og skulu allir textar jafngildir.

BÓKUN

Við undirritun samnings þess sem í dag hefur verið gerður milli ríkisstjórna Danmerkur, Finnlands, Íslands, Noregs og Svíþjóðar til að komast hjá tvísköttun að því er varðar skatta á tekjur og eignir hafa undirritaðir orðið ásáttir um eftirfarandi ákvæði sem eru óskiptur hluti af samningnum:

I. VIÐ 5. gr.

Þegar fyrirtæki í aðildarríki hefur með höndum samtímis í öðru aðildarríki margar byggingar-, mannvirkja-, samsetningar- eða uppsetningarframkvæmdir eða aðra starfsemi sem um er rætt í 3. tl. 5. gr. og tímabil hverrar einstakrar framkvæmdar eða hverrar einstakrar starfsemi fer ekki yfir tólf mánuði, en það er í reynd augljóst að framkvæmdirnar eða starfsemin eru tengdar í landfræðilegu tilliti eða að því er snertir undirbúning eða hönnun, þá geta bær stjórnvöld í þessum ríkjum ákvarðað með

samkomulagi hvort slíkar framkvæmdir eða starfsemi samanlagt teljist föst atvinnustöð í síðarnefnda aðildarríkinu.

Hið sama á við ef fyrirtæki í aðildarríki hefur með höndum í síðarnefnda ríkinu margar byggingar-, mannvirkja-, samsetningar- eða uppsetningarframkvæmdir eða aðra starfsemi sem um er rætt í 3. tl. 5. gr., sem fylgja í kjölfar hverra annarra, og tíminn frá byrjun fyrstu framkvæmdarinnar eða fyrstu starfseminnar til loka síðustu framkvæmdarinnar eða síðustu starfseminnar fer yfir tólf mánuði og einnig svo framarlega sem framkvæmdin eða starfsemin samanlagt fer yfir tólf mánuði og það er í reynd augljóst að framkvæmdirnar eða starfsemin eru tengdar í landfræðilegu tilliti eða að því er snertir undirbúning eða hönnun.

II. VIÐ 7. og 15. gr.

1. Þrátt fyrir ákvæði 7. gr. skal einungis skattleggja hagnað sem fyrirtæki í Noregi eða Svíþjóð aflar með starfsemi sem stunduð er í Svíþjóð eða Noregi, eftir því sem við á, í því ríki þar sem fyrirtækið er heimilisfast, ef starfsemin felst í uppsetningu og viðhaldi á hreindýragirðingum á svæðum meðfram landamærum Noregs og Svíþjóðar og svæðanna er getið í samkomulagi skv. 4. tl.

2. Þrátt fyrir ákvæði 15. gr. skal einungis skattleggja tekjur sem aðili heimilisfastur í Noregi eða Svíþjóð aflar með persónulegu starfi sínu í Svíþjóð eða Noregi, eftir því sem við á, í því ríki þar sem þessi aðili er heimilisfastur ef vinnan felst í uppsetningu og viðhaldi á hreindýragirðingum á svæðum meðfram landamærum Noregs og Svíþjóðar og svæðanna er getið í samkomulagi skv. 4. tl.

3. Ákvæði 1. og 2. tl. varðandi fyrirtæki eða aðila, eftir því sem við á, sem heimilisfastir eru í Noregi eða Svíþjóð skulu einnig gilda um fyrirtæki eða aðila, eftir því sem við á, sem heimilisfastir eru í Finnlandi eða Noregi.

4. Bær stjórnvöld í hlutaðeigandi aðildarríkjum skulu ákveða með gagnkvæmu samkomulagi til hvaða svæða meðfram viðkomandi landamærum ákvæði 1.—3. tl. taka.

III. VIÐ 7., 10.—15., 19. og 23. gr.

1. Þrátt fyrir ákvæði 7. gr., 2. tl. 10. gr., 2. tl. 11. gr. og 2. tl. 12. gr. skal einungis skattleggja tekjur sem fyrirtæki í Danmörku eða Svíþjóð aflar í sambandi við byggingu á og rekstur fasts tengiliðar yfir Eyrarsund í því ríki þar sem fyrirtækið er heimilisfast.

2. Þrátt fyrir ákvæði 3. tl. 13. gr. skal einungis skattleggja hagnað sem fyrirtæki í eða aðili heimilisfastur í Danmörku eða Svíþjóð hlýtur vegna sölu þar greindrar eignar sem notuð er við byggingu á eða við rekstur fasts tengiliðar yfir Eyrarsund í því ríki þar sem fyrirtækið eða aðilinn er heimilisfastur.

3. Þrátt fyrir ákvæði 1. tl. 14. gr., 1. tl. 15. gr. og 19. gr. skal einungis skattleggja tekjur sem aðili heimilisfastur í Danmörku eða Svíþjóð aflar í sambandi við byggingu á eða við rekstur fasts tengiliðar yfir Eyrarsund í því ríki þar sem aðilinn er heimilisfastur.

4. Þrátt fyrir ákvæði 5. tl. 23. gr. skal einungis skattleggja þar greindar eignir sem fyrirtæki í eða aðili heimilisfastur í Danmörku eða Svíþjóð á og notaður eru við byggingu á eða við rekstur fasts tengiliðar yfir Eyrarsund í því ríki þar sem fyrirtækið eða aðilinn er heimilisfastur.

IV. VIÐ 7., 8., 13., 15. og 23. gr.

1. Ákvæðum 7. gr., 1. tl. 8. gr., 4. tl. 13. gr. og 3. tl. 23. gr. skal beita í Danmörku, Noregi og Svíþjóð í sambandi við tekjur, sem fyrirtækjasamsteypan Scandinavian Airlines System (SAS) ber úr bótum af viðskiptalegum rekstri loftfara á alþjóða- eða innanríkisflugleiðum og annarri tengdri starfsemi, af söluhagnaði sem fyrirtækjasamsteypan ber úr bótum við sölu lausafjár sem notað er í slíkum rekstri loftfara og slíkri annarri tengdri starfsemi og af eignum fyrirtækjasamsteypannar sem notaðar eru í slíkum rekstri loftfara og slíkri annarri tengdri starfsemi, í hlutfalli við þann hlut í fyrirtækjasamsteypunni sem er í eigu hlutareigenda sem búsettir eru í Danmörku, Noregi eða Svíþjóð.

2. Ákvæðum 1. tl. skal einnig beita, samkvæmt samkomulagi milli bærra stjórnvalda Danmerkur, Noregs og Svíþjóðar, í sambandi við aðra fyrirtækjasamsteypu eða önnur svipuð samtök til rekstrar loftfara eða annarrar tengdrar starfsemi, þegar eignarhlutdeild, beint eða óbeint, er einungis í eigu hlutareigenda í SAS og samtökin eru í meginatriðum uppbyggð samkvæmt þeirri meginreglu sem gildir um SAS.

3. Ákvæði stafliðar b) í 4. tl. 15. gr. eiga einnig við um tekjur af vinnu sem unnin er um borð í loftförum sem fyrirtækjasamsteypan Scandinavian Airlines System (SAS) notar í innanlandsflugi.

V. VIÐ 8., 13. og 23. gr.

Hlutdeild í hagnaði af starfsemi sem um er rætt í 1. tl. 8. gr., hlutdeild í hagnaði vegna sölu eigna sem um er rætt í 4. tl. 13. gr. svo og hlutdeild í eign sem um ræðir í 3. tl. 23. gr., sem aðili heimilisfastur í aðildarríki aflar eða á vegna sameignar í fyrirtæki skal einungis skattleggja í því ríki ef:

- a) sameigendurnir eru heimilisfastir hver í sínu aðildarríki og
- b) fyrirtækið er rekið af félagi eða öðrum samtökum með gagnkvæmri ábyrgð sameigenda, þar sem að minnsta kosti einn þeirra ber auk þess ótakmarkaða ábyrgð, svo og
- c) ekki er augljóst að raunveruleg framkvæmdastjórn fyrirtækisins hafi aðsetur einungis í einu aðildarríki.

Bær stjórnvöld í aðildarríkjunum geta gert samkomulag um beitingu skattlagningarreglna samkvæmt 1. mgr. jafnvel þótt þar greindar forsendur séu ekki fyrir hendi.

VI. VIÐ 12. gr.

Þegar ákvæði sem heimilar Finnlandi að skattleggja svonefnda framleiðsluþóknun („industriell royalty“), sem greidd er frá Finnlandi, hefur verið tekið upp í samninga til að komast hjá tvísköttun við skattlagningu á tekjur og eignir, sem Finnland hefur gert við meirihluta iðnvæðra þátttökuríkja Efnahags- og framfarastofnunarinnar (OECD), skulu samningaumleitarnir hafnar sem fyrst milli aðildarríkjanna í því skyni að koma á samsvarandi rétti fyrir aðildarríki, sem þóknun kemur frá, gagnvart öðrum aðildarríkjum.

VII. VIÐ 15. gr.

1. Þrátt fyrir ákvæði 1. og 2. tl. 15. gr. skal einungis skattleggja tekjur sem aðili heimilisfastur í sveitarfélagi í Finnlandi, Noregi eða Svíþjóð, sem liggur að landamærum Finnlands og Svíþjóðar eða Finnlands og Noregs, eftir því sem við á, aflar með persónulegu starfi sem innt er af hendi í slíku sveitarfélagi í öðru þessara ríkja, í því ríki þar sem aðilinn sem í hlut á er heimilisfastur, enda dvelji þessi aðili að staðaldri í því ríki þar sem hann á fast heimili.

2. Þrátt fyrir ákvæði 1. og 2. tl. 15. gr. skal einungis skattleggja í Svíþjóð tekjur sem aðili heimilisfastur í Svíþjóð aflar með varanlegu persónulegu starfi sem innt er af hendi í Danmörku, enda dvelji þessi aðili að staðaldri á sínu fasta heimili í Svíþjóð.

3. Þrátt fyrir ákvæði 1. og 2. tl. 15. gr. skal einungis skattleggja í Danmörku tekjur sem aðili heimilisfastur í Danmörku aflar með varanlegu persónulegu starfi sem innt er af hendi í Svíþjóð, enda dvelji þessi aðili að staðaldri á sínu fasta heimili í Danmörku.

4. Ákvæði 2. og 3. tl. gilda einungis ef starfið er innt af hendi yfir samfellt tímabil sem varir a.m.k. sex mánuði.

5. Með orðunum „varanlegt persónulegt starf“ er átt við ráðningarskilmála sem gerðir eru í þeim tilgangi að um sé að ræða aðalstarf hins skattskylda aðila.

6. Með orðunum „dvelji að staðaldri“ er átt við að skattskyldi aðilinn dvelji að jafnaði eigi sjaldnar en einu sinni í viku á sínu fasta heimili í aðildarríkinu þar sem hann er heimilisfastur.

7. Í því tilviki sem um er rætt í staflíð a) 3. tl. 15. gr. telst launþegi með heimilisfesti í aðildarríki leigður út þegar honum af einhverjum (útleigjanda) er ráðstafað til að framkvæma vinnu í starfsemi einhvers annars (notanda/vinnuveitanda/stjórnanda/verksala) í öðru aðildarríki, svo framarlega sem notandinn (vinnuveitandinn/stjórnandinn/ verksalinn) er með heimilisfesti eða hefur fasta atvinnustöð í síðarnefnda ríkinu og að útleigjandinn er ekki ábyrgur fyrir og ber ekki áhættu af árangri vinnunnar.

Við úrskurðun á því spursmáli hvort launþegi telst leigður út skal gert heildarmat þar sem sérstaklega skal tekið tillit til þess að hve miklu leyti:

- a) verkstjórnin í heild hvílir á notandanum (vinnuveitandanum/stjórnandanum/verktakanum);
- b) vinnan er framkvæmd á vinnustað sem notandinn (vinnuveitandinn/stjórnandinn/verktakinn) hefur til umráða og ber ábyrgð á;
- c) greiðslan til útleigjandans reiknast út samkvæmt þeim tíma sem nýttur er eða með tilliti til annars samhengis milli greiðslunnar og þeirra launa sem launþeginn fær;
- d) meginhluti vinnutækja (áhalda) og efnis er til ráðstöfunar af hálfu notandans (vinnuveitandans/stjórnandans/verktakans); og
- e) útleigjandinn ákvarðar ekki einhliða fjölda launþega og hæfni þeirra.

VIII. VIÐ 15. og 19. gr.

1. Þrátt fyrir ákvæði 1. og 2. tl. 15. gr. og 1. tl. 19. gr. skal einungis skattleggja tekjur sem aðili heimilisfastur í sveitarfélagi í Noregi eða Svíþjóð, sem liggur að landamærum þessara ríkja, aflar með persónulegu starfi sem innt er af hendi í slíku sveitarfélagi í hinu aðildarríkinu, í því ríki þar sem aðilinn sem í hlut á er heimilisfastur, enda dvelji þessi aðili að staðaldri í því ríki þar sem hann á fast heimili.

2. Þrátt fyrir ákvæði 1. og 2. tl. 15. gr. og 1. tl. 19. gr. skal einungis skattleggja í Svíþjóð tekjur sem aðili heimilisfastur í Svíþjóð aflar með varanlegu persónulegu starfi sem innt er af hendi í Danmörku, enda dvelji þessi aðili að staðaldri á sínu fasta heimili í Svíþjóð.

3. Þrátt fyrir ákvæði 1. og 2. tl. 15. gr. og 1. tl. 19. gr. skal einungis skattleggja í Danmörku tekjur sem aðili heimilisfastur í Danmörku aflar með varanlegu persónulegu starfi sem innt er af hendi í Svíþjóð, enda dvelji þessi aðili að staðaldri á sínu fasta heimili í Danmörku.

4. Ákvæði 2. og 3. tl. gilda einungis ef starfið er innt af hendi yfir samfellt tímabil sem varir a.m.k. sex mánuði.

5. Með orðunum „varanlegt persónulegt starf“ er átt við ráðningarskilmála sem gerðir eru í þeim tilgangi að um sé að ræða aðalstarf hins skattskylda aðila.

6. Með orðunum „dvelji að staðaldri“ er átt við að skattskyldi aðilinn dvelji að jafnaði eigi sjaldnar en einu sinni í viku á sínu fasta heimili í aðildarríkinu þar sem hann er heimilisfastur.

IX. VIÐ 20. gr.

1. Aðili sem dvelur í öðru aðildarríki en Íslandi einungis í þeim tilgangi:

- a) að nema við háskóla eða aðra menntastofnun í öðru aðildarríki eða
- b) að nema viðskipta-, iðnaðar-, landbúnaðar- eða skógarnýtingarstörf í öðru aðildarríki og er, eða síðast var fyrir dvölina, heimilisfastur á Íslandi skattleggst einungis af þeim hluta tekna vegna starfs í fyrrnefnda aðildarríkinu sem er umfram 20 000 sænskar krónur á almanaksári eða jafnvirði þeirrar fjárhæðar í dönskum, finnskum, íslenskum eða norskum gjaldmiðli. Framangreind fjárhæð felur í sér gildandi persónufrádrátt fyrir viðkomandi almanaksár ef dvalið er í Finnlandi, Noregi eða Svíþjóð.

Ef dvalið er og nám stundað í Danmörku skal, svo framarlega sem hærrí fjárhæð er talin nauðsynleg samkvæmt gildandi reglum til framfærslu námsmannsins, þessi hærrí fjárhæð undanþegin skattlagningu í Danmörku. Þetta ákvæði gildir þó ekki í þeim tilvikum þar sem námið eða þjálfunin er veigalítið í samanburði við starf það sem endurgjaldið kemur fyrir.

2. Skattfrelsi samkvæmt 1. tl. veitist þó einungis fyrir það tímabil sem hæfilegt eða venjulegt telst fyrir námið eða þjálfunina, þó ekki lengur en sex almanaksár í röð.

3. Aðila, sem stundar nám við háskóla eða aðra menntastofnun í öðru aðildarríki en Finnlandi og sem dvelst um stundarsakir í Finnlandi og starfar í Finnlandi að hámarki í 100 daga á sama almanaksári til að afla sér hagnýtrar reynslu í tengslum við námið, skal einungis skattleggja í Finnlandi af þeim hluta tekna vegna starfsins sem er umfram 2 400 finnsk mörk að meðaltali á mánuði. Undanþegin skattskyldu samkvæmt þessum tölulíð eru þó að hámarki 8 000 finnsk mörk á almanaksári.

4. Nemandi við háskóla eða aðra menntastofnun í öðru aðildarríki en Svíþjóð, sem við dvöl um stundarsakir í Svíþjóð stundar starf sem tengist náminu eða menntuninni, skattleggst í Svíþjóð einungis af þeim hluta tekna vegna starfsins sem er umfram 10 000 sænskar krónur á almanaksárinu.

5. Bær stjórnvöld í aðildarríkjunum skulu gera samkomulag um framkvæmd ákvæða 1.—4. tl. Bær stjórnvöld geta einnig gert samkomulag um þær breytingar á þar greindum fjárhæðum sem sanngjarnar þykja með hliðsjón af breytingum á peningagildi, breyttri löggjöf í einhverju aðildarríkjunum eða öðrum svipuðum ástæðum.

X. VIÐ 25. gr.

1. Að ósk Íslands má breyta ákvæðum 3. tl. 25. gr. þannig að í stað þeirra komi svohljóðandi texti: „a) Hafi aðili heimilisfastur á Íslandi tekjur eða eigi hann eign sem skattleggja má samkvæmt ákvæðum þessa samnings í öðru aðildarríki skal Ísland, nema ákvæði 1. mgr. 8. tl. 10. gr. eða eftirfarandi staflíða b) eða c) leiði til annars:

- 1) veita sem frádrátt frá íslenskum tekjuskatti þessa aðila fjárhæð sem svarar til þess tekjuskatts sem greiddur hefur verið í síðarnefnda ríkinu;
- 2) veita sem frádrátt frá íslenskum eignarskatti þessa aðila fjárhæð sem svarar til þess eignarskatts sem greiddur hefur verið í síðarnefnda ríkinu.

Frádráttur þessi má þó í engu tilviki vera hærri en sá hluti íslenska tekjuskattsins eða eignarskattsins, reiknaðs án slíks frádráttar, sem er af þeim tekjum eða þeirri eign sem má skattleggja í síðarnefnda ríkinu.

- b) Hafi aðili heimilisfastur á Íslandi tekjur í öðru aðildarríki af launuðu starfi, sem um er rætt í 15. gr. eða 7. tl. 21. gr. sem samkvæmt ákvæðum þessara greina samningsins má skattleggja í síðarnefnda aðildarríkinu, skulu slíkar tekjur undanþegnar skattlagningu á Íslandi.
- c) Hafi aðili heimilisfastur á Íslandi tekjur eða eigi hann eign sem einungis skal skattleggja samkvæmt ákvæðum samnings þessa í öðru aðildarríki eða hefur tekjur samkvæmt framangreindum staflíð b) eru undanþegnar frá íslenskum skatti, má Ísland telja tekjurnar eða eignina með í skattstofni, en frá íslenskum skatti af tekjum eða eign skal þá draga þann hluta af tekjuskattinum eða eignarskattinum, eftir því sem við á, sem er af þeim tekjum sem stafa frá síðarnefnda ríkinu eða af eign sem er í eigu hans þar.“

Ósk um slíka breytingu skal komið á framfæri eftir diplómátskum leiðum með tilkynningu til sérhvers hinna aðildarríkjanna. Breytingin öðlast gildi á þrítugasta degi eftir þann dag er öll hin aðildarríkin hafa mótttekið slíka tilkynningu og ákvæðum hennar skal beitt

- a) að því er tekur til staðgreiðslu- eða afdráttarskatta, á tekjur sem aflað er þann 1. janúar á því almanaksári sem fylgir næst á eftir því almanaksári sem breytingin tók gildi eða síðar;
- b) að því er tekur til annarra skatta á tekjur, varðandi skatta sem ákveðnir eru fyrir tekjuár sem hefst þann 1. janúar á því almanaksári sem fylgir næst á eftir því almanaksári sem breytingin tók gildi eða síðar;
- c) að því er tekur til skatta á eignir, á eignir sem mynda eignarskattsstofn til álagningar á öðru almanaksári á eftir því almanaksári sem breytingin tók gildi eða síðar.

2. Að ósk Noregs má breyta ákvæðum 4. tl. 25. gr. þannig að í stað þeirra komi svohljóðandi texti:

- „a) Hafi aðili heimilisfastur í Noregi tekjur eða eigi hann eign sem skattleggja má samkvæmt ákvæðum þessa samnings í öðru aðildarríki skal Noregur, nema ákvæði 1. mgr. 8. tl. 10. gr. eða eftirfarandi staflíða b) eða c) leiði til annars:

- 1) veita sem frádrátt frá norskum tekjuskatti þessa aðila fjárhæð sem svarar til þess tekjuskatts sem greiddur hefur verið í síðarnefnda ríkinu;
- 2) veita sem frádrátt frá norskum eignarskatti þessa aðila fjárhæð sem svarar til þess eignarskatts sem greiddur hefur verið í síðarnefnda ríkinu.

Frádráttur þessi má þó í engu tilviki vera hærri en sá hluti norska tekjuskattsins eða eignarskattsins, reiknaðs án slíks frádráttar, sem er af þeim tekjum eða þeirri eign sem má skattleggja í síðarnefnda ríkinu.

- b) Hafi aðili heimilisfastur í Noregi tekjur í öðru aðildarríki af launuðu starfi, sem um er rætt í 15. gr. eða 7. tl. 21. gr. sem samkvæmt ákvæðum þessara greina samningsins má skattleggja í síðarnefnda aðildarríkinu, skulu slíkar tekjur undanþegnar skattlagningu í Noregi.
- c) Hafi aðili heimilisfastur í Noregi tekjur eða eigi hann eign sem einungis skal skattleggja samkvæmt ákvæðum samnings þessa í öðru aðildarríki eða hefur tekjur sem samkvæmt framangreindum staflíð b) eru undanþegnar norskum skatti, má Noregur telja tekjurnar eða eignina með í skattstofni, en frá norskum skatti af tekjum eða eign skal þá draga þann hluta af tekjuskattinum eða eignarskattinum, eftir því sem við á, sem er af þeim tekjum sem stafa frá síðarnefnda ríkinu eða af eign sem er í eigu hans þar.“

Ósk um slíka breytingu skal komið á framfæri eftir diplómátskum leiðum með tilkynningu til sérhvers hinna aðildarríkjanna. Breytingin öðlast gildi á þrítugasta degi eftir þann dag er öll hin aðildarríkin hafa mótttekið slíka tilkynningu og ákvæðum hennar skal beitt

- a) að því er tekur til staðgreiðslu- eða afdráttarskatta, á tekjur sem aflað er þann 1. janúar á því almanaksári sem fylgir næst á eftir því almanaksári sem breytingin tók gildi eða síðar;
- b) að því er tekur til annarra skatta á tekjur, varðandi skatta sem ákveðnir eru fyrir tekjuár sem hefst þann 1. janúar á því almanaksári sem fylgir næst á eftir því almanaksári sem breytingin tók gildi eða síðar;
- c) að því er tekur til skatta á eignir, á eignir sem mynda eignarskattsstofn til álagningar á öðru almanaksári á eftir því almanaksári sem breytingin tók gildi eða síðar.

XI. VIÐ 31. gr.

1. Varðandi skattfrelsi í Finnlandi og Svíþjóð fyrir fleytingarfyrirtæki, sem stofnað hefur verið til að annast fleytingu á fleytingarleiðum landamæraáanna í Torne og Muonio, gildir sérstakt samkomulag sem hefur verið gert þar um.

2. Varðandi grundvöll að skiptingu milli Noregs og Svíþjóðar á skattlagningu tekna hlutafélagsins Luossavaara-Kiirunavaara gildir sérstakt samkomulag sem hefur verið gert þar um.

Frumrit bókunar þessarar skal varðveitt í finnska utanríkisráðuneytinu sem sendir hinum aðildarríkjunum staðfest afrit af því.

Þessu til staðfestu hafa fulltrúar, sem til þess höfðu fullt umboð, undirritað bókun þessa.

Gjört í Helsinki hinn 18. febrúar 1987 í einu eintaki á dönsku, finnsku, íslensku, norsku og sænsku og eru sænsku textarnir tveir, annar fyrir Finnland og hinn fyrir Svíþjóð, og skulu allir textar jafngildir.

10. júlí 1987

Nr. 9

AUGLÝSING

um uppsögn samkomulags við Bandaríkin um gagnkvæma undanþágu frá tekjuskatti af rekstri flugvéla og skipa.

Með orðsendingum bandaríska utanríkisráðuneytisins 4. desember 1986 og 2. júlí 1987 var tilkynnt um uppsögn samkomulags frá 21. og 27. desember 1962 milli Íslands og Bandaríkjanna um gagnkvæma undanþágu frá tekjuskatti af rekstri flugvéla og skipa, sbr. auglýsingu í C-deild Stjórnartíðinda nr. 11/1962 þar sem samkomulagið er birt. Uppsögnin öðlaðist gildi 4. júní 1987.

Þetta er hér með gert almenningi kunnugt.

Utanríkisráðuneytið, Reykjavík, 10. júlí 1987.

Steingrímur Hermannson.

Hannes Hafstein.

10. ágúst 1987

Nr. 10

AUGLÝSING

um breytingu á Oslóarsamningi um mengun sjávar.

Hinn 16. júlí 1987 var norska utanríkisráðuneytinu afhent fullgildingarskjal Íslands vegna bókunar um breytingu á alþjóðasamningi frá 15. febrúar 1972 um varnir gegn mengun sjávar vegna losunar úrgangsefna frá skipum og flugvélum sem gerð var í Osló 2. mars 1983. Samningurinn er birtur í auglýsingu í C-deild Stjórnartíðinda nr. 16/1973, sbr. auglýsingu nr. 5/1974.

Bókunin er birt sem fylgiskjal með auglýsingu þessari.

Tilkynnt verður um gildistöku bókunarinnar síðar.

Þetta er hér með gert almenningi kunnugt.

Utanríkisráðuneytið, Reykjavík, 10. ágúst 1987.

Steingrímur Hermannsson.

Hannes Hafstein.

Fylgiskjal.**BÓKUN****um breytingu á samningi um varnir gegn mengun sjávar vegna losunar úrgangsefna frá skipum og flugvélum**

Aðilar samnings um varnir gegn mengun sjávar vegna losunar úrgangsefna frá skipum og flugvélum, sem gerður var í Osló hinn 15. febrúar 1972 (hér eftir nefndur „samningurinn“),

sem hafa í huga 1. gr. samningsins, þar sem samningsaðilar skuldbinda sig til að gera allt sem í þeirra valdi stendur til að hindra að hafið verði mengað af efnum sem geta stofnað heilsu manna í hættu, skaðað lifandi auðlindir og lífið í sjónum, dregið úr geðfelldum umhverfiseiginleikum sjávar eða truflað önnur lögmæt not sjávar,

sem vilja, innan ramma samningsins, koma á bindandi reglum um brennslu á hafi úti er samræmist séreinkennum viðkomandi hafsvæða, og sem gera sér ljóst að texti samningsins, eins og hann er nú, veitir ekki fullnægjandi grundvöll til að koma á slíkum reglum,

sem álykta að samningnum beri að breyta í þessum tilgangi,
hafa orðið ásáttir um eftirfarandi:

1. gr.

19. gr. samningsins skal hljóða svo í breyttri mynd:

„Í þessum samningi

- 1) merkir „losun úrgangsefna“ sérhverja losun efna og hluta í sjóinn með eða frá skipum og flugvélum af ásettu ráði, þar með talið með brennslu á hafi úti, nema
 - a) sérhverja losun eða brennslu sem tilheyrir eða leiðir af venjulegum rekstri skipa og flugvéla og útbúnaði þeirra;
 - b) geymslu efna og hluta í öðru skyni en aðeins að fjarlægja þá, að því tilskildu að slík geymsla sé ekki ósamrýmanleg tilgangi þessa samnings.
- 2) merkir „brennsla“ alla vísitandi brennslu efna eða hluta á hafi úti í því skyni að eyða þeim með eldi eða hita.
- 3) merkja „skip og flugvélar“ hvers konar sjófærar fleytur og loftför. Þetta hugtak nær einnig til svifnökkva, fljótandi farkosta, hvort sem þeir ganga fyrir eigin vélarafli eða ekki, og til fastra eða fljótandi palla.“

PROTOCOL**Amending the Convention for the Prevention of Marine Pollution by Dumping from Ships and Aircraft**

The States Parties to the Convention for the Prevention of Marine Pollution by Dumping from Ships and Aircraft, done at Oslo on 15 February 1972 (hereinafter referred to as "the Convention");

RECALLING Article 1 of the Convention, in which Contracting Parties pledge themselves to take all possible steps to prevent the pollution of the sea by substances that are liable to create hazards to human health, to harm living resources and marine life, to damage amenities or to interfere with other legitimate uses of the sea;

BEING DESIROUS of establishing, within the framework of the Convention, binding rules on incineration at sea reflecting the special characteristics of the region concerned, and NOTING that the present text of the Convention does not provide an adequate basis for the establishment of such rules;

RESOLVING that the Convention should be amended for this purpose;

HAVE AGREED as follows:

Article I

Article 19 of the Convention shall be amended to read as follows:

“For the purpose of this Convention:

- 1) “Dumping” means any deliberate disposal into the sea, including through the medium of incineration at sea, of substances and materials by or from ships or aircraft other than:
 - a) any discharge or incineration incidental to or derived from the normal operation of ships and aircraft and their equipment;
 - b) the placing of substances and materials for a purpose other than the mere disposal thereof, if not contrary to the aim of this Convention.
- 2) “Incineration” means any deliberate combustion of substances and materials at sea for the purpose of their thermal destruction.
- 3) “Ships and aircraft” means sea-going vessels and airborne craft of any type whatsoever. This expression includes air-cushion craft, floating craft whether self-propelled or not, and fixed or floating platforms.”

2. gr.

Eftirfarandi töluðið skal bætt við 8. gr. samningsins:

„3) Ákvæði 5., 6. og 7. gr. skulu ekki taka til þess er efnum eða hlutum er fyrirkomið með brennslu á hafi úti. Brennsla annarra efna eða hluta á hafi úti en þeirra sem tilgreindir eru í 4. tl. 2. gr. Viðauka IV við samning þennan er bönnuð. Engin efni eða hluti skal brenna án sérstaks leyfis í hvert skipti frá víðeigandi yfirvöldum viðkomandi aðildarríkis. Þegar slíkt leyfi er gefið út skal farið eftir víðeigandi ákvæðum í Viðauka III og ákvæðum Viðauka IV við samning þennan.“

3. gr.

22. gr. samningsins skal hljóða svo í breyttri mynd:

„Öll ríki sem 20. gr. tekur til geta gerst aðilar að samningi þessum, eins og honum var breytt með bókun þeirri sem fram var lögð til undirritunar hinn 2. mars 1983. Samningsaðilar geta samhljóða boðið öðrum ríkjum aðild að samningnum með áorðnum breytingum. Aðildarskjöl skulu falin ríkisstjórn Noregs til varðveislu.“

4. gr.

Við samning þennan skal aukið Viðauka IV, en texti hans fylgir bókun þessari í fylgiskjali¹.

5. gr.

Bókun þessi skal liggja frami til undirritunar í Ósló frá 2. mars 1983 til 2. júní 1983 af hálfu þeirra ríkja sem aðilar eru að samningnum á þeim degi er hún er lögð fram til undirritunar.

6. gr.

Bókun þessi er háð fullgildingunni, staðfestingu eða samþykki. Fullgildingar-, staðfestingar- og samþykkisskjöl skal fela ríkisstjórn Noregs til varðveislu.

7. gr.

Hvert það ríki, sem 22. gr. tekur til og ekki hefur undirritað bókun þessa, getur gerst aðili að henni. Aðildarskjöl skulu falin ríkisstjórn Noregs til varðveislu.

8. gr.

1) Bókun þessi skal taka gildi á fyrsta degi annars mánaðar eftir þann dag er öll þau ríki er 5.

1. Ekki prentað hér.

Article II

The following paragraph shall be added to Article 8 of the Convention:

“3) The provisions of Article 5, 6 and 7 shall not apply to the disposal of substances and materials by means of incineration at sea. The incineration at sea of substances and materials other than those listed in Rule 2 paragraph 4 of Annex IV to this Convention is prohibited. No substances and materials shall be incinerated without a specific permit in each case from the appropriate national authority or authorities. When such permits are issued, the relevant provisions of Annex III and the provisions of Annex IV to this Convention shall be applied.”

Article III

Article 22 of this Convention shall be amended to read as follows:

“This Convention, as amended by the Protocol opened for signature on 2 March 1983, shall be open for accession by any State referred to in Article 20. The Contracting Parties may unanimously invite other States to accede to the Convention as amended. The instruments of accession shall be deposited with the Government of Norway.”

Article IV

Annex IV, the text of which is set out in the Appendix 1 to this Protocol,¹ shall be added to the Convention.

Article V

This Protocol shall be open for signature at Oslo from 2 March 1983 until 2 June 1983 by the States which are Parties to the Convention on the date of the opening for signature of this Protocol.

Article VI

This Protocol shall be subject to ratification, acceptance or approval. The instruments of ratification, acceptance or approval shall be deposited with the Government of Norway.

Article VII

This Protocol shall be open for accession by any State referred to in Article 22 of the Convention which has not signed this Protocol. The instruments of accession shall be deposited with the Government of Norway.

Article VIII

1) This Protocol shall enter into force on the first day of the second month following the date

1. Not reproduced here.

gr. bókunar þessarar tekur til hafa afhent fullgildingar-, staðfestingar-, samþykkis- eða aðildarskjöl sín.

2) Gagnvart hverju því ríki, sem gerist aðili að bókun þessari eftir að hún hefur tekið gildi, skal hún taka gildi á fyrsta degi annars mánaðar eftir að það hefur afhent aðildarskjal sitt.

9. gr.

Vörsluríkisstjórnin skal tilkynna aðilum að samningnum um undirritanir bókunar þessarar, og um afhendingar fullgildingar-, staðfestingar-, samþykkis- eða aðildarskjala samkvæmt ákvæðum 5., 6. og 7. gr.

10. gr.

Frumrit bókunar þessarar, en enskur og franskur texti hennar eru jafngildir, skal falið ríkisstjórn Noregs til varðveislu, og skal hún senda staðfest afrit hennar til framkvæmdastjóra Sameinuðu þjóðanna til skrásetningar og birtingar í samræmi við 102. gr. sáttmála Sameinuðu þjóðanna.

ÞESSU TIL STAÐFESTU hafa undirrituð, sem til þess hafa fullt umboð ríkisstjórna sinna, undirritað bókun þessa.

Gjört í Osló 2. mars 1983.

on which all States referred to in Article V of this Protocol shall have deposited their instrument of ratification, acceptance, approval or accession.

2) For any State acceding to this Protocol after its entry into force, this Protocol shall enter into force on the first day of the second month following the date on which that State shall have deposited its instrument of accession.

Article IX

The depositary Government shall inform the Contracting Parties of the Convention of signatures of this Protocol and of the deposit of instruments of ratification, acceptance, approval or accession, in accordance with Articles V, VI and VII.

Article X

The original of this Protocol, of which the English and French texts are equally authentic, shall be deposited with the Government of Norway, which shall send certified copies thereof to the Contracting Parties to the Convention. It shall transmit a certified copy to the Secretary-General of the United Nations for registration and publication in accordance with Article 102 of the Charter of the United Nations.

IN WITNESS WHEREOF the undersigned, being duly authorised thereto by their respective Governments, have signed this Protocol.

Done at Oslo, this second day of March 1983.

AUGLÝSING

um gildistöku alþjóðasamnings um mælingar skipa.

Hinn 18. júlí 1982 öðlaðist alþjóðasamningur frá 23. júní 1969 um mælingar skipa gildi. Samningurinn var fullgiltur samkvæmt heimild í 2. gr. laga nr. 50/1970, sbr. lög nr. 34/1984, sbr. einnig auglýsingu í C-deild Stjórnartíðinda nr. 18/1970.

Samningurinn er birtur sem fylgiskjal með auglýsingu þessari.

Þetta er hér með gert almenningi kunnugt.

Utanríkisráðuneytið, Reykjavík, 10. ágúst 1987.

Steingrímur Hermannsson.

Hannes Hafstein.

Fylgiskjal.**ALÞJÓÐASAMNINGUR
um skipamælingar 1969**

Ríkisstjórnir þær, sem aðilar eru að samningi þessum,

ÆSKJA þess að koma á samræmingu grundvallaratriða og reglna varðandi ákvörðun á tonnatölu skipa er stunda alþjóðlegar siglingar;

TELJA að þessu marki megi best ná með því að gera samning;

HAVA KOMIÐ SÉR SAMAN um eftirfarandi:

1. gr.

Almenn skylda samkvæmt samningnum

Ríkisstjórnir, sem aðilar eru að samningi þessum, skuldbinda sig til að framfylgja ákvæðum þessa samnings og viðauka við hann sem eru óaðskiljanlegur hluti hans. Tilvitnun í samning þennan er jafnframt tilvitnun í viðaukana.

2. gr.

Skilgreiningar

Í samningi þessum, nema annað sé sérstaklega tekið fram, merkir:

(1) „reglurnar“ reglur þær sem eru í viðauka við samning þennan,

(2) „stjórnvald“ ríkisstjórn þess ríkis sem á fánann er skipið siglir undir,

(3) „alþjóðleg sigling“ sjóferð frá landi, þar sem samningurinn gildir, til hafnar utan slíks lands, eða öfugt. Í þessu tilliti er sérhvertt landsvæði sem ríkisstjórn er ábyrg fyrir alþjóðlegum samskiptum á eða Sameinuðu þjóðirnar hafa forræði á talið vera sérstakt land,

(4) „brúttósala“ mælingu á heildarstærð skips eins og hún er ákvörðuð samkvæmt ákvæðum samnings þessa,

(5) „nettótonnata“ mælingu á stærð notarýmis skips eins og það er ákvarðað samkvæmt ákvæðum samnings þessa,

(6) „nýtt skip“ skip, er kjölur hefur verið lagður að eða er á svipuðu smíðastigi, á þeim degi eða eftir þann dag er samningur þessi tekur gildi,

(7) „gamalt skip“ skip sem ekki er nýtt,

**INTERNATIONAL CONVENTION
on Tonnage Measurement of Ships, 1969**

The Contracting Governments,

DESIRING to establish uniform principles and rules with respect to the determination of tonnage of ships engaged on international voyages;

CONSIDERING that this end may best be achieved by the conclusion of a Convention;

HAVE AGREED as follows:

Article 1

General Obligation under the Convention

The Contracting Governments undertake to give effect to the provisions of the present Convention and the Annexes hereto which shall constitute an integral part of the present Convention. Every reference to the present Convention constitutes at the same time a reference to the Annexes.

Article 2

Definitions

For the purpose of the present Convention, unless expressly provided otherwise:

(1) “Regulations” means the Regulations annexed to the present Convention;

(2) “Administration” means the Government of the State whose flag the ship is flying;

(3) “international voyage” means a sea voyage from a country to which the present Convention applies to a port outside such country, or conversely. For this purpose, every territory for the international relations of which a Contracting Government is responsible or for which the United Nations are the administering authority is regarded as a separate country;

(4) “gross tonnage” means the measure of the overall size of a ship determined in accordance with the provisions of the present Convention;

(5) “net tonnage” means the measure of the useful capacity of a ship determined in accordance with the provisions of the present Convention;

(6) “new ship” means a ship the keel of which is laid, or which is at a similar stage of construction, on or after the date of coming into force of the present Convention;

(7) “existing ship” means a ship which is not a new ship;

(8) „lengd“ 96% af heildarlengd á sjólinu við 85% af minnstu mótuðu dýpt mældri frá efri brún kjalar eða lengdina frá fremri brún framstefnis að miðju stýrisáss á sömu sjólinu ef hún er stærri. Á skipum, sem hönnuð eru með kjölhalla, skal sjólinan, sem lengd þessi mælist á, vera samhliða hannaðri sjólinu,

(9) „stofnunin“ Alþjóðasiglingamálastofnunina.

3. gr. Gildissvið

(1) Samningur þessi gildir um eftirtalin skip er stunda alþjóðlegar siglingar:

(a) skip skráð í landi þar sem ríkisstjórnin er aðili að samningi þessum,

(b) skip skráð á landsvæðum er samningur þessi tekur til skv. 20. gr., og

(c) óskráð skip sem sigla undir þjóðfána ríkis þar sem ríkisstjórnin er aðili að samningi þessum.

(2) Samningur þessi gildir um:

(a) ný skip,

(b) gömul skip sem gerðar eru breytingar eða lagfæringar á sem stjórnvald telur að muni hafa veruleg áhrif á brúttórúmlestatölu þeirra,

(c) gömul skip ef eigandi óskar þess, og

(d) öll gömul skip, tólf árum eftir þann dag er samningur þessi öðlast gildi. Þó skulu slík skip, að undanskildum skipum sem nefnd eru í (b) og (c) lið þessa tölulíðar, halda mælingu sinni vegna víðeigandi ákvæða annarra alþjóðasamninga.

(3) Gömul skip, sem falla undir 2. tl. (c) þessarar greinar, skulu ekki síðar mæld samkvæmt reglum sem stjórnvald beitti um skip í alþjóðlegum siglingum áður en samningur þessi öðlast gildi.

4. gr. Undantekningar

(1) Samningur þessi skal ekki gilda um:

(a) herskip og

(b) skip undir 24 metrum (97 fetum) á lengd.

(8) “length” means 96 per cent of the total length on a waterline at 85 per cent of the least moulded depth measured from the top of the keel, or the length from the fore side of the stem to the axis of the rudder stock on that waterline, if that be greater. In ships designed with a rake of keel the waterline on which this length is measured shall be parallel to the designed waterline;

(9) “Organization” means the Inter-Governmental Maritime Consultative Organization.

Article 3 Application

(1) The present Convention shall apply to the following ships engaged on international voyages:

(a) ships registered in countries the Governments of which are Contracting Governments;

(b) ships registered in territories to which the present Convention is extended under Article 20; and

(c) unregistered ships flying the flag of a State, the Government of which is a Contracting Government.

(2) The present Convention shall apply to:

(a) new ships;

(b) existing ships which undergo alterations or modifications which the Administration deems to be a substantial variation in their existing gross tonnage;

(c) existing ships if the owner so requests; and

(d) all existing ships, twelve years after the date on which the Convention comes into force, except that such ships, apart from those mentioned in (b) and (c) of this paragraph, shall retain their then existing tonnages for the purpose of the application to them of relevant requirements under other existing International Conventions.

(3) Existing ships to which the present Convention has been applied in accordance with subparagraph (2) (c) of this Article shall not subsequently have their tonnages determined in accordance with the requirements which the Administration applied to ships on international voyages prior to the coming into force of the present Convention.

Article 4 Exceptions

(1) The present Convention shall not apply to:

(a) ships of war; and

(b) ships of less than 24 metres (79 feet) in length.

(2) Engin ákvæði samnings þessa skulu gilda um skip er sigla einungis á:

(a) Miklu-Vötnum N-Ameríku og St. Lawrencefljóttinu austur að komþáslínu sem dregin er frá Cap des Rosiers til West Point, Anticostaeyju og norðan Anticostaeyju að lengdarbaugnum 63° vestur,

(b) Kaspiuhafi, eða

(c) Plata, Parana, og Uruguay-fljóttunum austur að línu dreginni milli Punta Rasa (Cabo San Antonio), Argentínu og Punta del Este, Uruguay.

5. gr.

Óviðráðanleg atvik

(1) Nú gilda ákvæði samnings þessa ekki fyrir skip þegar það lætur úr höfn til sjóferðar og skulu þau þá ekki gilda fyrir skipið þótt það berist afleiðis vegna veðurs eða annarra óviðráðanlegra atvika.

(2) Aðildarríkisstjórnir skulu við beitingu ákvæða samnings þessa taka hæfilegt tillit til fráviks eða tafar sem skip verður fyrir vegna veðurs eða annarra óviðráðanlegra atvika.

6. gr.

Ákvörðun tonnátölu

Stjórnvald skal ákvarða brúttó- og nettótonnátölu. Stjórnvaldinu er þó heimilt að fela þar til bærum einstaklingum eða stofnunum slíka ákvörðun. Hlutadeigandi stjórnvald ber ávallt fulla ábyrgð á ákvörðun brúttó- og nettótonnátölnnar.

7. gr.

Útgáfa mælibréfs

(1) Hvert skip, sem mælt hefur verið samkvæmt samningi þessum, skal fá útgefið alþjóðlegt mælibréf (1969).

(2) Slíkt mælibréf skal gefið út af stjórnvaldi eða þar til bærum einstaklingi eða stofnun. Stjórnvaldið ber fulla ábyrgð á mælibréfinu.

8. gr.

Mælibréf útgefið af annarri ríkisstjórn

(1) Aðildarríkisstjórn getur, að beiðni annarrar aðildarríkisstjórnar, ákvarðað brúttó- og nettótonnátölu skips og gefið út eða látið gefa út alþjóðlegt mælibréf (1969) því til handa, í sam-

(2) Nothing herein shall apply to ships solely navigating:

(a) the Great Lakes of North America and the River St. Lawrence as far east as a rhumb line drawn from Cap des Rosiers to West Point, Anticosti Island, and, on the north side of Anticosti Island, the meridian of longitude 63°W;

(b) the Caspian Sea; or

(c) the Plate, Parana and Uruguay Rivers as far east as a rhumb line drawn between Punta Rasa (Cabo San Antonio), Argentina, and Punta del Este, Uruguay.

Article 5

Force Majeure

(1) A ship which is not subject to the provisions of the present Convention at the time of its departure on any voyage shall not become subject to such provisions on account of any deviation from its intended voyage due to stress of weather or any other cause of *force majeure*.

(2) In applying the provisions of the present Convention, the Contracting Governments shall give due consideration to any deviation or delay caused to any ship owing to stress of weather or any other cause of *force majeure*.

Article 6

Determination of Tonnages

The determination of gross and net tonnages shall be carried out by the Administration which may, however, entrust such determination either to persons or organizations recognized by it. In every case the Administration concerned shall accept full responsibility for the determination of gross and net tonnages.

Article 7

Issue of Certificate

(1) An International Tonnage Certificate (1969) shall be issued to every ship, the gross and net tonnages of which have been determined in accordance with the present Convention.

(2) Such certificate shall be issued by the Administration or by any person or organization duly authorized by it. In every case, the Administration shall assume full responsibility for the certificate.

Article 8

Issue of Certificate by another Government

(1) A Contracting Government may, at the request of another Contracting Government, determine the gross and net tonnages of a ship and issue or authorize the issue of an Interna-

ræmi við ákvæði samningsins.

(2) Samrit af mælibréfinu og samrit af útreikningum á tonnatölu skulu send svo fljótt sem unnt er til ríkisstjórnar þeirrar er mælingar óskaði.

(3) Mælibréf, sem gefið hefur verið út á þennan hátt, skal hafa að geyma yfirlýsingu um að bréfið sé gefið út samkvæmt beiðni ríkisstjórnar þess ríkis sem á þjóðfánann sem skipið siglir undir eða mun sigla undir. Bréfið skal hafa sama gildi og njóta sömu viðurkenningar og mælibréf útgefið skv. 7. gr.

(4) Óheimilt er að gefa út alþjóðlegt mælibréf (1969) til handa skipi sem siglir undir þjóðfána ríkis þar sem ríkisstjórnin er ekki aðili að samningnum.

9. gr.

Form mælibréfs

(1) Mælibréf skal ritað á opinberu tungumáli eða málum útgáfulands. Sé það mál hvorki enska né franska skal í texta bréfsins vera þýðing á annaðhvort þessara tungumála.

(2) Form mælibréfs skal vera í samræmi við fyrirmynd í viðauka II.

10. gr.

Afturköllun mælibréfs

(1) Með fyrirvara um undantekningar samkvæmt reglunum, skal stjórnvald fella úr gildi og afturkalla alþjóðlegt mælibréf (1969) ef breytingar hafa orðið á fyrirkomulagi, smíði, burðargetu, nýtingu rýmis, heildarfjölda farþega sem skipi er heimilt að flytja samkvæmt farþegaskírteini, útlutudu hleðslumerki eða leyfðri djúpristu skipsins sem leiða til aukningar á brúttó- eða nettó-tonnatölu.

(2) Mælibréf skips útgefið af stjórnvaldi fellur úr gildi þegar skip hefur siglingar undir þjóðfána annars ríkis, nema öðruvísi sé kveðið á um í 3. tl. þessarar greinar.

(3) Þegar skip hefur siglingar undir þjóðfána ríkis þar sem ríkisstjórnin er aðili að samningnum skal alþjóðlegt mælibréf (1969) halda gildi sínu í allt að þrjá mánuði eða þar til stjórnvald gefur út annað alþjóðlegt mælibréf (1969) í stað þess, eftir því hvort er fyrir. Aðildarríkisstjórn ríkis þess er átti þjóðfánann sem skipið hafði siglt undir skal senda stjórnvaldi svo fljótt sem auðið er eftir að skip skiptir um þjóðfána samrit af mælingar-

tional Tonnage Certificate (1969) to the ship in accordance with the present Convention.

(2) A copy of the certificate and a copy of the calculations of the tonnages shall be transmitted as early as possible to the requesting Government.

(3) A certificate so issued shall contain a statement to the effect that it has been issued at the request of the Government of the State whose flag the ship is or will be flying and it shall have the same validity and receive the same recognition as a certificate issued under Article 7.

(4) No International Tonnage Certificate (1969) shall be issued to a ship which is flying the flag of a State the Government of which is not a Contracting Government.

Article 9

Form of Certificate

(1) The certificate shall be drawn up in the official language or languages of the issuing country. If the language used is neither English nor French, the text shall include a translation into one of these languages.

(2) The form of the certificate shall correspond to that of the model given in Annex II.

Article 10

Cancellation of Certificate

(1) Subject to any exceptions provided in the Regulations, an International Tonnage Certificate (1969) shall cease to be valid and shall be cancelled by the Administration if alterations have taken place in the arrangement, construction, capacity, use of spaces, total number of passengers the ship is permitted to carry as indicated in the ship's passenger certificate, assigned load line or permitted draught of the ship, such as would necessitate an increase in gross tonnage or net tonnage.

(2) A certificate issued to a ship by an Administration shall cease to be valid upon transfer of such a ship to the flag of another State, except as provided in paragraph (3) of this Article.

(3) Upon transfer of a ship to the flag of another State the Government of which is a Contracting Government, the International Tonnage Certificate (1969) shall remain in force for a period not exceeding three months, or until the Administration issues another International Tonnage Certificate (1969) to replace it, whichever is the earlier. The Contracting Government of the State whose flag the ship was flying hitherto shall

skýrslunni sem skipið var með þegar það skipti um þjóðfána.

11. gr.

Viðurkenning mælibréfs

Mælibréf, sem gefið er út samkvæmt heimild aðildarríkisstjórnar í samræmi við samning þennan, skal viðurkennt af öðrum aðildarríkisstjórnum og hafa í hvívetna sama gildi og mælibréf gefið út af þeim.

12. gr.

Skoðun

(1) Þegar skip, sem siglir undir þjóðfána ríkis þar sem ríkisstjórnin er aðili að samningi þessum, er í höfn annarrar aðildarríkisstjórnar er því skylt að gangast undir skoðun þar til bærri eftirlitsmanna þeirrar ríkisstjórnar. Slík skoðun skal takmarkast við að staðfesta:

(a) að skipið hafi gilt alþjóðlegt mælibréf (1969) og

(b) að skipið sé í samræmi við lýsingu mælibréfsins.

(2) Skoðun samkvæmt 1. tl. má aldrei valda skipi töf.

(3) Komi fram við skoðun að skip er verulega frábrugðið því sem mælibréfið (1969) kveður á um og það leiðir til þess að brúttó- eða nettó-tonnataala eykst skal tafarlaust tilkynna það ríkisstjórn þess ríkis er á þjóðfána þann sem skipið siglir undir.

13. gr.

Sérrettindi

Sérrettindi er samningur þessi veitir skulu einungis veitt þeim skipum sem hafa gild mælibréf samkvæmt samningnum.

14. gr.

Aðrir samningar og ráðstafanir

(1) Allir aðrir samningar og ráðstafanir um mælingu sem í gildi eru milli aðildarríkisstjórnna skulu halda áfram fullu gildi út gildistíma sinn hvað varðar:

transmit to the Administration as soon as possible after the transfer takes place a copy of the certificate carried by the ship at the time of transfer and a copy of the relevant tonnage calculations.

Article 11

Acceptance of Certificate

The certificate issued under the authority of a Contracting Government in accordance with the present Convention shall be accepted by the other Contracting Governments and regarded for all purposes covered by the present Convention as having the same validity as certificates issued by them.

Article 12

Inspection

(1) A ship flying the flag of a State the Government of which is a Contracting Government shall be subject, when in the ports of other Contracting Governments, to inspection by officers duly authorized by such Governments. Such inspection shall be limited to the purpose of verifying:

(a) that the ship is provided with a valid International Tonnage Certificate (1969); and

(b) that the main characteristics of the ship correspond to the data given in the certificate.

(2) In no case shall the exercise of such inspection cause any delay to the ship.

(3) Should the inspection reveal that the main characteristics of the ship differ from those entered on the International Tonnage Certificate (1969) so as to lead to an increase in the gross tonnage or the net tonnage, the Government of the State whose flag the ship is flying shall be informed without delay.

Article 13

Privileges

The privileges of the present Convention may not be claimed in favour of any ship unless it holds a valid certificate under the Convention.

Article 14

Prior Treaties, Conventions and Arrangements

(1) All other treaties, conventions and arrangements relating to tonnage matters at present in force between Governments Parties to the present Convention shall continue to have full and complete effect during the terms thereof as regards:

- (a) skip sem samningur þessi nær ekki til, og
- (b) skip sem samningur þessi nær til, en í málum sem samningurinn hefur ekki nein sérstök ákvæði um.
- (2) Ákvæði samnings þessa skulu þó gilda ef ákvæði slíkra samninga og ráðstafana eru í ósamræmi við ákvæði hans.

15. gr.

Upplýsingamiðlun

Aðildarríkisstjórnir skuldbinda sig til að tilkynna til stofnunarinnar og afhenda henni:

- (a) nægjanlegan fjölda sýnishorna af mælibréfum sem gefin eru út samkvæmt ákvæðum samningsins, til dreifingar til aðildarríkisstjórna,
- (b) texta laga, fyrirmæla, tilskipana, reglugerða og annarra skjala sem út hafa verið gefin um hin ýmsu mál er heyra undir samninginn og
- (c) skrá yfir þá óopinbera aðila sem heimilað er að koma fram fyrir þeirra hönd í málum sem varða mælingar, til dreifingar til aðildarríkisstjórna.

16. gr.

Undirritun, staðfesting og aðild

(1) Samþykkt þessi skal liggja frammi til undirritunar í sex mánuði frá 23. júní 1969, en eftir þann tíma geta ríki gerst aðilar. Ríkisstjórnir aðildarríkja Sameinuðu þjóðanna eða einhverrar sérstofnunar þeirra eða Alþjóðakjarnorkumála-stofnunarinnar eða samþykktu milliríkjadómstólsins geta gerst aðilar að samningnum með:

- (a) undirritun án fyrirvara um staðfestingu,
- (b) undirritun með fyrirvara um staðfestingu ásamt síðari staðfestingu eða
- (c) aðild.
- (2) Staðfestingu eða aðild skal framkvæma með því að afhenda stofnuninni staðfestingar- eða aðildarskjal til vörslu. Stofnunin skal tilkynna öllum ríkisstjórnnum sem undirritað hafa samninginn eða gerst aðilar að honum um sérhverja nýja staðfestingu eða aðild og hvenær skjalið er afhent. Stofnunin skal ennfremur tilkynna öllum ríkisstjórnnum sem undirritað hafa samninginn um sérhverja undirritun á sex mánaða tímabilinu frá 23. júní 1969.

(a) ships to which the present Convention does not apply; and

(b) ships to which the present Convention applies, in respect of matters for which it has not expressly provided.

(2) To the extent, however, that such treaties, conventions or arrangements conflict with the provisions of the present Convention, the provisions of the present Convention shall prevail.

Article 15

Communication of Information

The Contracting Governments undertake to communicate to and deposit with the Organization:

(a) a sufficient number of specimens of their certificates issued under the provisions of the present Convention for circulation to the Contracting Governments;

(b) the text of the laws, orders, decrees, regulations and other instruments which shall have been promulgated on the various matters within the scope of the present Convention; and

(c) a list of non-governmental agencies which are authorized to act in their behalf in matters relating to tonnages for circulation to the Contracting Governments.

Article 16

Signature, Acceptance and Accession

(1) The present Convention shall remain open for signature for six months from 23 June 1969, and shall thereafter remain open for accession. Governments of States Members of the United Nations, or of any of the Specialized Agencies, or of the International Atomic Energy Agency, or parties to the Statute of the International Court of Justice may become Parties to the Convention by:

(a) signature without reservation as to acceptance;

(b) signature subject to acceptance followed by acceptance; or

(c) accession.

(2) Acceptance or accession shall be effected by the deposit of an instrument of acceptance or accession with the Organization. The Organization shall inform all Governments which have signed the present Convention or acceded to it of each new acceptance or accession and of the date of its deposit. The Organization shall also inform all Governments which have already signed the Convention of any signature effected during the six months from 23 June 1969.

17. gr.
Gildistaka

(1) Samningur þessi öðlast gildi tuttugu og fjórum mánuðum frá þeim degi er eigi færri en tuttugu og fimm ríkisstjórnir ríkja, sem ráða sameiginlega yfir kaupskipaflota að stærð ekki undir sextíu og fimm hundradshlutum af heildar brúttórúmlestarstærð kaupskipaflota heimsins, hafa undirritað hann án fyrirvara um staðfestingu eða lagt fram staðfestingar- eða aðildarskjal í samræmi við 16. gr. Stofnunin skal tilkynna öllum ríkisstjórnnum sem hafa undirritað eða gerst aðilar að samningnum um gildistökudag hans.

(2) Fyrir þau ríki, sem afhent hafa staðfestingar- eða aðildarskjal á hinu tuttugu og fjögurra mánaða tímabili sem greint er frá í 1. tl. þessarar greinar, skal staðfesting eða aðild öðlast gildi á gildistökudegi samningsins eða þremur mánuðum eftir afhendingardag skjalanna, eftir því hvor dagurinn er seinni.

(3) Fyrir þau ríki, sem afhent hafa staðfestingar- eða aðildarskjal eftir gildistökudag samningsins, öðlast hann gildi þremur mánuðum eftir afhendingardag skjalanna.

(4) Eftir að öll skilyrði til að koma fram breytingu á samningnum eru uppfyllt eða breyting er talin staðfest samkvæmt (b) lið 2. tl. 18. gr. vegna breytingar sem samþykkt er samhljóða, þá á sérhver staðfesting eða aðild við samninginn eins og honum hefur verið breytt.

18. gr.
Breytingar

Valfrjáls notkun; innihaldi hvers konar tilvísunarnúmer sem hlutaðeigandi aðili gefur viðkomandi vörusendingu.

REITUR 8: VIÐTAKANDI

Færið inn fullt nafn og heimilisfang hlutaðeigandi aðila eða félags. Sé um safnhleðslu að ræða geta samningsaðilar kveðið svo á að rita skuli orðið „ýmsir“ í þennan reit og að skrá yfir viðtakendur fylgi skýrslunni. Kennitölu geta samningsaðilar ritað hér (kennitölu sem úthlutað er viðkomandi aðila af þar til bærum yfirvöldum vegna skattheimtu, hagskýrslugerðar eða í öðrum tilgangi).

REITUR 9: ÁBYRGÐARAÐILI GREIÐSLU

Útfylling þessa reits er valfrjáls fyrir samningsaðila (átt er við þann aðila sem ber ábyrgð annaðhvort á afhendingu eða endursendingu fjár í sambandi við viðskiptin).

REITUR 10: SÍÐASTA SENDINGARLAND

Útfylling þessa reits er valfrjáls fyrir samningsaðila í samræmi við þarfir þeirra.

REITUR 11: VIÐSKIPTALAND/FRAMLEIÐSLULAND

Útfylling þessa reits er valfrjáls fyrir samningsaðila í samræmi við þarfir þeirra.

REITUR 12: VERÐMÆTISUPPLÝSINGAR

Útfylling þessa reits er valfrjáls fyrir samningsaðila (upplýsingar sem nauðsynlegar eru til að ákveða tollverð, hagskýrsluverð eða gjaldstofn).

REITUR 13: S.L.S.

Útfylling þessa reits er valfrjáls fyrir samningsaðila (upplýsingar um framkvæmd sameiginlegrar landbúnaðarstefnu S.L.S.).

REITUR 14: SKÝRSLUGJAFI EÐA UMBOÐSAÐILI VIÐTAKANDA

Færið inn fullt nafn og heimilisfang hlutaðeigandi aðila í samræmi við gildandi reglur. Ef skýrslugjafi og viðtakandi eru einn og sami aðili skal rita orðið „viðtakandi“.

Kennitölu geta samningsaðilar ritað hér (kennitölu sem úthlutað er hlutaðeigandi aðila af þar til bærum yfirvöldum vegna skattheimtu, hagskýrslugerðar eða í öðrum tilgangi).

REITUR 15: SENDINGARLAND, ÚTFLUTNINGSLAND

Útfylling þessa reits er valfrjáls fyrir samningsaðila. Færið inn nafn landsins sem vörurnar voru fluttar út frá. Færið lykil hlutaðeigandi lands í reit 15a.

Reit 15b má ekki nota.

REITUR 16: UPPRUNALAND

Útfylling þessa reits er valfrjáls fyrir samningsaðila. Ef skýrslan nær til ýmissa vara af ólíkum uppruna skal skrá orðið „ýmis“ í þennan reit.

REITUR 17: ÁKVÖRÐUNARLAND

Útfylling þessa reits er valfrjáls fyrir samningsaðila. Færið inn nafn hlutaðeigandi lands.

Færið lykil hlutaðeigandi lands í reit 17a.

Skráðið ákvörðunarlandsvæði varanna í reit 17b.

REITUR 18: AUÐKENNI OG ÞJÓÐERNI FLUTNINGSFARS VIÐ KOMU

Útfylling þessa reits er valfrjáls fyrir samningsaðila. Færið inn auðkennið, t.d. skráningarnúmer eða nafn flutningsfars (vörubíls, skips, lestarvagns eða flugvélar) sem vörunum var skipað á við sýningu á tollstöð þar sem formsatriði við innflutning eru uppfyllt. Á eftir skal rita þjóðerni flutningsfars (eða þjóðerni þess farartækis sem knýr hin ef um mörg flutningsför er að ræða) í samræmi við lyklna sem mælt er fyrir um í þessu skyni. Ef t.d. er notað dráttartæki og tengivagn með mismunandi skráningarnúmerum skal færa inn skráningarnúmer dráttartækisins og tengivagnsins ásamt þjóðerni dráttartækisins.

Ef um er að ræða póstsendingar eða flutning á föstum flutningaleiðum skal ekkert fært inn í reitinn um skráningarnúmerið eða þjóðernið.

Þegar flutt er með járnbrautarlest á ekki að fylla út liðinn um þjóðerni.

REITUR 19: GÁMUR

Færið inn nauðsynlegar upplýsingar í samræmi við lyklna í III. viðauka.

REITUR 20: AFHENDINGARSKILMÁLAR

Útfylling þessa reits er valfrjáls fyrir samningsaðila (vísar til ákveðinna skilmála í kaupsamningi).

REITUR 21: AUÐKENNI OG ÞJÓÐERNI VIRKS FLUTNINGSFARS VIÐ FLUTNING YFIR LANDAMÆRI

Útfylling þessa reits er valfrjáls fyrir samningsaðila hvað auðkenni áhrærir. Útfylling þessa reits er skyldubundin hvað þjóðerni varðar.

Ef um er að ræða póstsendingar, flutning með lest eða á föstum flutningaleiðum skal þó ekkert fært inn um skráningarnúmer eða þjóðerni.

Færið inn, með því að nota víðeigandi lykil, tegund (t.d. vörubíll, skip, lestarvagn, flugvél) og þar á eftir auðkenni, t.d. skráningarnúmer eða nafn virks flutningsfars (þ.e. flutningsfars sem knýr hin) sem notað er þar sem færið er yfir landamæri við komu til ákvörðunarlandsins, en því næst þjóðerni þess.

Ef um er að ræða blandaða flutninga eða nokkur flutningsför eiga í hlut þá er virkt flutningsfar það sem knýr öll hin. Ef vörubíll er t.d. fluttur á skipi er skipið virkt flutningsfar; ef saman fara dráttartæki og tengivagn þá er dráttartækið virkt flutningsfar.

REITUR 22: MYNT OG HEILDARFJÁRHÆÐ REIKNINGS

Útfylling þessa reits er valfrjáls fyrir samningsaðila (færið inn lykil þeirrar myntar sem reikningur er gerður í, svo og heildarreikningsverð þeirra vara sem skýrsla er gerð um).

REITUR 23: GENGI

Útfylling þessa reits er valfrjáls fyrir samningsaðila (gildandi gengi milli myntar reiknings og myntar viðkomandi lands).

REITUR 24: TEGUND VIÐSKIPTA

Útfylling þessa reits er valfrjáls fyrir samningsaðila (vísar til ákveðinna skilmála í kaupsamningi).

REITUR 25: FLUTNINGSMÁTI YFIR LANDAMÆRI

Færið inn, samkvæmt lyklnum í III. viðauka, flutningsmáta miðað við virkt flutningsfar sem vörurnar voru fluttar á inn í ákvörðunarlandið.

REITUR 26: FLUTNINGSMÁTI INNANLANDS

Útfylling þessa reits er valfrjáls fyrir samningsaðila (í samræmi við lyklna í III. viðauka er vísar til þess flutningsmáta sem notaður er í viðkomandi landi).

REITUR 27: AFFERMINGARSTAÐUR

Útfylling þessa reits er valfrjáls fyrir samningsaðila. Færið inn, ef við á í formi lykils þar sem ráð er fyrir gert, nafn staðarins þar sem vörunum er skipað af virku flutningsfari sem flutti þær yfir landamæri ákvörðunarlandsins.

REITUR 28: FJÁRMÁLA- OG BANKAUPP-LÝSINGAR

Útfylling þessa reits er valfrjáls fyrir samningsaðila (yfurfærsla fjár í sambandi við viðkomandi viðskipti – upplýsingar um fjármálaleg formsatriði og reglur, svo og um bankaumsagnir).

REITUR 29: INNFLUTNINGSTOLLSTÖÐ

Útfylling þessa reits er valfrjáls fyrir samningsaðila (vísar til tollstöðvarinnar sem vörurnar fóru um við komu á landsvæði viðkomandi lands).

REITUR 30: GEYMSLUSTAÐUR

Útfylling þessa reits er valfrjáls fyrir samningsaðila (gefur nákvæmlega til kynna staðinn þar sem skoða má vörurnar).

REITUR 31: STYKKI OG VÖRULÝSING – MERKI OG NÚMER – GÁMANR. – TALA OG TEGUND

Færið inn merki, númer, tölu og tegund stykkja eða, þar sem óþakkaðar vörur eiga í hlut, færið þá inn tölu þeirra vara sem skýrslan nær til eða orðin „vara í lausu“, ef við á, ásamt nauðsynlegum upplýsingum til að auðkenna vörurnar. Með vörulýsingu er átt við eðlilega viðskiptalýsingu sem tjáð er svo ljóslega að vöruna megi þekkja og flokka á skjótan og ótvíræðan hátt. Þessi reitur verður einnig að innihalda upplýsingar sem þörf er á vegna sérstakra reglna (t.d. virðisauka-skattur og vörugjöld). Ef gámar eru notaðir skal einnig skrá auðkennismerki gámsins í þennan reit.

Þegar hlutadeigandi aðili hefur skráð orðið „ýmis“ í reit 16 (upprunaland) geta samningsaðilar krafist þess að nafn upprunalands viðkomandi vara verði skráð hér.

REITUR 32: VÖRULIÐUR NR.

Færið inn númer viðkomandi vöruliðar miðað við heildarfjölda vöruliða sem skýrslan er gerð um á þeim eyðublöðum sem notuð eru eins og skýrt var í skýringu við reit 5.

Þegar skýrslan nær aðeins yfir einn vörulið þurfa samningsaðilar ekki að krefjast útfyllingar þessa reits þar eð talan 1 var sett í reit 5.

REITUR 33: VÖRUNÚMER

Færið inn vörunúmer viðkomandi vöruliðar. Í öðrum og eftirfarandi hlutum reitsins geta samningsaðilar kveðið svo á um að notuð sé vörunafnaskrá í sérstöku skyni.

REITUR 34: LYKILL UPPRUNALANDS

Útfylling þessa reits er valfrjáls fyrir samningsaðila. Færið inn í reit 34a lykil landsins sem nefnt var í reit 16. Þegar orðið „ýmis“ er skráð í reit 16 færið þá inn lykil upprunalands viðkomandi vöruliðar. (Reit 34b má ekki nota.).

REITUR 35: ÞYNGD BRÚTTÓ

Útfylling þessa reits er valfrjáls fyrir samningsaðila. Færið inn brúttóþyngd varanna sem lýst er í samsvarandi reit 31, í kílógrömmum. Brúttóþyngd er heildarþyngd varanna með öllum umbúðum sínum að frátöldum gámum og öðrum flutningabúnaði.

REITUR 36: ÍVILNUN

Útfylling þessa reits er valfrjáls fyrir samningsaðila (vísad er til tollaívilnana sem við eiga).

REITUR 37: TOLLMEÐFERÐ

Færið inn þá tollmeðferð sem vörurnar eiga að hljóta samkvæmt skýrslu á ákvörðunarstað í samræmi við þá lykla sem mælt er fyrir um í þessu skyni.

REITUR 38: ÞYNGD NETTÓ

Færið inn nettóþyngd varanna sem lýst er í samsvarandi reit 31, í kílógrömmum. Nettóþyngd er þyngd varanna sjálfra án nokkurra umbúða.

REITUR 39: KVÓTAR

Útfylling þessa reits er valfrjáls fyrir samningsaðila (þar sem nauðsyn krefur við framkvæmd kvótalaga).

REITUR 40: HEILDARSKÝRSLA/FYRRA SKJAL

Útfylling þessa reits er valfrjáls fyrir samningsaðila (vísad er til heildarskýrslu sem notuð er í ákvörðunarlandinu eða skjala sem tengd eru fyrri stjórnafrakvæmd).

REITUR 41: MAGN Í ANNARRI EINGU

Til notkunar eins og nauðsynlegt er í samræmi við vörunafnaskrána. Færið inn magn vöruliðanna í þeirri einingu sem mælt er fyrir um í vörunafnaskránni.

REITUR 42: VÖRIVERÐ

Útfylling þessa reits er valfrjáls fyrir samningsaðila (færið inn þann hluta verðsins, sem sýnt var í reit 22, sem svarar til verðs þessa vöruliðar).

REITUR 43: VA-LYKILL

Útfylling þessa reits er valfrjáls fyrir samningsaðila (naudsynlegar upplýsingar til verðákvörðunar (va) í sambandi við tollverð, hagskýrsluverð eða gjaldstofn).

REITUR 44: VIÐBÓTARUPPLÝSINGAR, FRAMLÖGÐ SKJÖL, VOTTORÐ OG LEYFI

Færið inn upplýsingar sem krafist er samkvæmt sérstökum reglum er gilda í ákvörðunarlandinu ásamt tilvísun í skjöl þau sem lögð eru fram með skýrslunni. (Þetta nær til raðnúmers á eftirlitsein-taki T5, númers á útflutningsleyfi, gagna um reglur um dýra- og plöntusjúkdóma og farmbréfsnúmers.). Reitshlutann „Vu-lykill“ má ekki nota.

REITUR 45: UMREIKNINGSGRUNNUR

Útfylling þessa reits er valfrjáls fyrir samningsaðilana (naudsynlegar upplýsingar til að ákvarða tollverð, hagskýrsluverð eða gjaldstofn).

REITUR 46: HAGSKÝRSLUVERÐ

Færið inn upphæð hagskýrsluverðs í þeirri mynt sem samningsaðili tilskilur í samræmi við gildandi ákvæði.

REITUR 47: ÚTREIKNINGUR GJALDA

Samningsaðilar geta krafist þess að eftirfarandi verði sýnt í hverri línu, eftir því sem við á, með þar til gerðum lykllum:

- tegund gjalds (útflutningstollar),
- gjaldstofn,
- taxti gjaldtöku,
- fjárhæð gjalds, þannig reiknað,
- greiðslumáti sem valinn er (GM).

REITUR 48: GREIÐSLUFRESTUR

Útfylling þessa reits er valfrjáls fyrir samningsaðila (tilvísun til viðkomandi heimildar).

REITUR 49: AUÐKENNI VÖRUGEYMSLU

Útfylling þessa reits er valfrjáls fyrir samningsaðila.

REITUR 54: STAÐUR OG DAGSETNING; UNDIRSKRIFT OG NAFN SKÝRSLU-GJAFNA EÐA UMBOÐSAÐILA HANS

Í samræmi við sérstök ákvæði, sem sett verða um notkun tölvukerfa, skal frumrit eiginhandarundirskriftar viðkomandi aðila vera skráð á það eintak sem eftir á að verða á ákvörðunartollstöð, og á eftir komi fullt nafn þess aðila. Þegar hlutaðeigandi aðili er lögpersóna skal sá sem skrifar undir bæta stöðu sinni við á eftir undirritun og nafni sínu ef samningsaðilar krefjast þess.

III. HLUTI**Athugasemdir um framhaldsblöðin**

- A. Framhaldsblöð skal aðeins nota ef skýrslan nær yfir fleiri en einn vörulið (sbr. reit 5). Þau þarf að leggja fram með eyðublaði.
- B. Athugasemdirnar í I. og II. hluta hér að framan eiga einnig við framhaldsblöðin. Þó er reitur 2/8 valfrjáls fyrir samningsaðila og skal aðeins sýna nafn viðkomandi aðila, svo og kennitölu hans ef til er. Samantektarhlutinn í reit 47 á við heildarfjárhæð allra vöruliðanna á þeim eyðublöðum sem notuð eru. Því skal aðeins nota hann á síðasta framhaldsblaðinu, sem fylgir eyðublaði samskjalsins, til að sýna heildarfjárhæð fyrir hverja tegund gjalds og heildarfjárhæð álagðra gjalda.
- C. Ef framhaldsblöð eru notuð skal strika yfir reitina „vörulýsing“, sem ónotaðir eru, til að koma í veg fyrir að ritað verði í þá síðar.

III. VIÐAUKI**Lyklar sem nota á í samskjalinu****REITUR 1: SKÝRSLA**

Fyrsti hluti reits.

Táknið „EU“ verður að nota fyrir:

- skýrslu um útflutning til annarra samningsaðila;
- skýrslu um innflutning frá öðrum samningsaðila.

Þriðji hluti reits.

Þennan hluta reits skal aðeins fylla út þegar eyðublaðið á að nota við umflutning.

REITUR 19: GÁMUR

Viðeigandi lykjar eru sýndir hér á eftir:

0: vörur sem eru ekki fluttar í gámum;

1: vörur sem eru fluttar í gámum.

REITUR 25: FLUTNINGSMÁTI YFIR LANDAMÆRI

Listi yfir viðeigandi lykja er sýndur hér á eftir:

Lykill fyrir flutningsmáta, póst og aðrar sendingar:

A. Eins stafs lykill (skylda)

B. Tveggja stafa lykill (annar stafurinn valfrjáls fyrir samningsaðila)

- | | | |
|----|----|---|
| A. | B. | Nánari merking |
| 1 | 10 | Flutningar á sjó |
| | 12 | Lesturvagn á skipi |
| | 16 | Vélknúið ökutæki á vegum, flutt á skipi |
| | 17 | Tengivagn eða aftanívagn á skipi |
| | 18 | Vatnaskip á úthafsskipi |

| | | |
|---|----|-----------------------------------|
| 2 | 20 | Lestarflutningar |
| | 23 | Ökutæki á vegum, flutt á skipi |
| 3 | 30 | Flutningar á vegum |
| 4 | 40 | Lofthlutningar |
| 5 | 50 | Póstflutningar |
| 7 | 70 | Fastar flutningaleiðir |
| 8 | 80 | Flutningar á ám og vötnum |
| 9 | 90 | Fyrir eigin afli |

REITUR 26: FLUTNINGSMÁTI INNAN- LANDS

Lyklar fyrir reit 25 gilda hér.

REITUR 33: VÖRUNÚMER

Fyrsti hluti reits.

Í bandalaginu skal rita átta stafa tölu sameiginlegu vörunafnaskrárinnar. Í EFTA-löndunum skal skrifa vinstra megin í þennan hluta reitsins sex stafa tölu samræmdu vörunafna- og vörunúmeraskrárinnar.

Aðrir hlutar reitsins.

Þeir skulu fylltir út í samræmi við aðra sérstaka lykla sem samningsaðilar tiltaka (þetta ætti að skrifa þétt aftan við fyrsta hluta reitsins).

AUGLÝSING

um samning um sameiginlegar umflutningsreglur.

Samþykktarskjal Íslands vegna samnings um sameiginlegar umflutningsreglur, sem gerður var í Interlaken 20. maí 1987, var afhent skrifstofu ráðs Evrópubandalaganna 28. október 1987. Samningurinn öðlast gildi 1. janúar 1988.

Samningurinn er birtur sem fylgiskjal með auglýsingu þessari.

Þetta er hér með gert almenningi kunnugt.

Utanríkisráðuneytið, Reykjavík, 20. nóvember 1987.

Steingrímur Hermannsson.

Hannes Hafstein.

Fylgiskjal.

SAMNINGUR

um sameiginlegar umflutningsreglur

Lýðveldið Austurríki, lýðveldið Finnland, lýðveldið Ísland, kongungsríkið Noregur, ríkjasambandið Sviss og kongungsríkið Svíþjóð (hér á eftir nefnd EFTA-löndin) og Efnahagsbandalag Evrópu (hér á eftir nefnt bandalagið),

sem hafa í huga fríverslunarsamningana milli bandalagsins og einstakra EFTA-landa,

hafa í huga sameiginlega yfirlýsingu um evrópskt efnahagssvæði, sem samþykkt var af ráðherrum EFTA-landanna og bandalagsins og framkvæmdanefnd Evrópubandalaganna í Lúxemborg 9. apríl 1984, sérstaklega með tilliti til einföldunar á landamæraeftirliti og upprunareglum,

hafa í huga samninginn um einföldun formsatriða í vöruviðskiptum sem gerður hefur verið milli EFTA-landanna og bandalagsins þar sem tekið er upp samræmt stjórnsýsluskjal til notkunar í slíkum viðskiptum,

hafa í huga að notkun þessa samskjals á grundvelli sameiginlegra reglna um umflutning vara milli bandalagsins og EFTA-landanna og milli EFTA-landanna innbyrðis muni leiða til einföldunar,

hafa í huga að vísasta leiðin til að ná þessu marki sé að láta gildandi reglur um umflutning vara innan bandalagsins, milli bandalagsins og Austurríkis og Sviss og milli Austurríkis og Sviss, taka einnig til þeirra EFTA-landa sem beita þeim ekki,

hafa einnig í huga norrænu umflutningsreglurnar sem í gildi eru milli Finnlands, Noregs og Svíþjóðar,

hafa ákveðið að gera eftirfarandi samning:

Almenn ákvæði

1. gr.

1. Samningur þessi kveður á um umflutning vara milli bandalagsins og EFTA-landanna, svo og milli-EFTA landanna sjálfra, m.a., þar sem það á við, umskipun, endurútlutning eða geymslu í vörugeymslu, með því að setja sameiginlegar umflutningsreglur án tillits til tegundar eða uppruna varanna.

2. Að óbreyttum ákvæðum samnings þessa, einkum ákvæðunum um ábyrgðir, teljast sameiginlegar umflutningsreglur bandalagsins gilda um flutning vara í bandalaginu.

3. Gerð er grein fyrir sameiginlegu umflutningsreglunum í I. og II. viðbæti við samning þennan, sbr. þó ákvæði 7. – 12. gr. hér á eftir.

4. Að því er varðar sameiginlegu umflutningsreglurnar skulu umflutningsskýrslur og umflutningsskjöl vera í samræmi við og fyllt út samkvæmt ákvæðum III. viðbætis við samning þennan.

2. gr.

1. Sameiginlegu umflutningsreglurnar verða hér á eftir nefndar T1-reglurnar eða T2-reglurnar eftir því sem við á.

2. T1-reglunum má beita um hvers konar vörur sem fluttar eru í samræmi við 1. mgr. 1. gr.

3. T2-reglurnar gilda um vörur sem fluttar eru í samræmi við 1. mgr. 1. gr.:

a) í bandalaginu, eingöngu þegar vörurnar uppfylla skilyrði þau sem kveðið er á um í 9. og 10. gr. samningsins um stofnun Efnahagsbandalags Evrópu og hafa ekki hlotið tollmeðferð vegna endurgreiðslna við útlutning til landa, sem eru ekki aðildarríki bandalagsins, í samræmi við sameiginlegu landbúnaðarstefnuna, eða þegar vörurnar heyra undir samninginn um stofnun Kola- og stálbandalags Evrópu og þær má samkvæmt ákvæðum þess samnings flytja frjálst innan bandalagsins (bandalagsvörur);

b) í EFTA-landi, eingöngu þegar vörurnar hafa komið til þess EFTA-lands samkvæmt T2-reglunum og eru fluttar aftur út í samræmi við hina sérstöku skilmála í 9. gr. hér á eftir.

4. Hinir sérstöku skilmálar, sem kveðið er á um í samningi þessum að því er varðar meðferð vara samkvæmt T2-reglunum, skulu einnig gilda við útgáfu T2L-skjala varðandi staðfestingu á banda-

lagsréttindum vara og skulu vörur, sem T2L-skjal tekur til, meðhöndlaðar með sama hætti og vörur sem fluttar eru samkvæmt T2-reglunum en þó þarf T2L-skjal ekki að fylgja vörunum.

3. gr.

1. Í samningi þessum er með orðinu:

a) „umflutningur“ átt við tollmeðferð þar sem vörur eru fluttar undir tolletirliti frá tollstöð í einu landi til tollstöðvar í sama eða öðru landi yfir að a.m.k. ein landamæri;

b) „land“ átt við sérhvert EFTA-land og sérhvert aðildarríki bandalagsins;

c) „þriðja land“ átt við sérhvert ríki sem hvorki er EFTA-land né aðildarríki bandalagsins.

2. Við beitingu þeirra reglna, sem kveðið er á um í samningi þessum varðandi T1- og T2-reglurnar, skulu EFTA-löndin og bandalagið og aðildarríki þess hafa sömu réttindi og skyldur.

4. gr.

1. Samningur þessi skal ekki á neinn hátt hafa áhrif á beitingu annarra alþjóðasamninga um umflutning, einkum TIR-reglnanna eða Rínavskrárinnar, nema að því er varðar takmarkanir á slíki beitingu varðandi flutning á vörum frá einum stað til annars í bandalaginu og takmarkanir á útgáfu T2L-skjala varðandi staðfestingu á bandalagsréttindum vara.

2. Samningur þessi skal heldur ekki hafa áhrif á:

a) flutning vara samkvæmt reglum um tímabundinn innflutning og

b) samninga um landamæraumferð.

5. gr.

Sé ekki samningi til að dreifa milli samningsaðila og þriðja lands um að vörur í flutningi milli samningsaðilanna megi flytja um það þriðja land samkvæmt T1- eða T2-reglunum skulu slíkar reglur eingöngu gilda um vörur í flutningi um það þriðja land ef flutningur um það land fer fram á grundvelli eins flutningsskjals sem útbúið hefur verið á landsvæði samningsaðila og framkvæmd afgreiðslunnar er felld niður á landsvæði þriðja landsins.

6. gr.

Að því tilskildu að tryggð sé framkvæmd hvers konar ráðstafana varðandi vörurnar geta lönd, samkvæmt T1- eða T2-reglunum, tekið upp einfaldari reglur með umferð með tvihlíða eða marghlíða samningum. Slíkir samningar skulu tilkynntir framkvæmdanefnd Evrópubandalaganna sem skal kunngera það hinum löndunum.

Framkvæmd umflutningsreglanna

7. gr.

1. Leiði ekki annað af sérákvæðum samnings þessa hafa þar til bærar tollstöðvar EFTA-landanna heimild til að taka að sér störf brottfarar-, umflutnings-, ákvörðunar- og ábyrgðartollstöðva.

2. Þar til bærar tollstöðvar aðildarríkja bandalagsins skulu hafa heimild til að gefa út T1- eða T2-skjöl um umflutning til ákvörðunartollstöðvar sem er í EFTA-landi. Leiði ekki annað af sérákvæðum í samningi þessum skulu þær einnig hafa heimild til að gefa út T2L-skjöl yfir vörur sem senda á til EFTA-lands.

3. Þegar nokkrar vörusendingar eru sameinaðar og skipað út í eitt flutningsfar, í skilningi 2. mgr. 16. gr. í I. viðbæti, og sendar sem safnhleðsla af einum ábyrgðaraðila með einni T1- eða T2-afgreiðslu frá brottfarartollstöð til ákvörðunartollstöðvar til afhendingar einum viðtakanda getur samningsaðili krafist þess að þær sendingar skuli, nema í hreinum undantekningartilvikum, vera í einni T1- eða T2-skýrslu ásamt viðeigandi hleðsluskram.

4. Þrátt fyrir skilyrðið um staðfestingu á bandalagsréttindum vara, þar sem það á við, skal aðila, sem gengur frá útflutningskjöllum við landamæratollstöð samningsaðila, ekki gert að láta afgreiða sendar vörur samkvæmt T1- eða T2-reglunum, óháð því eftir hvaða reglum vörurnar verða afgreiddar á nálægri landamæratollstöð.

5. Þrátt fyrir skilyrði um staðfestingu á bandalagsréttindum vara, þar sem það á við, getur landamæratollstöð samningsaðila, þar sem uppfylla á formsatriði við útflutning, neitað að afgreiða vörurnar samkvæmt T1- eða T2-reglunum ef þeirri afgreiðslu á að ljúka á nálægri landamæratollstöð.

8. gr.

EKKI MÁ BÆTA VIÐ, FJARLÆGJA Eða SKIPTA UM VÖRUR SEM SENDAR ERU ÁFRAM SAMKVÆMT T1- Eða T2-SKJALI, sérstaklega þegar um er að ræða sendingar sem skipt hefur verið upp, umskipað eða eru í lausri vigt.

9. gr.

1. Vörur, sem fluttar eru til EFTA-lands samkvæmt T2- reglunum og flytja má aftur út samkvæmt þeim, skulu ávallt vera undir eftirliti tollyfirvalda í því landi til að tryggja að engin breyting verði á auðkenni þeirra eða ástandi.

2. Þegar slíkar vörur eru fluttar aftur út frá EFTA-landi eftir að hafa hlotið í því EFTA-landi aðra tollmeðferð en leiðir af umflutningi eða

vörslu í vörugeymslu er óheimilt að beita T2-reglunum.

Ákvæði þetta skal þó ekki gilda um vörur sem heimilað er að sýndar verði um stundarsakir á sýningum, kaupstefnum eða áþekktum opinberum sýningum og hafa ekki hlotið neina vinnslu aðra en þá sem nauðsynleg er til að varðveita þær í upprunalega ástandi sínu eða til að skipta upp sendingum.

3. Þegar vörur eru fluttar aftur út frá EFTA-landi eftir að hafa verið í geymslu samkvæmt reglum um vörugeymslur er eingöngu heimilt að beita T2-reglunum að uppfylltum eftirfarandi skilyrðum:

- að vörurnar hafi ekki verið geymdar lengur en fimm ár í vörugeymslu; að því er varðar vörur sem falla undir 1.–24. kafla tollnafnaskrárinnar um flokkun vara í tollskrá (Alþjóðasamning um samræmda vörulýsingar- og vörunúmeraskrá frá 14. júní 1983) skal frestur þessi þó takmarkaður við sex mánuði;
- að vörurnar hafi verið geymdar á sérstöku svæði og ekki hlotið neina vinnslu aðra en þá sem nauðsynleg er til að varðveita þær í upprunalega ástandi sínu eða til að skipta upp sendingum án þess að skipta um umbúðir;
- að hvers konar vinnsla hafi farið fram undir tolleftirliti.

4. Í sérhverju T2- eða T2L-skjali, sem gefið er út af tollstöð í EFTA-landi, skal vísað til viðkomandi T2- eða T2L-skjals sem vörunum fylgdu til þess EFTA-lands og bera með sér allar sérstakar áritanir sem þar eru sýndar.

10. gr.

1. Leiði ekki annað af 2. mgr. hér á eftir eða viðbættunum við samning þennan skal sérhver T1- eða T2-afgreiðsla tryggð með ábyrgð er sé gild fyrir öll lönd sem afgreiðslan snertir.

2. Ákvæði 1. mgr. skulu ekki hafa áhrif á:

- a) rétt samningsaðila til að semja sín á milli um niðurfellingu ábyrgðar vegna T1- eða T2-afgreiðslna sem eingöngu varða landsvæði þeirra;
- b) rétt samningsaðila til að gera ekki kröfu um ábyrgð fyrir hluta T1- eða T2-afgreiðslu milli brottfarartollstöðvar og fyrstu umflutnings-tollstöðvar.

3. Að því er varðar fastagjaldsábyrgð, sem kveðið er á um í I. og II. viðbæti við samning þennan, er með Evrópumynt (ECU) átt við samtölu sem í eru neðangreindar fjárhæðir:

| | |
|---------|--------------------|
| 0,719 | þýsk mörk |
| 0,0878 | sterlingspund |
| 1,31 | franskur franki |
| 140 | ítalskar lírur |
| 0,256 | hollensk gyllini |
| 3,71 | belgiskur franki |
| 0,14 | Lúxemborgarfrankar |
| 0,219 | danskar krónur |
| 0,00871 | írskt pund |
| 1,15 | grískar drökmur. |

Verðmæti Evrópumyntarinnar í tiltekinni mynt skal vera jafnt summu gengisverðs þeirrar myntar fyrir þær fjárhæðir sem tilgreindar eru hér að framan.

11. gr.

1. Til þess að tryggja að kennsl verði borin á vörur skal hafa sem meginreglu að innsigla þær.

2. Eftirfarandi skal innsiglað:

- a) rýmið þar sem vörurnar eru þegar flutningsför hafa þegar verið viðurkennd samkvæmt öðrum tollareglum eða viðurkennd af brottfarartollstöð sem hæf til innsigunar;
- b) hver einstakur pakki í öðrum tilvikum.

3. Viðurkenna má flutningsför hæf til innsigunar með eftirfarandi skilyrðum:

- a) að innsigli verði auðveldlega og tryggilega fest við þau;
- b) þau séu þannig byggð að engar vörur verði fjarlægðar eða vörum bætt við án þess að skilin verði eftir sýnileg verksummerki um að við þau hafi verið átt eða án þess að rjúfa innsiglin;
- c) í þeim séu ekki leynd rými þar sem fela má vörur;
- d) rými, sem ætluð séu fyrir farm, séu auðveld aðkomu vegna tolleftirlits.

4. Brottfarartollstöð getur látið vera að innsigla ef, að teknu tilliti til annarra möguleika til að bera kennsl á vörur, lýsing á vörunum í T1- eða T2-skýrslunni eða í viðbótarskjölum gerir þær auðþekkjandlegar.

12. gr.

1. Þar til reglur hafa verið samþykktar um skipti á tölfraðilegum upplýsingum til að tryggja að EFTA-löndin og aðildarríki bandalagsins hafi nauðsynleg gögn til hagskýrslugerðar um umflutning skal viðbótareintak af eintaki nr. 4 af T1- og T2-skjalinu útvegað eftirfarandi aðilum til tölfraðilegra nota nema samningsaðili geri ekki kröfu til þess:

- a) fyrstu umflutningstollstöð í sérhverju EFTA-landi;

- b) fyrstu umflutningstollstöð í bandalaginu að því er varðar vörur er hlotið hafa T1- eða T2-afgreiðslu sem hafin er í EFTA-landi.

2. Viðbótareintaksins, sem nefnt er hér að framan, verður þó ekki krafist þegar vörurnar eru fluttar samkvæmt þeim skilmálum sem kveðið er á um í I. kafla IV. hluta í II. viðbæti.

3. Ábyrgðaraðili eða umboðsaðili hans skal, sé þess óskað af þeirri ríkisstofnun sem annast hagskýrslugerð um umflutning, láta í té allar upplýsingar varðandi T1- eða T2-skjöl sem nauðsynlegar eru við hagskýrslugerðina.

Aðstoð stjórnvalda

13. gr.

1. Tollyfirvöld viðkomandi landa skulu veita hvert öðru hvers konar tiltækur upplýsingar sem mikilvægar eru til þess að ganga úr skugga um rétta framkvæmd samningsins.

2. Sé það talið nauðsynlegt skulu tollyfirvöld viðkomandi landa skiptast á öllum niðurstöðum, skjölum, skýrslum, málgögnum og upplýsingum um flutninga sem fram fara samkvæmt T1- eða T2-reglunum, svo og um misferli eða brot í tengslum við slíka flutninga.

Enn fremur skulu þau, ef nauðsyn krefur, skiptast á öllum niðurstöðum varðandi vörur í þeim tilvikum þar sem gert er ráð fyrir gagnkvæmri aðstoð enda hafi verið farið með þær samkvæmt reglum um tollgeymslur.

3. Leiki grunur á misferli eða broti varðandi vörur sem fluttar hafa verið frá einu landi til annars, farið hafa um land eða verið geymdar samkvæmt reglum um vörugeymslur skulu tollyfirvöld viðkomandi landa, sé þess óskað, skiptast á upplýsingum:

- a) um skilyrði við flutning varanna:

- hver var komustaður þeirra samkvæmt T1-, T2- eða T2L-skjali til landsins sem beiðninni er beint til, án tillits til hvernig þær voru fluttar aftur út, eða
- hvaðan þær voru fluttar aftur út samkvæmt T1-, T2- eða T2L-skjali frá landinu sem beiðninni er beint til, án tillits til þess hvernig þær komu;

- b) um skilyrði við vörslu þessara vara í vörugeymslu þar sem þær komu til landsins, sem beiðninni er beint til, samkvæmt T1-, T2- eða T2L-skjali eða hvaðan þær voru fluttar aftur út frá því landi samkvæmt T2- eða T2L-skjali.

4. Í beiðni, sem sett er fram skv. 1. 3. mgr., skal tilgreina málið eða málin sem hún tekur til.
5. Ef tollyfirvald einhvers lands óskar eftir

aðstoð sem það gæti ekki sjálft veitt samkvæmt beiðni skal það vekja athygli á því í beiðninni. Það skal háð mati þess tollyfirvalds sem beiðninni er beint til hvort við henni verður orðið.

6. Upplýsingar, sem fengnar eru skv. 1.–3. mgr., skal einvörðungu nota á grundvelli samnings þessa og skal þeim veitt sama vernd af viðtökulandinu og veitt er upplýsingum af líkum toga samkvæmt lögum þess lands. Slíkar upplýsingar má aðeins nota í öðrum tilgangi með skriflegu samþykki þess tollyfirvalds sem veitti þær og með þeim takmörkunum sem það yfirvald setur.

Sameiginlega nefndin

14. gr.

1. Sameiginleg nefnd er hér með sett á stofn og skal sérhver aðili að samningi þessum eiga þar sinn fulltrúa.

2. Ákvarðanir sameiginlegu nefndarinnar skulu teknar samhljóða.

3. Sameiginlega nefndin skal koma saman þegar nauðsyn krefur en þó eigi sjaldnar en einu sinni á ári. Sérhver samningsaðili getur farið fram á að fundur verði haldinn.

4. Sameiginlega nefndin skal sjálf setja sér fundarsköp sem skulu m.a. hafa að geyma ákvæði um boðun funda, tilnefningu formanns og starfstímabil hans.

5. Sameiginlega nefndin getur ákveðið að skipa undirnefndir eða starfshópa sér til aðstoðar við lausn verkefna sinna.

15. gr.

1. Sameiginlega nefndin skal annast framkvæmd samnings þessa og tryggja rétta framkvæmd hans. Í því skyni skulu samningsaðilar upplýsa hana reglulega um reynsluna af framkvæmd samningsins og gerir hún tillögur en í tilvikum, sem kveðið er á um í 3. mgr., skal hún taka ákvarðanir.

2. Einkum skal nefndin gera tillögur um:

- a) breytingar á samningi þessum, aðrar en þær sem vísað er til í 3. mgr.;
- b) aðrar nauðsynlegar ráðstafanir vegna framkvæmdar hans.

3. Nefndin skal með ákvörðun samþykkja:

- a) breytingar á viðbættum við samning þennan;
- b) breytingar á skilgreiningu Evrópumyntarinnar (ECU) eins og hún er ákveðin 3. mgr. 10. gr.;
- c) aðrar breytingar á samningi þessum ef þær leiðir af breytingum á viðbættunum;
- d) ráðstafanir sem gerðar skulu skv. 2. mgr. 28. gr. í I. viðbætti;

e) ráðstafanir til aðlögunar sem nauðsynlegar eru vegna inngöngu nýrra aðildarríkja í bandalagid.

Slíkar ákvarðanir ber samningsaðilinn að láta koma til framkvæmda í samræmi við sína eigin löggjöf.

4. Ef fulltrúi samningsaðila í sameiginlegu nefndinni hefur samþykkt ákvörðun með fyrirvara um að skilyrðum í stjórnlægum lands hans verði fullnægt skal ákvörðunin ganga í gildi á fyrsta degi annars mánaðar eftir að afturköllun fyrirvarans var tilkynnt hafi annar dagur ekki verið nefndur í ákvörðuninni.

Ýmis ákvæði og lokaákvæði

16. gr.

Sérhver samningsaðili skal gera videigandi ráðstafanir til að tryggja að ákvæði samnings þessa séu framkvæmd á virkan og samræmdan hátt enda sé tekið tillit til þess að þörf er á að draga eftir megni úr formsatriðum gagnvart framkvæmdaraðilum og að enn fremur er þörf á að vandamál, sem upp kunna að koma við framkvæmd þessara ákvæða, séu leyst á fullnægjandi hátt fyrir alla aðila.

17. gr.

Samningsaðilar skulu skiptast á upplýsingum um það með hvaða hætti þeir framkvæma samning þennan.

18. gr.

Ákvæði samnings þessa skulu ekki hindra bönn eða höft á innflutningi, útflutningi eða umflutningi vara sem sett eru af samningsaðilum eða aðildarríkjum bandalagsins og réttlætt eru af ástæðum sem varða almennt siðgæði, allsherjarreglu eða almannaoöruggi, verndun heilbrigðis og lífs manna, dýra eða jurta, verndun þjóðarverðmæta sem hafa listrænt, sögulegt eða fornleifafræðilegt gildi ellegar verndun eignarréttinda á sviði iðnaðar eða verslunar.

19. gr.

Viðbæturnir og viðbótarbókunin við samning þennan eru óaðskiljanlegur hluti hans.

20. gr.

1. Samningur þessi skal annars vegar taka til landsvæða sem samningurinn um stofnun Efnahagsbandalags Evrópu tekur til, með þeim skilyrðum sem sá samningur kveður á um, og hins vegar til landsvæða EFTA-landanna.

2. Samningur þessi skal einnig taka til furstadæmisins Liechtensteins meðan furstadæmið er

tengt ríkjasambandinu Sviss með samningi um tollabandalag.

21. gr.

Sérhver samningsaðili getur sagt samningi þessum upp að því tilskildu að hann tilkynni vörsluaðila það skriflega með tólf mánaða fyrirvara og skal vörsluaðilinn tilkynna það öllum öðrum samningsaðilum.

22. gr.

1. Samningur þessi skal ganga í gildi 1. janúar 1988 að því tilskildu að samningsaðilar hafi fyrir 1. nóvember 1987 afhent til vörslu samþykktarskjöl sín á skrifstofu ráðs Evrópubandalaganna sem gegnir hlutverki vörsluaðila.

2. Ef samningur þessi gengur ekki í gildi 1. janúar 1988 skal hann ganga í gildi á fyrsta degi annars mánaðar eftir að síðasta samþykktarskjalið hefur verið afhent til vörslu.

3. Vörsluaðilinn skal tilkynna hvaða dag samþykktarskjál hvers samningsaðila er afhent til vörslu, svo og gildistökudag samningsins.

23. gr.

1. Þegar samningur þessi gengur í gildi falla úr gildi samningar frá 30. nóvember 1972 og 23. nóvember 1972 um beitingu reglnanna um umflutning í bandalaginu sem Austurríki og Sviss gerðu hvort um sig við bandalagið, svo og samningur frá 12. júlí 1977 um víðtækari beitingu reglnanna um umflutning í bandalaginu sem þessi lönd og bandalagið gerðu.

2. Samningarnir sem nefndir eru í 1. mgr., skulu þó gilda áfram um T1- eða T2-afgreiðslur sem hafnar voru fyrir gildistöku samnings þessa.

3. Norrænu umflutningsreglurnar, sem í gildi eru milli Finnlands, Noregs og Svíþjóðar, falla úr gildi frá og með gildistökudegi samnings þessa.

24. gr.

Samningur þessi, sem gerður er í einu eintaki á dönsku, ensku, finnsku, frönsku, grísku, hollensku, íslensku, ítölsku, norsku, portúgölsku, spænsku, sænsku og þýsku, með öllum textunum jafngildum, skal varðveittur í skjalasafni skrifstofu ráðs Evrópubandalaganna sem skal senda sérhverjum samningsaðila staðfest endurrit af honum.

Gert í Interlaken 20. maí 1987.

I. VIÐBÆTIR

I. HLUTI

Almenn ákvæði

1. gr.

1. Umflutningsreglur þær sem kveðið er á um í samningi þessum gilda um flutning vara í samræmi við 1. gr. samningsins.

2. Það skulu vera T1- eða T2-reglurnar, sbr. 2. gr. samningsins.

2.-10. gr.

(Í viðbæti þessum er engin 2.-10. gr.)

11. gr.

Í samningi þessum

- a) merkir „ábyrgðaraðili“ þann, sem óskar sjálfur eða með umboðsmanni eftir leyfi í skýrslu í samræmi við tollareglur til að annast um flutning og gerist þar með sjálfur ábyrgur gagnvart þar til bærum yfirvöldum að því er varðar afgreiðsluna í samræmi við reglurnar;
- b) merkir „flutningsfar“ einkum:
 - hvers konar ökutæki, tengivagn, aftanívagn fyrir umferð á vegum;
 - hvers konar járnbrautarvagn;
 - hvers konar loftfar;
 - hvers konar gámur í merkingu Tollasamnings um gáma;
- c) merkir „brottfarartollstöð“ tollstöðina þar sem umflutningsafgreiðsla byrjar;
- d) merkir „umflutningstollstöð“:
 - tollstöð á innflutningsstað í öðru landi en brottfararlandinu;
 - einnig tollstöð á útflutningsstað frá samningsaðila þegar sendingin er að fara frá tollsvæði þess samningsaðila meðan á umflutningi stendur um landamæri milli samningsaðila og þriðja lands;
- e) merkir „ákvörðunartollstöð“ tollstöðina þar sem framvísa ber vörunum til þess að ljúka umflutningnum;
- f) merkir „ábyrgðartollstöð“ tollstöð þar sem heildarábyrgðin er sett;
- g) merkja „innri landamæri“ landamæri sem eru sameiginleg tveimur samningsaðilum.

Vörur, sem eru fermdar í höfn samningsaðila og affermdar í höfn annars samningsaðila, skulu taldar hafa farið um innri landamæri að því tilskildu að ein flutningsskjöl taki til sjóflutningsins.

Vörur, sem fluttar eru sjóleiðis frá þriðja landi og umskipað í höfn samningsaðila í því skyni að verði affermdar í höfn annars samningsaðila, skulu ekki taldar hafa farið um innri landamæri.

II. HLUTI

T1-reglur

12. gr.

1. Gerð skal grein fyrir hvers konar vörum sem flytja á samkvæmt T1-reglunum í T1-skýrslu í samræmi við skilyrði þau sem kveðið er á um í samningi þessum. Með T1-skýrslu er átt við skýrslu á eyðublaði sem er í samræmi við sýnishorn eyðublaða sem er að finna í III. viðbæti.

2. T1-eyðublaðið, sem vísað er til í 1. mgr., getur verið með viðauka þar sem við á, með einu eða fleiri T1- viðaukaeyðublaði í samræmi við sýnishorn viðaukaeyðublaða sem er að finna í III. viðbæti.

3. T1-eyðublöðum og T1-viðaukaeyðublöðin skulu prentuð og útfyllt á einu hinna opinberu tungumála samningsaðilanna sem samþykkt er af þar til bæru yfirvaldi í brottfararlandinu. Sé það nauðsynlegt geta þar til bær yfirvöld, sem sinna T1-afgreiðslu, krafist þýðingar yfir á hið opinbera tungumál eða eitt hinna opinberu tungumála þess lands.

4. T1-skýrslan skal undirrituð af þeim aðila sem óskar eftir leyfi til þess að fá T1-afgreiðslu eða af umboðsmanni hans og a.m.k. þrjú eintök skulu lögð fram á brottfarartollstöð.

5. Viðaukaskjöl, sem bætt er við T1-skýrsluna, teljast óaðskiljanlegur hluti hennar.

6. Flutningsskjalið skal fylgja T1-skýrslunni.

Brottfarartollstöð getur fallið frá því að skjali þessu sé framvísað við tollafgreiðslu. Flutningsskjalinu skal þó framvísað hvenær sem tollyfirvöld krefjast þess við flutninginn.

7. Þegar önnur tollmeðferð tekur við eftir T1-afgreiðslu í brottfararlandi skal þeirrar meðferðar getið í T1-skýrslunni eða í viðkomandi tollskjöllum.

13. gr.

Ábyrgðaraðili skal ábyrgjast:

- framvísun varanna óraskaðra á ákvörðunartollstöð innan tilskilins frests og tryggja með hæfilegu tilliti til þeirra ráðstafana sem gerðar hafa verið af þar til bærum yfirvöldum að borin verði kennsl á vörurnar;
- að virt séu ákvæði sem snerta T1-afgreiðsluna og umflutning á landsvæði sérhvers lands þar sem flutningur varanna fer fram.

14. gr.

1. Hvert land getur, með þeim skilyrðum sem það setur, kveðið á um notkun T1-skjalsins við afgreiðslu innanlands.

2. Viðbótarupplýsingar, veittar í T1-skjalinu í þeim tilgangi af öðrum aðila en ábyrgðaraðila,

eru á ábyrgð þess fyrrnefnda í samræmi við ákvæði laga, reglugerða eða stjórnvaldsfyrirmæla í hverju landi.

15. gr.

(Í viðbæti þessum er engin 15. gr.)

16. gr.

1. Ferma má sama flutningsfar á fleiri en einni brottfarartollstöð og afferma á fleiri en einni ákvörðunartollstöð.

2. Sérhver T1-skýrsla skal aðeins taka til vara sem skipað hefur verið út eða á að skipa út í eitt flutningsfar til flutnings frá brottfarartollstöð til ákvörðunartollstöðvar.

Í undanfarandi málslið skal eftirfarandi talið vera eitt flutningsfar að því tilskildu að vörurnar, sem fluttar eru, eigi að senda saman:

- ökutæki fyrir umferð á vegum ásamt tilheyrandi tengivagni (vögnum) eða aftanivagni (vögnum);
- lest hvers konar járnbrautarvagna;
- lest báta;
- gámar, skipað út í flutningsfar í merkingu þessarar greinar.

17. gr.

1. Brottfarartollstöð skal skrá T1-skýrslunnar, tilgreina innan hvaða frests vörunum beri að framvísa á tollstöð á ákvörðunarstað og gera þær ráðstafanir sem hún telur nauðsynlegar til að kennsl verði borin á vörurnar.

2. Þegar brottfarartollstöð hefur skráð í T1-skýrsluna þau atriði sem talin eru nauðsynleg skal hún halda eftir eintaki sínu og afhenda hin ábyrgðaraðila eða umboðsmanni hans.

18. gr.

(Í viðauka þessum er engin 18. gr.)

19. gr.

1. Eintök T1-skýrslunnar, sem afhent eru ábyrgðaraðila eða umboðsmanni hans af brottfarartollstöðinni, verða að fylgja vörunum.

2. Vörurnar skulu fluttar um flutningstollstöð þá sem nefnd er í T1-skjalinu. Ef sérstakar ástæður réttlæta má nota aðrar umflutningstollstöðvar.

3. Vegna eftirlits getur sérhvert land ákveðið umflutningsleiðir innan síns landsvæðis.

4. Sérhvert land skal láta framkvæmdanefnd Evrópubandalagsins í té skrá yfir tollstöðvar sem heimild hafa til að annast T1-afgreiðslur þar sem fram komi á hvaða tíma þær eru opnar.

Framkvæmdanefndin skal koma upplýsingum þessum á framfæri við önnur lönd.

20. gr.

Eintökum T1-skjalsins skal framvísað í hverju landi að kröfu tollyfirvalda og geta þau gengið úr skugga um að innsigli séu órofin. Vörurnar skulu ekki skoðaðar nema grunur leiki á um misferli er varðað gæti við lög.

21. gr.

Sendingin ásamt eintökum T1-skjalsins skal framvísað á hverri umflutningstollstöð.

22. gr.

1. Flutningsaðili skal afhenda hverri umflutningstollstöð umflutningstilkynningu. Form umflutningstilkynningarinnar er ákveðið í II. viðbæti.

2. Umflutningstollstöð skal ekki skoða vörurnar nema grunur leiki á um misferli sem varðað gæti við lög.

3. Ef vörur eru fluttar um aðra umflutningstollstöð en nefnd er í T1-skjalinu, sbr. 2. mgr. 19. gr., skal sú tollstöð án tafar senda umflutningstilkynninguna til þeirrar tollstöðvar sem nefnd er í skjalinu.

23. gr.

Þegar vörum er skipað út eða skipað upp á millitollstöð verður að framvísa eintökum T1-skjalsins sem útgefið hefur verið af brottfarartollstöð (stöðvum).

24. gr.

1. Án þess að gera nýja skýrslu má umskipa vörum, sem lýst er í T1-skjali, í annað flutningsfar undir eftirliti tollyfirvalda á landsvæði þess lands þar sem umskipunin fer fram. Í slíkum tilvikum skulu tollyfirvöld skrá videigandi upplýsingar á T1-skjalið.

2. Tollyfirvöld geta, með þeim skilyrðum sem þau ákveða, heimilað slíka umskipun án eftirlits. Í slíkum tilvikum skal flutningsaðili skrá videigandi upplýsingar á T1-skjalið og tilkynna næstu tollstöð þar sem verður að framvísa vörum svo að umskipunin sé formlega staðfest af tollyfirvöldum.

25. gr.

1. Hafi innsigli án ætlunar flutningsaðila verið brotið við flutning skal hann, svo fljótt sem audið er, óska eftir að staðfest skýrsla sé gerð í því landi þar sem flutningsfar er, af tollyfirvöldum ef þau eru nærri, en að öðrum kosti af þar til bærum yfirvöldum. Viðkomandi yfirvald skal setja nýtt innsigli verði því við komið.

2. Sé nauðsynlegt vegna óhapps að umskipa vöru í annað flutningsfar skulu ákvæði 24. gr. gilda.

Sé ekkert tollyfirvald nærri getur hvaða annað viðurkennt yfirvald sem er komið fram fyrir þess hönd samkvæmt ákvæðum 1. mgr. 24. gr.

3. Sé nauðsynlegt vegna yfirvofandi hættu að skipa upp farmi í heild eða að hluta getur flutningsaðili gripið til aðgerða að eigin frumkvæði. Hann skal skrá slíkar ráðstafanir á T1-skjalið. Ákvæði 1. mgr. skulu gilda í slíkum tilvikum.

4. Ef flutningsaðila, vegna óhapps eða af öðrum ástæðum sem upp koma meðan á flutningi stendur, er ómögulegt að gæta þeirra tímamarka sem um ræðir í 17. gr. skal hann tilkynna það án tafar þar til bæru yfirvaldi sem um ræðir í 1. mgr. Það yfirvald skal þá skrá videigandi upplýsingar á T1-skjalið.

26. gr.

1. Ákvörðunartollstöð skal skrá á eintak T1-skjalsins upplýsingar um eftirlit og senda án tafar brottfarartollstöðinni eitt eintak en halda öðru eftir.

2. (Í grein þessari er engin 2. mgr.)

3. Þegar vörum er framvísað eftir að tími sá er útrunninn sem ákveðinn er af brottfarartollstöð og ekki tókst að uppfylla það skilyrði af ástæðum, sem gerð er fullnægjandi grein fyrir að mati ákvörðunartollstöðvar og flutningsaðili eða ábyrgðaraðili gat ekki haft áhrif á, skal sá síðarnefndi talinn hafa uppfyllt sett skilyrði um frest.

4. Þrátt fyrir ákvæði 34. og 51. gr. II. viðbættis má ljúka afgreiðslu á annarri tollstöð en þeirri sem tilgreind er í T1-skjalinu enda tilheyri báðar tollstöðvarnar sama samningsaðila. Tollstöð þessi skal þá talin ákvörðunartollstöð.

Ef nauðsynlegt reynist í undantekningartilvikum að framvísa vörum til þess að ljúka umflutningi þeirra á annarri tollstöð en þeirri sem tilgreind er í T1-skjalinu og tollstöðvarnar tilheyra hvor sínum samningsaðila geta tollyfirvöld á þeirri tollstöð, þar sem vörum er framvísað, heimilað breytingu á ákvörðunartollstöð. Hin nýja ákvörðunartollstöð skal rita í reitinn „Eftirlit ákvörðunartollstöðvar“ á eintak T1-skjalsins sem endursenda á, auk venjulegra yfirlýsinga sem henni ber að gefa, einhverja af neðangreindum yfirlýsingum:

- „Differences: office where goods were presented (name and country)“
- „Forskelle: det toldsted, hvor varerne blev frembudt (navn og land)“

- „Unstimmigkeiten: Zollstelle der Gestellung (Name und Land)“
 - „Διαφορές: εμπορεύματα προσκομισθέντα στο τελωνείο (όνομα και χώρα)“
 - „Différences: marchandises présentées au bureau (nom et pays)“
 - „Differenze: ufficio al quale sono state presentate le merci (nome e paese)“
 - „Verschillen: kantoor waar de goederen zijn aangebracht (naam en land)“
 - „Diferencias: mercancías presentadas en la oficina (nomre y país)“
 - „Diferenças: mercadorias apresentadas ao escritorio (nome e país)“
 - „Muutos: toimpaikka, jossa tavarat esitetty (nimi ja maa)“
 - „Breyting: Tollstöð þar sem vöru var framvísað (Nafn og land)“
 - „Forskjell: der tollsted hvor varene ble fremlagt (navn og land)“
 - „Avvikelse: tullanstalt där varorna anmäldes (namn och land)“
- Engin slík breyting skal þó heimiluð á tollstöð á ákvörðunarstað að því er varðar T1-skjal sem ber einhverja eftirfarandi áritana:
- „Export from Community subject to restrictions“
 - „Udførsel fra Fællesskabet undergivet restriktioner“
 - „Ausgang aus der Gemeinschaft Beschränkungen unterworfen“
 - „Έξοδοζ από την Κοινότητα υποκειμένη σε περιορισμούς“
 - „Sortie de la Communauté soumise á des restrictions“
 - „Uscita dalla Comunità assoggettata a restrizioni“
 - „Verlaten van de Gemeenschap aan beperkingen onderworpen“
 - „Salida de la Comunidad sometida a restricciones“
 - „Saida da Comunidade sujeita a restrições“
 - „Export from the Community subject to duty“
 - „Udførsel fra Fællesskabet betinget af afgiftsbetaling“
 - „Ausgang aus der Gemeinschaft Abgabenerhebung unterworfen“
 - Έξοδοζ από την Κοινότητα υποκειμένη σε επιβάρυνση“
 - „Sortie de la Communauté soumise á imposition“
 - „Uscita dalla Comunità assoggettata a tassazione“

- „Verlaten van de Gemeenschap aan belastingheffing onderworpen“

- „Salida de la Comunidad sujeta a pago de derechos“

- „Saida da Comunidade sujeita a pagamento de imposições“

Tollstöð á brottfararstað skal ekki gefa T1-skjalið út fyrr en öllum skyldum, sem leiða af breytingu á tollstöð á ákvörðunarstað, hefur verið fullnægt. Þar sem það á við skal hún tilkynna tryggingaraðila ef útgáfa á sér ekki stað.

27. gr.

1. Til að tryggja innheimtu tolla og annarra gjalda, sem hverju landi er heimilt að leggja á vörur sem fara um landsvæði þeirra meðan á T1-afgreiðslu stendur, skal ábyrðaraðili setja tryggingu nema annað leiði af viðbæti þessum.

2. Trygging getur verið allsherjartrygging, sem tekur til fjölda T1-afgreiðslna, eða stök trygging sem tekur til einnar T1-afgreiðslu.

3. Leiði ekki annað af ákvæðum 2. mgr. 33. gr. skal trygging vera beina, full og ótakmörkuð ábyrgð þriðju persónu eða þriðju lögpersónu með aðsetri í landinu þar sem tryggingin er sett og eru samþykktar sem tryggingaraðili af því landi.

28. gr.

1. Tryggingaraðili samkvæmt ákvæðum 27. gr. skal bera ábyrgð á að tilnefna, í hverju landi sem vörurnar fara um meðan á T1-afgreiðslu stendur, þriðju persónu eða þriðju lögpersónu sem einnig verður tryggingaraðili fyrir ábyrgðaraðilann.

Slíkur tryggingaraðili verður að vera með aðsetri í viðkomandi landi og takast á hendur beina, fulla og ótakmarkaða ábyrgð ásamt ábyrgðaraðila á því að greiða þá tolla og gjöld sem leggja má á í því landi.

2. Framkvæmd 1. mgr. skal háð ákvörðun sameiginlegu nefndarinnar að lokinni athugun á því hvernig samningsaðilar hafi getað náð rétti sínum við innheimtu samkvæmt 36. gr.

29. gr.

1. Trygging samkvæmt 3. mgr. 27. gr. skal, eftir því sem við á, vera að formi til eins og annaðhvort þeirra ábyrgðarsýnishorna sem birt eru sem sýnishorn I eða II í viðauka við viðbæti þennan.

2. Þegar svo háttar samkvæmt landslögum, reglum, stjórnvaldsfyrirmælum eða venju getur hvert land leyft tryggingu í annarri mynd, að því tilskildu að hún hafi sömu réttaráhrif og skjöl þau sem birt eru sem sýnishorn.

30. gr.

1. Allsherjartrygging skal sett hjá ábyrgðartollstöð.

2. Ábyrgðartollstöð skal ákveða fjárhæð tryggingar, samþykjka skuldbindingu tryggingaraðilans og gefa út leyfi til ábyrgðaraðila til að hagnýta sér innan marka tryggingarinnar T1-fyrirkomulagið á hvers konar hátt án tillits til brottfarartollstöðvar.

3. Fyrir hvern aðila, sem öðlast hefur leyfi, skal gefa út tryggingarskírteini í einu eða fleiri ein-tökum með þeim skilyrðum sem ákveðin eru af þar til bærum yfirvöldum í viðkomandi landi. Kveðið er á um form tryggingarskírteinis í II. viðbæti.

4. Vísa skal til þessa skírteinis í hverri T1-skýrslu.

31. gr.

1. Ábyrgðartollstöð getur afturkallað leyfið ef sendur fyrir útgáfu þess eru brostnar.

2. Hvert land skal tilkynna framkvæmdanefnd Evrópubandalaganna sérhverja afturköllun á leyfi.

Framkvæmdanefndin skal koma upplýsingum þessum á framfæri við hin löndin.

32. gr.

1. Sérhvert land getur samþykkt að þriðja persóna eða þriðja lögpersóna, sem er tryggingaraðili samkvæmt skilmálum þeim sem kveðið er á um í 27. og 28. gr., ábyrgist, með einfaldri ábyrgð og fastagjaldi að fjárhæð 7.000 ECU að því er varðar hverja skýrslu, greiðslu tolla og annarra gjalda sem gætu komið til greiðslu meðan á T1-afgreiðslu stendur sem fram fer á hans ábyrgð án tillits til hver ábyrgðaraðilinn kann að vera. Ef flutningur á vörum felur í sér aukna áhættu, sérstaklega með tilliti til fjárhæðar tolla og annarra gjalda sem á þær leggjast í einu eða fleiri löndum, skal brottfarartollstöð ákveða hærri fastagjaldsfjárhæð.

Trygging, sem vísað er til í fyrsta málslíð, skal vera í samræmi við sýnishorn III í viðauka við viðbæti þennan.

2. Gengi ECU í mynt einstakra landa sem nota skal samkvæmt samningi þessum skal reiknað út einu sinni á ári.

3. Um eftirfarandi eru ákvæði í II. viðbæti:

- flutning vara sem gætu orðið tilefni hækkunar á fastagjaldsfjárhæðinni og skilyrði þess að slíkri hækkun verði beitt;
- skilyrði þess að tryggingu samkvæmt 1. mgr. verði beitt um tiltekna T1-afgreiðslu;
- ítarlegar reglur um beitingu gengis ECU í mynt einstakra landa.

33. gr.

1. Stök trygging, sett vegna einnar T1-afgreiðslu, skal sett hjá brottfarartollstöð.

2. Trygging getur verið innborgun í reiðufé. Í slíku tilviki skal fjárhæðin ákveðin af þar til bærum yfirvöldum í viðkomandi landi og verður að endurnýja trygginguna á hverri umflutnings-tollstöð í skilningi fyrsta atriðis d-liðar 11. gr.

34. gr.

Prátt fyrir ákvæði landslaga, þar sem kveðið er á um aðrar undanþágur, skal ábyrgðaraðili undanþeginn greiðslu tolla og annarra gjalda að því er varðar:

- vörur sem hafa eyðilagst af óviðráðanlegum ástæðum eða slysi sem ekki varð komist hjá og færðar eru fullnægjandi sönnur á; eða
- vantanir sem viðurkenndar eru af yfirvöldum og stafa af eðli varanna.

35. gr.

Tryggingaraðili skal leystur undan ábyrgð gagnvart landinu sem vörurnar voru fluttar um við T1-afgreiðslu þegar T1-skjalið hefur hlotið fullnaðarafgreiðslu á brottfarartollstöð.

Hafi tryggingaraðila ekki verið tilkynnt af þar til bærum yfirvöldum í útflutningslandinu að T1-skjalið hafi ekki hlotið fullnaðarafgreiðslu skal hann á sama hátt leystur undan ábyrgð að liðnum 12 mánuðum frá skráningardegi T1-skýrslunnar.

Hafi tryggingaraðila innan þess frests, sem ákveðinn er í 2. mgr., verið tilkynnt af þar til bærum yfirvöldum um að T1-skjalið hafi ekki hlotið fullnaðarafgreiðslu verður auk þess að tilkynna honum að honum sé eða kunni að verða gert að greiða þá fjárhæð sem hann er ábyrgur fyrir vegna þeirrar T1-afgreiðslu sem um er að ræða. Tilkynning þessi verður að berast tryggingaraðilanum eigi síðar en þremur árum frá skráningardegi T1-skýrslunnar. Hafi engin slík tilkynning verið birt áður en nefndur frestur rennur út skal tryggingaraðili sömu leiðis leystur undan ábyrgð.

36. gr.

1. Komi í ljós við T1-afgreiðslu að brot eða misferli hafi átt sér stað í tilteknu landi skal það land sjá um innheimtu tolla og annarra gjalda sem leggja má á í samræmi við ákvæði í lögum þess, reglum eða stjórnvaldsfyrirmælum, án þess að það komi í veg fyrir opinbera málshöfðun.

2. Sé ekki hægt að upplýsa hvar brot eða misferli átti sér stað skal það talið hafa verið framið:

- þegar brot eða misferli, meðan á T1-afgreiðslu stendur, kemst upp við umflutnings-

tollstöð sem er við innri landamæri: í því landi sem flutningsfarið eða vörunar fóru síðast frá;

- b) þegar brot eða misferli, meðan á T1-afgreiðslu stendur, kemst upp við umflutnings-tollstöð samkvæmt d-lið 11. gr.: í því landi sem sú tollstöð tilheyrir;
- c) þegar brot eða misferli, meðan á T1-afgreiðslu stendur, kemst upp á öðru landsvæði en þar sem umflutningstollstöð er: í því landi þar sem það kemst upp;
- d) þegar sendingu hefur ekki verið framvísað við tollstöð á ákvörðungarstað: í síðasta landi sem flutningsfarið eða vörunar hafa komið til samkvæmt umflutningstilkynningu;
- e) þegar brot eða misferli, kemst upp þegar T1-afgreiðsla er lokið: í því landi þar sem það kemst upp.

37. gr.

1. Útgáfa T1-skjals í samræmi við reglurnar, svo og ráðstafanir tollyfirvalda í einu landi til að bera kennsl á vörur, skal hafa sömu réttaráhrif í öðru landi og T1-skjöl gefin út í samræmi við reglurnar og ráðstafanir gerðar af tollyfirvöldum í hverju þessara landa til að bera kennsl á vörur.

2. Niðurstöður þar til bærra yfirvalda viðkomandi lands, sem komist er að vegna rannsóknar samkvæmt T1-reglum, skulu gilda á sama hátt í öðrum löndum og niðurstöður viðkomandi yfirvalda í sérhverju þessara landa.

38. gr.

(Í þessum viðbæti er engin 38. gr.)

III. HLUTI

T2-reglur

39. gr.

1. Fyrir hvers konar vörur sem flytja á samkvæmt T2-reglum skal gera T2-skýrslu í samræmi við ákvæði samnings þessa á eyðublaði sem er í samræmi við sýnishorn eyðublaða í III. viðauka.

Skýrslan, sem um ræðir í 1. mgr., skal bera auðkennið „T2“. Þegar viðaukablöð eru notuð verður að tilgreina auðkennið „T2 bis“ á þessum eyðublöðum.

2. Ákvæði II. hluta skulu gilda um T2-afgreiðslur að breyttu breytanda.

40. og 41. gr.

(Í þessum viðbæti er engin 40. og 41. gr.)

IV. HLUTI

Sérákvæði sem gilda um tiltekinn flutningsmáta

42. gr.

1. Járnbrautaryfirvöld viðkomandi landa skulu undanþegin kröfum um að setja tryggingu.

2. Ákvæðum 2. og 3. mgr. 19. gr. og 21. og 22. gr. skal ekki beitt um flutning vara með járnbrautarlest.

3. Við framkvæmd d-liðar 2. mgr. 36. gr. skulu skrár, sem járnbrautaryfirvöld færa, koma í stað umflutningstilkynninga.

43. gr.

1. Ekki þarf að setja tryggingu vegna flutnings á vörum á Rín eða vatnaleiðum Rínar.

2. Hvert land getur fallið frá kröfu um tryggingu að því er varðar flutning á vörum á öðrum vatnaleiðum á landsvæði þess. Það skal skýra framkvæmdanefndinni frá þessum ráðstöfunum sem tilkynnir það hinum löndunum.

44. gr.

1. Vörur, sem við flutning fara yfir innri landamæri samkvæmt 2. málslíð g-liðar 11. gr., þarf ekki að fara með samkvæmt T1- eða T2-reglum áður en þær eru fluttar yfir nefnd landamæri.

2. Fyrsta málsgrein á ekki við þegar í kjölfar sjóflutninga á vörum samkvæmt einum flutnings-samningi fer flutningur lengra en til afskipunarhafnar um landveg eða á vatnaleiðum samkvæmt umflutningsreglum nema um flutning lengra en til þeirrar hafnar eigi að gilda reglur Rínarskrárinnar.

3. Hafi vörur verið settar undir T1- eða T2-reglurnar áður en flutningur yfir innri landamæri fer fram gilda reglurnar ekki meðan á flutningi yfir úthaf stendur.

4. Ekki þarf að setja tryggingu vegna vöru-flutninga á sjó.

45. gr.

1. Ekki er skylt að beita T1- eða T2-reglum varðandi flutninga á vörum með flugi nema þær sæti eftirlitsaðgerðum vegna notkunar þeirra eða ákvörðunarstaðar.

2. Þegar T1- eða T2-reglum er beitt um flutning sem fer að hluta eða öllu leyti fram með flugi þarf ekki að setja tryggingu varðandi þann hlutann sem fram fer með flugi ef hann annast fyrirtæki sem leyfi hafa til slíkra flutninga í áætlunarflugi eða utan áætlunarflugs í viðkomandi löndum.

46. gr.

1. Ekki er skylt að beita T1- eða T2-reglunum um flutning á vörum um veitukerfi.

2. Þegar slíkum reglum er beitt um flutning um veitukerfi þarf ekki að setja tryggingu.

47. gr.

(Í viðbæti þessum er engin 47. gr.)

V. HLUTI

Sérákvæði um póstsendingar

48. gr.

1. Þrátt fyrir ákvæði 1. gr. skulu T1- eða T2-reglurnar ekki gilda um póstsendingar (þ.m.t. póstbögglar).

2. (Í þessari grein er engin 2. mgr.).

VI. HLUTI

Sérákvæði um vörur fluttar af farþegum eða í farangri þeirra

49. gr.

1. Ekki er skylt að beita T1- eða T2-reglunum um flutning á vörum sem farþegar hafa með sér eða eru í farangri þeirra ef viðkomandi vörur eru ekki ætlaðar til nota í verslunarskyni.

2. (Í þessari grein er engin 2. mgr.).

50.–61. gr.

(Í þessum viðbæti er engin 50.–61. gr.)

Viðauki

Í viðauka þessum eru sýnishorn mismunandi ábyrgða sem nota má samkvæmt sameiginlegum umflutningsreglum og umflutningsreglum bandalagsins.

SÝNISHORN I
SAMEIGINLEGAR UMFLUTNINGSREGLUR
BANDALAGSINS
ALLSHERJARTRYGGING

(Allsherjartrygging sem tekur til fleiri en einnar umflutningsafgreiðslu samkvæmt samningi um sameiginlegar umflutningsreglur/fleiri en einnar umflutningsafgreiðslu bandalagsins samkvæmt viðkomandi bandalagsreglum.)

I. SKULDBINDING TRYGGINGARAÐILA

1. Undirritaður¹⁾
 til heimils að²⁾
 ábyrgist hér með með beinni, fullri og ótakmarkaðri ábyrgð, við ábyrgðartollstöð
 fjárhæð allt að gagnvart konungsríkinu Belgíu, konungsríkinu Danmörku, sambandslýðveldinu Þýskalandi, lýðveldinu Grikklandi, konungsríkinu Spáni, lýðveldinu Frakklandi, Írlandi, lýðveldinu Ítalíu, stórhertogadæminu Lúxemborg, konungsríkinu Hollandi, lýðveldinu Portúgal, sameinaða konungsríkinu Stóra Bretlandi og Norður Írlandi, lýðveldinu Austurríki, lýðveldinu Finnlandi, lýðveldinu Íslandi, konungsríkinu Noregi, konungsríkinu Svíþjóð og ríkjasambandinu Sviss³⁾, hverja þá fjárhæð sem ábyrgðaraðilinn⁴⁾ er eða getur orðið ábyrgur fyrir gagnvart framangreindum ríkjum vegna brota eða misferlis sem framið hefur verið við umflutningsafgreiðslu samkvæmt Samningi um sameiginlegar umflutningsreglur/bandalagsumflutning sem aðili þessi annast, þ. m. t. tollar, gjöld, landbúnaðarárlögur og önnur gjöld - þó ekki fésektir - varðandi sendanda eða frekari skuldir, útgjöld og annar kostnaður.
2. Undirritaður skuldbindur sig til að greiða við fyrstu skriflegu kröfu þar til þærri yfirvalda þeirra ríkja sem um ræðir í 1. mgr., en með 30 daga greiðslufresti talið frá dagsetningu kröfu, þær fjárhæðir sem krafist er, allt að framangreindri hámarksfjárhæð, nema hann eða hún eða einhver annar aðili, sem hlut á að máli, sanni fyrir lok þessa frests, á fullnægjandi hátt að mati viðkomandi yfirvalds, að umflutningurinn hafi samkvæmt Samningi um sameiginlegar umflutningsreglur/bandalagsumflutning farið fram án nokkurs brots eða án nokkurs brots eða misferlis samkvæmt í 1. mgr.
 Þar til þær yfirvöld geta að beiðni undirritaðs og af hverri þeirri ástæðu sem gild yrði talin lengt þann frest sem undirrituðum er settur til að greiða hinar umkröfðu fjárhæðir, umfram 30 daga talið frá dagsetningu kröfu. Kostnað sem leiðir af veitingu þessa viðbótarfrests, og sérstaklega vexti, ber að reikna þannig að fjárhæðin svari til þeirrar fjárhæðar sem krafin yrði í því tilviki á peningamarkaði eða fjármálamarkaði í viðkomandi ríki.
 Fjárhæð þessa má ekki lækka um þær fjárhæðir sem þegar hafa verið greiddar vegna þessarar skuldbindingar nema endurkröfuréttur sé tryggður hjá undirrituðum varðandi umflutningsafgreiðslu samkvæmt Samningi um sameiginlegar umflutningsreglur/bandalagsumflutning sem hafin var áður en fyrri krafa var móttækin eða á 30 daga frestinum eftir viðtöku þeirrar kröfu.
3. Skuldbinding þessi gildir frá þeim degi sem hún er samþykkt af ábyrgðartollstöð.
 Undirritaður eða ríki, þar sem ábyrgðartollstöð er, getur afturkallað tryggingu þessa hvenær sem er.
 Afturköllunin skal öðlast gildi á 16. degi eftir tilkynningu þar um til hins aðilans.
 Undirritaður skal vera ábyrgur fyrir greiðslu þeirra fjárhæða sem verða gjaldkræfar vegna umflutningsafgreiðslna samkvæmt Samningi um sameiginlegar umflutningsreglur/bandalagsumflutning sem skuldbinding þessi tekur til og hafin var fyrir gildistöku dag afturköllunar, jafnvel þótt krafa um greiðslu sé gerð eftir þann dag.
4. Samkvæmt skuldbindingu þessari er birtingarstaður gagnvart undirrituðum⁵⁾
²⁾ og, í hverju hinna ríkjanna sem vísað er til í 1. mgr. hjá:

¹⁾ Eftirnafn og skírarnafn, eða heiti fyrirtækis.

²⁾ Fullt heimilisfang.

³⁾ Fellið brott heiti sérhvers ríkis eða ríkja sé landsvæði þeirra ekki notað.

⁴⁾ Eftirnafn og skírarnafn, eða heiti fyrirtækis, og fullt heimilisfang ábyrgðaraðila.

⁵⁾ Ef engin ákvæði eru, samkvæmt lögum ríkisins, um birtingarstað skal tryggingaraðili tilnefna, í hverju ríki sem vísað er til í 1. mgr., umboðsmann til að veita viðtöku hvers konar skilaboðum sem beint er til hans. Dómstólar, þar sem birtingarstaður gagnvart tryggingaraðila eða umboðsmanni hans er, skulu eiga lögsögu í ágreiningsmálum varðandi tryggingu þessa. Viðurkenningin í öðrum málslið og skuldbindingin í fjórða málslið 4. mgr. verða að vera samsvarandi.

SÝNISHORN II

SAMEIGINLEGAR UMFLUTNINGSREGLUR BANDALAGSINS TRYGGING FYRIR EINA SENDINGU

(Trygging sem tekur til einnar umflutningsafgreiðslu samkvæmt Samningi um sameiginlegar umflutningsreglur/einnar umflutningsafgreiðslu bandalagsins samkvæmt viðkomandi bandalagsreglum.)

I. SKULDBINDING TRYGGINGARAÐILA

1. Undirritaður¹⁾
til heimils að²⁾
ábyrgist hér með með beinni, fullri og ótakmarkaðri ábyrgð, við brottfarartollstöð fjárhæð allt að gangvart konungsríkinu Belgíu, konungsríkinu Danmörku, sambandslýðveldinu Þýskalandi, lýðveldinu Grikklandi, konungsríkinu Spáni, lýðveldinu Frakklandi, Írlandi, lýðveldinu Ítalíu, stórhertogadæminu Lúxemborg, konungsríkinu Hollandi, lýðveldinu Portúgal, sameinaða konungsríkinu Stóra Bretlandi og Norður Írlandi, lýðveldinu Austurríki, lýðveldinu Finnlandi, lýðveldinu Íslandi, konungsríkinu Noregi, konungsríkinu Svíþjóð og ríkjasambandinu Sviss³⁾, hverja þá fjárhæð sem ábyrgðaraðilinn⁴⁾ er eða getur orðið ábyrgur fyrir gagnvart framangreindum ríkjum vegna brota eða misferlis sem framið hefur verið við umflutningsafgreiðslu samkvæmt Samningi um sameiginlegar umflutningsreglur/bandalagsumflutning sem aðili þessi annast, frá brottfarartollstöð til ákvörðunartollstöðvar í
..... að því er varðar vörur sem nefndar eru hér á eftir, þ.m.t. tollar, landbúnaðarálgögur og önnur gjöld - þó ekki fésekir - varðandi ábyrgðaraðila eða frekari skuldir, útgjöld og annar kostnaður.
2. Undirritaður skuldbindur sig til að greiða við fyrstu skriflegu kröfu þar til bærra yfirvalda þeirra ríkja sem um ræðir í 1. mgr., en með 30 daga greiðslufresti talið frá dagsetningu kröfu, þær fjárhæðir sem krafist er nema hann eða hún eða einhver annar aðili, sem hlut á að máli, sanni fyrir lok þess frests, á fullnægjandi hátt að mati viðkomandi yfirvalds, að umflutningurinn hafi samkvæmt Samningi um sameiginlegar umflutningsreglur/bandalagsumflutning farið fram án nokkurs brots eða misferlis samkvæmt í 1. mgr.

Par til bæjaryfirvöld geta að beiðni undirritaðs og af hverri þeirri ástæðu sem gild yrði talin lengt þann frest sem undirrituðum er settur til að greiða hinar umkröfðu fjárhæðir, umfram 30 daga talið frá dagsetningu kröfu. Kostnað, sem leiðir af veitingu þessa viðbótarfrests, og sérstaklega vexti, ber að reikna þannig að fjárhæðin svari til þeirrar fjárhæðar sem krafin yrði í því tilviki á peningamarkaði eða fjármálamarkaði í viðkomandi ríki.
3. Skuldbinding þessi gildir frá þeim degi sem hún er samþykkt af brottfarartollstöð.
4. Samkvæmt skuldbindingu þessari er birtingarstaður gangvart undirrituðum⁵⁾
.....²⁾ og, í hverju hinna ríkjanna sem vísað er til í 1. mgr., hjá:

¹⁾ Eftirnafn og skirnarnafn, eða heiti fyrirtækis.

²⁾ Fullt heimilisfang.

³⁾ Fellið brott heiti sérhvers ríkis eða ríkja sé landsvæði þeirra ekki notað.

⁴⁾ Eftirnafn og skirnarnafn, eða heiti fyrirtækis, og fullt heimilisfang ábyrgðaraðila.

⁵⁾ Ef engin ákvæði eru, samkvæmt lögum ríkisins, um birtingarstað skal tryggingaraðili tilnefna, í hverju ríki sem vísað er til í 1. mgr., umboðsmann til að veita viðtöku hvers konar skilaboðum sem beint er til hans. Dómsstólar, þar sem birtingarstaður gagnvart tryggingaraðila eða umboðsmanni hans er, skulu eiga lögsögu í ágreiningsmálum varðandi tryggingu þessa. Viðurkenningin í öðrum málslið og skuldbindingin í fjórða málslið 4. mgr. verða að vera samsvarandi.

SÝNISHORN III
**SAMEIGINLEGAR UMFLUTNINGSREGLUR BANDALAGSINS
 FASTAGJALDSÁBYRGÐ**

(Fyrirkomulag fastagjaldsábyrgðar)

I. SKULDBINDING TRYGGINGARAÐILA

1. Undirritaður¹⁾
 til heimilis að²⁾
 ábyrgist hér með með beinni, fullri og ótakmarkaðri ábyrgð, við brottfarartollstöð
 gangvart konungsríkinu Belgíu, konungsríkinu Danmörku, sambandslýðveldinu Pýskalandi, lýðveldinu Grikklandi, konungsríkinu Spáni, lýðveldinu Frakklandi, Írlandi, lýðveldinu Ítalíu, stórhertogadæminu Lúxemborg, konungsríkinu Hollandi, lýðveldinu Portúgal, sameinaða konungsríkinu Stóra Bretlandi og og Norður Írlandi, lýðveldinu Austurríki, lýðveldinu Finnlandi, lýðveldinu Íslandi, konungsríkinu Noregi, konungsríkinu Svíþjóð og ríkjasambandinu Sviss, hverja þá fjárhæð sem ábyrgðaraðili er eða getur orðið ábyrgur fyrir gagnvart framangreindum ríkjum vegna brota eða misferlis sem framið hefur verið við umflutningsafgreiðslu samkvæmt Samningi um sameiginlegar umflutningsreglur/bandalagsumflutning, þ.m.t. tollar, gjöld, landbúnaðarálögur og önnur gjöld - þó ekki fésekir - varðandi ábyrgðaraðila eða frekari skuldir, útgjöld og annar kostnaður, sem undirritaður hefur samþykkt að ábyrgjast með útgáfu ábyrgðarskríteinis að hámarksfjárhæð 7.000 Evrópumunteiningar (ECU) fyrir hvert ábyrgðarskríteini.
2. Undirritaður skuldbindur sig til að greiða við fyrstu skriflegu kröfu þar til bærra yfirvalda þeirra ríkja sem um ræðir í 1. mgr., en með 30 daga greiðslufresti talið frá dagsetningu kröfu, þær fjárhæðir sem krafist er, allt að 7.000 ECU fyrir hvert tryggingarskríteini, nema hann eða hún eða einhver annar aðili sem hlut á að máli sanni fyrir lok þess frests, á fullnægjandi hátt að mati viðkomandi yfirvalds, að umflutningurinn hafi samkvæmt Samningi um sameiginlegar umflutningsreglur/bandalagsumflutning farið fram án nokkurs brots eða misferlis samkvæmt 1. mgr.
 Þar til bær yfirvöld geta, að beiðni undirritaðs og af hverri þeirri ástæðu sem gild yrði talin, lengt þann frest sem undirrituðum er settur til að greiða hinar umkröfðu fjárhæðir, umfram 30 daga talið frá dagsetningu kröfu. Kostnað sem leiðir af veitingu þessa viðbótarfrests, og sérstaklega vexti, ber að reikna þannig að fjárhæðin svari til þeirrar fjárhæðar sem krafin yrði í því tilvik í peningamarkaði eða fjármálamarkaði í viðkomandi ríki.
3. Skuldbinding þessi gildir frá þeim degi sem hún er samþykkt af ábyrgðartollstöð.
 Undirritaður eða ríkið þar sem ábyrgðartollstöð er getur afturkallað tryggingu þessa hvenær sem er. Afturköllun skal öðlast gildi á 16. degi eftir tilkynningu þar um til hins aðilans.
 Undirritaður skal vera ábyrgur fyrir greiðslu þeirra fjárhæða sem verða gjaldkræfar vegna umflutningsafgreiðslna samkvæmt Samningi um sameiginlegar umflutningsreglur/bandalagsumflutning sem skuldbinding þessi tekur til og hafin var fyrir gildistöku afturköllunar, jafnvel þótt krafa um greiðslu sé gerð eftir þann dag.
4. Samkvæmt skuldbindingu þessari er birtingarstaður gagnvart undirrituðum³⁾
²⁾ og, í hverju hinna ríkjanna sem vísað er til í 1. mgr., hjá:

¹⁾ Eftirnafn og skírnarnafn, eða heiti fyrirtækis.

²⁾ Fullt heimilisfang.

³⁾ Ef engin ákvæði eru, samkvæmt lögum ríkisins, um birtingarstað skal tryggingaraðili tilnefna, í hverju ríki sem vísað er til í 1. mgr., umboðsmann til að veita viðtöku hvers konar skilaboðum sem beint er til hans. Dómstólar, þar sem birtingarstaður gangvart tryggingaraðila eða umboðsmanni hans er, skulu eiga lögsögu í ágreiningsmálum varðandi tryggingu þessa. Viðurkenningin í öðrum málslið og skuldbindingin í fjórða málslið 4. mgr. verða að vera samsvarandi.

II. VIÐBÆTIR**I. HLUTI****Ákvæði varðandi eyðublöð og notkun þeirra í framkvæmd****I. KAFLI****EYÐUBLÖÐ****Upptalning eyðublaða****1. gr.**

1. Eyðublöð fyrir T1- eða T2-skýrslur skulu vera í samræmi við sýnishorni í I.-IV. viðauka við III. viðbæti.

Skýrslur þessar skulu gerðar í samræmi við reglur þær sem kveðið er á um í samningi þessum.

2. Nota má hleðsluskrár, byggðar á sýnishorni í I. viðauka við viðbæti þennan, sem vörulýsingu umflutningsskýrslna leiði ekki annað af skilyrðum 5.–9. gr. og 85. gr. Notkun þeirra skal talin fullnægjandi með tilliti til formsatriða við sendingu, útflutning eða afgreiðslu vara samkvæmt hvaða reglum sem er í ákvörðunarlandinu og eyðublaða sem notuð eru vegna slíkra formsatriða.

3. Eyðublað, sem útfyllt skal sem umflutningstilkynning skv. 22. gr. I. viðbætis, skal vera í samræmi við sýnishorn í II. viðauka við viðbæti þennan.

4. Eyðublað sem útfyllt skal sem kvittun, til staðfestingar á því að T1- eða T2-skjal, og viðkomandi vörusendingu hafi verið framvísað við ákvörðunartollstöð, skal vera í samræmi við sýnishorn í III. viðauka við viðbæti þennan. Að því er T1- eða T2-skjalið varðar má þó rita kvittunina á bakhlið eintaks þess skjals sem endursendist og sýnishorn er af. Kvittunin skal gefin út og notuð samkvæmt 10. gr.

5. Ábyrgðarskírteinið, sem kveðið er á um í 3. mgr. 30. gr. I. viðauka, skal vera í samræmi við sýnishorn í IV. viðauka við viðbæti þennan. Skírteinið skal gefið út og notað samkvæmt 12.–15. gr.

6. Skírteini fastagjaldsábyrgðarinnar skal vera í samræmi við sýnishorn í V. viðauka við viðbæti þennan. Það sem á að rita á bakhlið eyðublaðsins má þó rita á framhlið þess fyrir ofan atriði varðandi einstakling eða fyrirtæki sem gefur skírteinið út enda verði eftirfarandi áritunum ekki breytt. Skírteini fastagjaldsábyrgðarinnar skal gefið út og notað samkvæmt 16.–19. gr.

7. Skírteini til staðfestingar á bandalagsréttindum vara – nefnt „T2L-skjal“ – skal gert á eyðublað sem sé í samræmi við eintak 4 af sýnishorni í I. viðauka við III. viðbæti eða eintak 4/5 af sýnishorni í II. viðauka við þann viðbæti.

Þessu eyðublaði skal fylgja, þegar þörf er á, eitt eða fleiri eyðublöð sem séu í samræmi við eintak 4 eða eintak 4/5 af sýnishorni í III. og IV. viðauka eftir því sem við á í III. viðbæti.

Þegar notað er tölvukerfi við vinnslu skýrslna og það gefur slíkar skýrslur út á ekki að nota eyðublöð í III. og IV. viðauka við III. viðbæti sem viðaukaeyðublöð heldur skal aukið við T2L-skjalið með einu eða fleiri eyðublöðum sem eru í samræmi við eintak 4 eða eintak 4/5 af sýnishorni í I. og II. viðauka, eftir því sem við á, við III. viðbæti.

Viðkomandi aðili skal setja táknið „T2L“ í hægra hluta reits 1 á því eyðublaði sem er eins og eintak 4 og eintak 4/5 af sýnishorni í I. og II. viðauka, eftir því sem við á, við III. viðbæti. Ef viðaukaeyðublöð eru notuð skal viðkomandi aðili setja táknið „T2L bis“ í hægri hluta reits 1 á eyðublaðinu sem er í samræmi við eintak 4 eða eintak 4/5 af sýnishorninu í I. og III. viðauka eða II. og IV., eftir því sem við á, við III. viðbæti.

Í samningi þessum skal vísað til skjals þessa sem „T2L-skjals“. Það skal gefið út og notað samkvæmt V. hluta þessa viðbætis.

Prentun eyðublaða og útfylling þeirra**2. gr.**

1. Pappír, sem notaður skal í eyðublöð fyrir hleðslulista, umflutningstilkynningar og kvittanir, skal vera skrifpappír og vega minnst 40 g/m². Hann skal vera af þeim styrkleika að hann rifni ekki gjarnan eða velkist við venjulega notkun.

2. Pappír, sem notaður skal í skírteini fastagjaldsábyrgðar, skal vera án vélunnins deigs, skrifpappír og vega að minnsta kosti 55 g/m². Pappírinn skal vera búinn rauðu, prentuðu bakgrunnsmynstri til þess að leiða í ljós hvers konar falsanir með vélrænum eða efnafræðilegum aðferðum.

3. Pappír, sem notaður skal í eyðublöð fyrir ábyrgðarskírteini, skal vera án vélunnins deigs og vega ekki minna en 100 g/m². Hann skal vera búinn grænu, prentuðu bakgrunnsmynstri á báðum hliðum til að leiða í ljós hvers konar falsanir með vélrænum eða efnafræðilegum aðferðum.

4. Pappírinn, sem um ræðir í 1., 2. og 3. mgr., skal vera hvítur, þó ekki hleðsluskrárnar sem um ræðir í 2. mgr. 1. gr. en litur þeirra má vera að ósk notandans.

5. Stærð eyðublaðanna skal vera:

- 210 x 297 mm fyrir hleðsluskrárnar, leyfilegt frávik um mínus 5 eða plús 8 mm;
- 210 x 148 mm fyrir umflutningstilkynninguna og ábyrgðarskírteinið;

c) 148 x 105 mm fyrir kvittunina og skírteini fastagjaldsábyrgðar.

6. Skýrslurnar og skjölin skulu útfyllt á einu hinna opinberu mála samningsaðilanna sem samþykkt er af þar til bæru yfirvaldi í brottfararlandi. Ákvæði þetta á ekki við um skírteini fastagjaldsábyrgðar.

Par til bær yfirvöld annars lands, þar sem framvísa ber skýrslunum og skjölunum, geta, ef þurfa þykir, krafist þýðingar á tungumál eða eitt hinna opinberu tungumála þess lands.

Tungumálið, sem nota á varðandi ábyrgðarskírteinið, skal ákveðið af þar til bærum yfirvöldum þess lands sem ber ábyrgð á ábyrgðartollstöðinni.

7. Á skírteini fastagjaldsábyrgðar skal vera skráð nafn og heimilisfang þess, sem annast prentunina, eða tákn sem gefur til kynna hver hann er. Skírteini fastagjaldsábyrgðar skulu raðtölusett til auðkenningar.

8. Samningsaðilar skulu bera ábyrgð á prentun eyðublaða fyrir ábyrgðarskírteini. Hvert skírteini skal vera tölusett til auðkenningar.

9. Eyðublöð fyrir ábyrgðarskírteini og skírteini fyrir fastagjaldsábyrgðir skulu fyllt út í ritvél eða með vélrænum eða áþekktum hætti.

Útfylla má hleðsluskrár, umflutningstilkynningar og kvittanir í ritvél eða með vélrænum eða áþekktum hætti eða læsilegri handskrift. Í síðastnefnda tilvikinu skulu þau fyllt út með bleki og rituð með upphafsstöfum.

Engar útstrokningar eða breytingar skulu gerðar. Leiðréttingar skulu gerðar með því að strika út hin röngu atriði og, þar sem við á, bæta því við sem þarf. Allar slíkar leiðréttingar skulu auðkenndar fangamarki af þeim aðila sem leiðréttingar gerir og staðfestar af þar til bærum yfirvöldum.

II. KAFLI NOTKUN EYÐUBLAÐA T1- OG T2-SKÝRSLUR

Lýsing og notkun; blandaðar sendingar

3. gr.

1. Einstökum blöðum eyðublaða, sem T1- eða T2-skýrslur eru gerðar á, er lýst í skýringum í VII. viðauka við III. viðbæti og skulu þau útfyllt í samræmi við þá skýringu.

Þegar einhverjar upplýsingar, sem á að veita á eyðublöðum þessum, eiga að vera í lykilmformi skulu lykilmir vera í samræmi við einstök atriði sem fram koma í IX. viðauka við III. viðbæti.

2. Eigi að flytja vörur samkvæmt T1-reglunum á ábyrgðaraðili að setja táknið „T1“ hægra megin í reit 1 á eyðublaði sem sé í samræmi við sýnishorn í I. og II. viðauka við III. viðbæti. Þegar viðaukaeyðublöð eru notuð á ábyrgðaraðili að setja táknið „T1 bis“ hægra megin í reit 1 á eitt eða fleiri eyðublaða sem séu í samræmi við sýnishorn í III. og IV. viðauka við III. viðbæti.

Þegar notað er tölvukerfi við vinnslu skýrslna og það gefur slíkar skýrslur út og viðaukaeyðublöðin, sem eru notuð, eru eins og sýnishorn í I. eða II. viðauka við III. viðbæti skal setja táknið „T1 bis“ hægra megin í reit 1 á umræddu eyðublaði.

Eigi að flytja vörur samkvæmt T2-reglunum á ábyrgðaraðili að setja táknið „T2“ hægra megin í reit 1 á eyðublaði sem sé í samræmi við sýnishorn í I. og II. viðauka við III. viðbæti. Þegar viðaukaeyðublöð eru notuð á ábyrgðaraðili að setja táknið „T2 bis“ hægra megin í reit 1 á einu eða fleiri eyðublaða sem séu í samræmi við sýnishorn í III. og IV. viðauka við III. viðbæti.

Þegar notað er tölvukerfi við vinnslu skýrslna og það gefur slíkar skýrslur út og viðaukaeyðublöðin sem notuð eru, eru eins og sýnishornið í I. eða II. viðauka við III. viðbæti skal setja táknið „T2 bis“ hægra megin í reit 1 á umræddu eyðublaði.

3. Þegar sendingar, sem í eru bæði vörur fluttar samkvæmt T1-reglunum og vörur fluttar samkvæmt T2-reglunum, mega viðaukaskjöl, sem eru í samræmi við sýnishornið í III. og IV. viðauka eða, eftir því sem við á, I. og II. viðauka við III. viðbæti og bera táknið „T1 bis“ eða „T2 bis“, eftir því sem við á, fylgja einu eyðublaði sem sé í samræmi við sýnishornið í I. og II. viðauka við III. viðbæti. Í þessu tilviki skal táknið „T“ fært hægra megin í reit 1 á nefndu eyðublaði. Strika skal yfir eyðuna á eftir tákningu „T“. Auk þess skal strika yfir reiti 32 „Vörulíður nr.“, 33 „Vörunúmer“; 35 „Þyngd brúttó (kg)“, 38 „Þyngd nettó (kg)“ og 44 „Viðbótarupplýsingar/Framlögð skjöl/Vottorð og leyfi“. Færa skal inn tilvísun í raðnúmer viðaukaskjalsins, sem er með tákningu „T1 bis“, og viðaukaskjalsins með tákningu „T2 bis“, í reit 31, „Stykki og vörulýsing“, á eyðublaðinu sem sýnishorn er af í I. og II. viðauka við III. viðbæti.

4. Þegar eitt þeirra tákna, sem vísað er til í 2. mgr., hefur verið fellt niður hægra megin úr reit 1 á því eyðublaði sem notað hefur verið eða þegar ekki hefur verið farið eftir ákvæðum 3. mgr. þessarar greinar og 7. mgr. 5. gr. varðandi vörur sem bæði eru fluttar samkvæmt T1-reglunum og

T2-reglunum skulu vörur, tilgreindar í slíkum skjölum, taldar fluttar samkvæmt T1-reglunum.

Framlagning sendingar- eða útflutningsskýrslu með umflutningsskýrslunni

4. gr.

Þrátt fyrir ákvæði um einföldun skal tollskjali vegna sendingar eða endursendingar á vörum, eða tollskjölum vegna útflutnings eða endurútflutnings á vörum, eða öðrum skjölum sem hafa sama gildi, framvísað við brottfarartollstöð með þeirri umflutningsskýrslu sem hún tekur til.

Að því er varðar ákvæði undanfarandi málsliðar og þrátt fyrir ákvæði 3. mgr. 7. gr. samningsins má sameina á eitt eyðublað annars vegar sendingar- eða endursendingarskýrslu eða útflutnings- eða endurútflutningsskýrslu og hins vegar umflutningsskýrslu.

HLEÐSLUSKRÁR **Notkun hleðsluskraá;** **blandaðar sendingar**

5. gr.

1. Noti ábyrgðaraðili hleðsluskrár fyrir sendingu sem í eru tvær eða fleiri vörutegundir skal yfirstrika reiti 15 „Sendingar-/útflutningsland“, 32 „Fjöldi vörflokka“, 33 „Vörunúmer“, 35 „Pyngd brúttó (kg)“, 38 „Pyngd nettó (kg)“ og, sé það nauðsynlegt, 44 „Viðbótarupplýsingar/ Framlögð skjöl/Vottorð og leyfi“ í eyðublaðinu sem notað er vegna umflutnings og reitur 31 „Stykki og vörulýsing“ á því eyðublaði skal ekki notaður til að sýna merki og númer, tölu og tegund stykkja og vörulýsingu. Ekki má nota viðaukaeyðublöð í þessu tilviki.

2. Með hleðsluskraá, sem um ræðir í 2. mgr. 1. gr., er átt við hvers konar viðskiptaskjöl sem eru í samræmi við skilyrði í 1. mgr., a-lið 5. mgr., fyrsta og annan málslið 6. mgr., annan og þriðja málslið 9. mgr. 2. gr. og 6. og 7. gr.

3. Hleðsluskránni skal framvísað í sama fjölda eintaka og umflutningseyðublaðinu sem hún tengist og skal hún undirrituð af sama aðila og undirritar það eyðublað.

4. Þegar skýrsla er skráð verður hleðsluskraá að bera sama skráningarnúmer og umflutningseyðublaðið sem hún tengist. Númerið verður annað hvort að vera prentað með stimpli með nafni brottfarartollstöðvar eða handskrifað. Í síðara tilvikinu verður að setja stimpil tollstöðvar.

Undirskrift starfsmanns við brottfarartollstöð skal vera valfrjál.

5. Fylgi tvær eða fleiri hleðsluskrár einu skjali sem notað er vegna umflutnings verður hver

þeirra að bera raðtölu sem ábyrgðaraðili skal gefa þeim. Númer meðfylgjandi hleðsluskraá skal tilgreina í reitnum „Hleðsluskrár“ á umræddu eyðublaði.

6. Skýrsla á eyðublaði, sem er í samræmi við sýnishorn í I. og II. viðauka við III. viðbæti og ber táknið „T1“ eða „T2“ hægra megin í reit 1 og ein eða fleiri hleðsluskrár fylgja sem uppfylla skilyrði 6.–9. gr., skal, eftir því sem við á, talin jafngild T1-skýrslu eða T2-skýrslu með tilliti til 12. eða 39. gr. I. viðbætis.

7. Fyrir sendingar, sem í eru bæði vörur fluttar samkvæmt T1-reglunum og vörur fluttar samkvæmt T2-reglunum, verður að útbúa aðskildar hleðsluskrár sem festa má við eitt skjal sem sé í samræmi við sýnishorn í I. eða II. viðauka við III. viðbæti.

Í því tilviki skal setja táknið „T“ hægra megin í reit 1 á nefndu eyðublaði. Strika skal yfir auða reitinn fyrir aftan táknið „T“. Auk þess skal strika yfir reitina 15 „Sendingar-/útflutningsland“, 32 „Vörulíður nr.“, 33 „Vörunúmer“, 35 „Pyngd brúttó (kg)“, 38 „Pyngd nettó (kg)“ og, sé það nauðsynlegt, 44 „Viðbótarupplýsingar/ Framlögð skjöl/Vottorð og leyfi“. Tilvísun í raðnúmer hleðsluskraáanna, sem tengjast hvorri vörutegund, skal setja í reit 31 „Stykki og vörulýsing“ á eyðublaðinu sem notað er.

Form hleðsluskraá

6. gr.

Á hleðsluskraá skal vera:

- a) fyrirsögnin „Hleðsluskraá“;
- b) reitur, 70 x 55 mm, sem skipt skal í efri hluta, 70 x 15 mm, fyrir táknið „T“ en á eftir því fylgi ein af áritunum þeim sem um ræðir í 2. mgr. 3. gr. og neðri hluti, 70 x 40 mm fyrir tilvísanir sem um ræðir í 4. mgr. 5. gr;
- c) dálkar í þeirri röð og með þeirri fyrirsögn sem hér segir:
 - Raðnúmer;
 - Merki, númer, tala og tegund stykkja; vörulýsing;
 - Sendingar-/útflutningsland;
 - Pyngd brúttó (í kg);
 - Fyrir tollyfirvöld.

Breidd dálka má aðlaga eftir þörfum nema breidd dálksins með fyrirsögnina „Fyrir tollyfirvöld“ skal ekki vera minni en 30 mm. Rými, sem ekki er ætlað til sérstakra nota samkvæmt a- til c-lið hér að framan, má einnig nota.

Útfilling

7. gr.

1. Aðeins má nota forsiðu eyðublaðsins sem hleðsluskrá.

2. Á undan hverju atriði, sem tilgreint er á hleðsluskránni, verður að fara raðnúmer.

3. (Í þessari grein er engin 3. mgr.)

4. Draga skal lárétta línu á eftir síðustu innfærslu og strika yfir eyðuna fyrir neðan þannig að ómögulegt sé að auka við neinu síðar.

Einfölduð afgreiðsla

8. gr.

1. Tollyfirvöld hvers lands geta heimilað fyrir-tækjum með aðsetri í landi þeirra, er hafa bók-hald sem byggt er á tölvuvinnslu gagna, að nota hleðsluskrár sem um ræðir í 2. mgr. 1. gr. og eru gerðar og útfylltar á þann veg að þær verði án erfiðleika notaðar af viðkomandi tollyfirvöldum og hagstofum þótt þær uppfylli ekki öll skilyrði 1. mgr., a-liðar 5. mgr., tveggja síðustu málsliða 9. mgr. 2. gr. og 6. gr.

2. Í slíkum hleðsluskrám verður, fyrir hvert atriði, að tilgreina tölu, tegund og merki og númer stykkja, vörulýsingu, þyngd brúttó í kíló-grömmum og sendingar- /útflutningsland.

Sendingar með lest

9. gr.

1. Þegar 29.–61. gr. er beitt skulu 2. mgr. 5. gr. og 6., 7. og 8. gr. gilda um hleðsluskrár sem fylgja alþjóðlega sendingarseðlinum eða TR-umhleðsluseðlinum. Í fyrra tilvikinu skal tilgreina tölu skrána í reit 32 á alþjóðlega sendingarseðlinum. Í síðara tilvikinu skal tilgreina tölu skrána í reit fyrir atriði um fylgiskjöl með TR-umhleðsluseðlinum.

Í hleðsluskránni verður auk þess að vera númer vagnsins, sem alþjóðlegi sendingarseðillinn tekur til, eða þar sem við á, númer þess gáms sem vörurnar eru í.

2. Nota skal aðskildar hleðsluskrár vegna afgreiðslna sem hefjast í landi sammingsaðila og taka samtímis til vara, sem fluttar eru samkvæmt T1-reglunum, og vara fluttra samkvæmt T2-reglunum. Þegar vörur eru fluttar í stórgámum samkvæmt TR-umhleðsluseðli skulu skrárnar gerðar fyrir hvern stórgám sem í eru vörur sem falla undir báðar reglurnar.

Vegna flutnings, sem hafinn er í bandalaginu, skal setja raðnúmer hleðsluskrána sem taka til þeirra vara sem fluttar eru samkvæmt T1-reglunum, eftir því sem við á:

a) í reit 25 á alþjóðlega sendingarseðlinum;

b) í reit sem ætlaður er fyrir vörulýsingu á TR-umhleðsluseðlinum.

Vegna flutnings, sem hafinn er í EFTA-landi, skal setja tilvísun til raðnúmers hleðsluskrána sem taka til þeirra vara sem fluttar eru samkvæmt T2-reglunum, eftir því sem við á:

a) í reit 25 á alþjóðlega sendingarseðlinum;

b) í reit sem ætlaður er fyrir vörulýsingu á TR-umhleðsluseðlinum.

3. Í þeim tilvikum, sem vísað er til í 1. og 2. mgr., enda leiði ekki annað af reglum sem kveðið er á um í 29.–61. gr., skulu hleðsluskrár, sem fylgja alþjóðlega sendingarseðlinum eða TR-umhleðsluseðlinum, teljast óaðskiljanlegur hluti hans og skulu þær hafa sömu réttaráhrif.

Frumrit þessara hleðsluskráa skulu bera stimpil sendingartollstöðvar.

KVITTUN**Notkun kvittunar**

10. gr.

1. Hver sá sem framvisar við ákvörðunartollstöð T1- eða T2-skjali ásamt sendingunni sem það skjal tekur til getur fengið kvittun að eigin ósk.

2. Kvittunin skal áður útfyllt af viðkomandi aðila og má innihalda aðrar upplýsingar varðandi sendinguna, þó ekki reiturinn sem ætlaður er tollyfirvöldum, en staðfesting tollyfirvalda gildir einungis að því er varðar upplýsingar í þeim reit.

ENDURSENDING SKJALANNA**Aðaltollstöðvar**

11. gr.

Hvert land á rétt á að tilnefna eina eða fleiri aðaltollstöðvar sem skjöl skulu endursend til af þar til bærum tollyfirvöldum í ákvörðunarlandi. Þegar lönd hafa tilnefnt tollstöðvar í þessu skyni skulu þau tilkynna það framkvæmdanefnd Evrópubandalaganna og tilgreina þau skjöl sem endursend skulu þangað. Framkvæmdanefndin skal síðan tilkynna það hinum löndunum.

II. HLUÐI**ÁKVÆÐI VARÐANDI ÁBYRGÐIR****ALLSHERJARTRYGGING****ÁBYRGÐARSKÍRTEINI****Löggiltir aðilar**

12. gr.

1. Ábyrgðaraðili skal, við útgáfu skírteinisins eða hvenær sem er á gildistíma þess, tilnefna á eigin ábyrgð á bakhlíð skírteinisins aðila, einn eða fleiri, sem heimild hafa til að undirrita fyrir hans hönd T1- eða T2-skýrslur. Meðal þess, sem

skal tilgreint, er eftirnafn og skírnamn hvers umboðsaðila með undirskrift þess aðila. Sérhver tilnefning umboðsaðila verður að vera viðurkennd með undirritun ábyrgðaraðila. Ábyrgðaraðila er heimilt að strika yfir auða reiti.

2. Ábyrgðaraðili getur hvenær sem er fellt niður nafn umboðsaðila af bakhlíð skírteinisins, ef hann kys svo.

Löggiltir umboðsaðilar

13. gr.

Hver sá sem nefndur er á bakhlíð ábyrgðarskírteinis sem framvísað er við brottfarartollstöð skal talinn umboðsaðili ábyrgðaraðila.

Gildistími; framlenging

14. gr.

Ábyrgðarskírteini getur ekki gilt lengur en í tvö ár. Ábyrgðartollstöð getur þó framlengt þennan tíma einu sinni um allt að tvö ár.

Afturköllun

15. gr.

Sé skírteinið afturkallað skal ábyrgðaraðili ábyrgur fyrir að endursenda án tafar til ábyrgðartollstöðvarinnar öll ábyrgðarskírteini sem gefin hafa verið út til hans og enn eru í gildi.

FASTAGJALDSÁBYRGÐ

Ábyrgðarskjal

16. gr.

1. Þegar persóna eða lögpersóna býðst til að takast á hendur ábyrgð í samræmi við skilyrði, sem um ræðir í 27. og 28. gr., og samkvæmt þeim skilmálum sem kveðið er á um í 1. mgr. 32. gr. I. viðbættis skal ábyrgðin veitt í þeirri mynd sem sýnd er með sýnishorni, III í viðauka við I. viðbæti.

2. Þegar þess er krafist samkvæmt landslögum, framkvæmdareglu eða viðurkenndri venju getur hvert land krafist tryggingar í annarri mynd, að því tilskildu að hún hafi sömu réttaráhrif og ábyrgðin sem um ræðir í 1. mgr.

Tryggingarseðill

17. gr.

1. Samþykkt ábyrgðar, sem um er rætt í 16. gr., af tollstöð þar sem hún er veitt (hér á eftir nefnd „ábyrgðartollstöð“) felur í sér heimild tryggingarskilmálum, fastagjaldsábyrgðarseðil eða fylgiseðil til aðila sem ætla að koma fram sem ábyrgðaraðili vegna T1- eða T2- afgreiðslu frá brottfarartollstöð sem þeir velja.

Ábyrgðaraðili getur gefið út fastagjaldsábyrgðarseðil:

- sem gildir ekki um T1- eða T2-afgreiðslu með tilliti til vara, sem taldar eru í VII. viðauka við viðbæti þennan, og
- nota má margfeldi allt að sjö seðla á hvert flutningsfar sem vísað er til í 2. mgr. 16. gr. I. viðbættis um aðrar vörur en þær sem um ræðir í þessum málslið.

Í þessu skyni skal ábyrgðaraðilinn auðkenna slíka fastagjaldsábyrgðarseðla með upphafsstöfum horna á milli með einni af eftirfarandi yfirlýsingum og tilvísun í þennan málslið:

BEGRENSET GYLDIGHED
BESCHRÄKTE GELTUNG
ΠΕΡΙΟΡΙΣΜΕΝΗ ΙΣΧΥΣ
LIMITED VALIDITY
VALIDEZ LIMITADA
VALIDITE LIMITEE
BEPERKTE GELDIGHEID
VALIDADE LIMITADA
VOIMASSA RAJOITETUSTI
TAKMARKAÐ GILTISSVIÐ
BEGRENSET GYLDIGHET
BEGRÄNSAD GILTIGHET

Afturköllun tryggingar skal þegar tilkynnt hinum löndunum af því landi þar sem viðkomandi ábyrgðartollstöð er.

2. Ábyrgðaraðili skal vera ábyrgur fyrir fjárhæð allt að 7.000 ECU vegna hvers fastagjaldsábyrgðarseðils.

3. Ábyrgðaraðili getur annast eina T1- eða T2-afgreiðslu samkvæmt hverjum fastagjaldsábyrgðarseðli með þeim fyrirvara sem leiðir af öðrum og þriðja málslið 1. mgr. og 18. gr. Seðlinum skal framvísað við brottfarartollstöð þar sem honum skal haldið eftir.

Hækkun ábyrgðarinnar; umreikningur ECU

18. gr.

1. Þegar frá eru talin þau tilvik, sem um ræðir í 2. og 3. mgr., getur brottfarartollstöð ekki krafist ábyrgðar umfram fastagjaldsfjárhæð 7.000 ECU vegna hverrar T1- eða T2-skýrslu, án tillits til fjárhæðar tolla og annarra gjalda sem geta fallið á vörur sem tiltekin skýrsla nær til.

2. Þegar flutningur við sérstakar kringumstæður felur í sér aukna áhættu og brottfarartollstöð telur af þeim ástæðum að ábyrgð að fjárhæð 7.000 ECU sé augljóslega ófullnægjandi getur hún í undantekningartilvikum krafist hærri ábyrgðar sem sé margfeldi af 7.000 ECU.

3. Flutningur vara, sem taldar eru upp í VII. viðauka við viðbæti þennan, getur leitt til hækk-

unar fjárhæðar fastagjaldsábyrgðar þegar magn vara, sem fluttar eru, fer fram úr því magni sem svarar til fastagjaldsfjárhæðar 7.000 ECU.

Í því tilviki skal fastagjaldsfjárhæðin hækkuð með því margfeldi af 7.000 ECU sem nauðsynlegt er til að tryggja greiðslu vegna þess vörumagns sem á að senda.

4. Í tilvikum sem um ræðir í 2. og 3. mgr. skal ábyrgðaraðili afhenda brottfarartollstöð fastagjaldsábyrgðarseðla sem svara til þess margfeldis af 7.000 ECU sem krafist er.

5. Gengi myntar viðkomandi lands í fjárhæðum, sem sýndar eru í ECU og vísað er til í viðbæti þessum, skal reiknað út með því að nota það gengi sem í gildi er á fyrsta vinnudegi októbermánaðar og skal það notað frá 1. janúar næstkomandi árs.

Sé gengi tiltekinnar landsmyntar ekki skráð skal nota það gengi myntarinnar sem gildi á síðasta skráningardegi.

Gengi ECU, sem nota á við framkvæmd fyrsta málsliðar, skal vera það gengi sem gildi á þeim degi er T1- eða T2-skýrslan, sem fastagjaldsábyrgðarseðillinn eða seðlarnir taka til, var skráð.

Sending sem í eru bæði viðkvæmar og óviðkvæmar vörur

19. gr.

1. Þegar T1- eða T2-skýrsla tekur jafnframt til annarra vara en þeirra, sem tilgreindar eru í skránni sem vísað er til í 3. mgr. 18. gr., skal ákvæðunum um fastagjaldsábyrgð beitt eins og aðskildar skýrslur væru yfir vöruflokkana tvo.

2. Þrátt fyrir ákvæði 1. mgr. skal til hvorugs vöruflokksins tillit tekið ef magn eða verðmæti er til þess að gera óverulegt.

III. HLUTI

20.–27. gr.

(Í viðbæti þessum er engin 20.–27. gr.)

IV. HLUTI

EINFÖLDUN AFGREIÐSLU

Reglur sem ákvæði þessa hluta hafa ekki áhrif á

28. gr.

Þessi hluti skal ekki hafa áhrif á skyldur varðandi formsatriði sem gilda um sendingu, útflutning eða meðhöndlun vara samkvæmt hvaða reglum ákvörðunarlandins sem er.

I. KAFLI UMFLUTNINGSREGLUR VEGNA FLUTNINGS VARA MEÐ LEST

ALMENN ÁKVÆÐI VARÐANDI FLUTNING MEÐ LEST

Almennt

29. gr.

Formsatriði samkvæmt T1- eða T2-reglunum skulu einfölduð í samræmi við 30.–43. og 59.–61. gr., varðandi vörur sem fluttar eru af járnbrautaryfirvöldum samkvæmt alþjóðlegum sendingarseðli (CIM) eða alþjóðlegum hraðsendingarseðli (TIEx).

Lagalegt gildi skjala sem notuð eru

30. gr.

Alþjóðlegi sendingarseðillinn eða alþjóðlegi hraðsendingarseðillinn skal taldinn jafngildur T1- eða T2-skýrslu, eftir því sem við á.

Bókhaldseftirlit

31. gr.

Járnbrautaryfirvöld hvers lands skulu vegna eftirlits veita tollyfirvöldum í landi þeirra aðgang að bókhaldi sem haldið er á bókhaldsskrifstofum þeirra.

Ábyrgðaraðilinn

32. gr.

1. Járnbrautaryfirvöld, sem taka vörur til flutnings samkvæmt alþjóðlegum sendingarseðli eða alþjóðlegum hraðsendingarseðli, skulu talin ábyrgðaraðili með tilliti til þeirrar T1- eða T2-reglu sem á við.

2. Járnbrautaryfirvöld þess lands, þar sem vörurnar eru fluttar um inn á landsvæði samningsaðilanna, skulu talin ábyrgðaraðili með tilliti til T1- eða T2-reglanna varðandi vörur sem teknar eru til flutnings af járnbrautaryfirvöldum þriðja lands.

Merkimiði

33. gr.

Járnbrautaryfirvöld skulu tryggja að sendingar, sem fluttar eru samkvæmt T1- eða T2-reglunum, séu auðkenndar með miða með tákmynd sem sýnishorn er af í VIII. viðauka við viðbæti þennan.

Miðinn skal festur við alþjóðlega sendingarseðilinn eða alþjóðlega hraðsendingarseðilinn og við viðkomandi vagn ef um fullfermi er að ræða en við pakkann eða pakkana í öðrum tilvikum.

Breyting á flutningssamningnum

34. gr.

Sé flutningssamningi breytt þannig að:

- flutningi, sem ljúka átti utan landsvæðis samningsaðila, ljúki innan landsvæðis þess samningsaðila,
- flutningi, sem átti að ljúka innan landsvæðis samningsaðila, ljúki utan landsvæðis þess samningsaðila,

skulu járnbrautaryfirvöld ekki ljúka hinum breytta samningi án undanfarandi samkomulags við brottfarartollstöð.

Sé flutningssamningi breytt þannig að flutningi sé lokið innan brottfararlands skal hinum breytta samningi lokið með þeim skilmálum sem ákveðnir verða af tollyfirvöldum þess lands.

Í öllum öðrum tilvikum geta járnbrautaryfirvöld lokið hinum breytta samningi. Þau skulu þegar tilkynna brottfarartollstöð um breytingar sem gerðar hafa verið.

FLUTNINGUR VARA MILLI SAMNINGSAÐILA**Tollréttindi vara; notkun alþjóðlega sendingarseðilsins**

35. gr.

1. Alþjóðlega sendingarseðlinum skal framvísað við brottfarartollstöð vegna flutnings sem hafinn er og á að enda innan landsvæðis samningsaðilanna.

2. Vörur, sem flutningur er hafinn á í bandalaginu, skulu taldar fluttar samkvæmt T2-reglunum. Ef hins vegar á að flytja vörurnar samkvæmt T1-reglunum skal brottfarartollstöð gefa til kynna á 1., 2. og 3. örk alþjóðlega sendingarseðilsins að vörurnar, sem skjalið varðar, séu fluttar samkvæmt T1-reglunum. Í samræmi við það skal táknið „T1“ greinilega fært í reit 25. Í því tilviki, þegar vörur eru fluttar samkvæmt T2-reglunum, þarf ekki að setja táknið „T2“ á skjalið.

3. Vörur, sem flutningur er hafinn á í EFTA-landi, skulu taldar fluttar samkvæmt T1-reglunum. Ef hins vegar á að flytja vörurnar samkvæmt T2-reglunum í samræmi við b-lið 3. mgr. 2. gr. samningsins skal brottfarartollstöð gefa til kynna á 3. örk alþjóðlega sendingarseðilsins að vörurnar, sem skjalið varðar, séu fluttar samkvæmt T2-reglunum. Í samræmi við það skal táknið „T2“ fært í reit 25 ásamt stimpli brottfarartollstöðvar og undirskrift þess starfsmanns sem ábyrgur er. Í því tilviki, þegar vörur eru fluttar samkvæmt T1-reglunum, þarf ekki að setja táknið „T1“ á skjalið.

4. Öll eintök alþjóðlega sendingarseðilsins skulu afhent viðkomandi aðila aftur.

5. Hvert aðildarríki bandalagsins getur heimilað, samkvæmt þeim skilyrðum og með þeim undantekningum sem það eða bandalagið setur, að vörur, sem fluttar eru samkvæmt T2-reglunum, séu afgreiddar samkvæmt T2-reglunum án þess að framvísað sé við brottfarartollstöð alþjóðlega sendingarseðlinum vegna varanna.

Hvert EFTA-land getur heimilað að vörur, sem fluttar eru samkvæmt T1-reglunum, séu fluttar án þess að alþjóðlega sendingarseðlinum sé framvísað við brottfarartollstöð.

6. Tollstöð stöðvar á ákvörðunarstað skal vera ákvörðunartollstöð. Ef vörurnar eru hins vegar afhentar til notkunar innanlands eða afgreiddar samkvæmt einhverjum öðrum tollareglum á millistöð skal tollstöð, sem ábyrgð ber á þeirri stöð, vera ákvörðunartollstöð.

Ráðstafanir til auðkenningar

36. gr.

Almennt og með tilliti til ráðstafana til auðkenninga, sem járnbrautaryfirvöld gera, skal brottfarartollstöð ekki innsigla flutningsfar eða pakka.

Notkun arka alþjóðlega sendingarseðilsins

37. gr.

1. Járnbrautaryfirvöld þess lands sem ábyrgð ber á ákvörðunartollstöð skulu afhenda hinni síðarnefndu 2. og 3. örk alþjóðlega sendingarseðilsins.

2. Ákvörðunartollstöð skal þegar send 2. örk afturtil járnbrautaryfirvaldanna eftir að hafa stimplað hana og halda 3. örk eftir.

FLUTNINGUR VARA TIL EÐA FRÁ ÞRIÐJU LÖNDUM**Flutningur til þriðju landa**

38. gr.

1. 35. og 36. gr. skulu gilda um flutning sem hafinn er á landsvæði samningsaðila og á að ljúka utan landssvæðis samningsaðila.

2. Tollstöð þeirrar landamærastöðvar sem vörurnar fara um í umflutningi frá landsvæði samningsaðila telst ákvörðunartollstöð.

3. Engra formsatriða þarf að gæta á ákvörðunartollstöð.

Flutningur frá þriðju löndum

39. gr.

1. Tollstöð þeirrar landamærastöðvar sem vörurnar fara um við komu til landsvæðis samningsaðila telst brottfarartollstöð vegna flutnings sem

hafin er utan landsvæðis samningsaðila og á að ljúka innan landsvæðis samningsaðila.

Engra formsatriða þarf að gæta við brottfarartollstöð.

2. Tollstöð stöðvar á ákvörðunarstað telst ákvörðunartollstöð. Ef vörurnar eru hins vegar afhentar til notkunar innanlands eða afgreiddar samkvæmt einhverjum öðrum tollareglum á milli-stöð skal tollstöð, sem ábyrgð ber á þeirri stöð, vera ákvörðunartollstöð.

Formsatriðum sem lýst er í 37. gr. skal fullnægt við ákvörðunartollstöð.

Umflutningur um landsvæði samningsaðila

40. gr.

1. Tollstöðvar, sem teljast brottfarartollstöð og ákvörðunartollstöð vegna flutnings sem hafinn er og á að ljúka utan landsvæðis samningsaðilanna, skulu vera þær tollstöðvar sem kveðið er á um í 1. mgr. 39. gr. og 2. mgr. 38. gr., eftir því sem við á.

2. Engra formsatriða þarf að gæta við tollstöð á brottfarar- eða ákvörðunarstað.

Tollréttindi vara frá þriðju löndum í umflutningi

41. gr.

Vörur, sem fluttar eru samkvæmt ákvæðum 1. mgr. 39. gr. eða 1. mgr. 40. gr., skulu taldar fluttar samkvæmt T1-reglunum, nema framvísað sé T2L-skjali sem staðfestir bandalagsréttindi viðkomandi vara.

ÁKVÆÐI VARÐANDI HRAÐSENDINGAR

Ákvæði sem beitt verður

42. gr.

Ákvæði 35.–41. gr. skulu einnig gilda um flutninga samkvæmt alþjóðlegum sendingarseðli, sbr. þó ákvæði 43. gr.

Tollréttindi vara; notkun arka TIEx-skjalsins

43. gr.

Að því er varðar flutninga sem fram fara samkvæmt alþjóðlegum hraðsendingarseðli:

- a) skulu tákni þau sem gerð er krafa um samkvæmt:
 - 2. mgr. 35. gr. færð á 2., 3. og 4. örkJ alþjóðlega hraðsendingarseðilsins;
 - 3. mgr. 35. gr. færð á 4. örkJ alþjóðlega hraðsendingarseðilsins;
- b) skal 2. og 4. örkJ alþjóðlega hraðsendingarseðilsins, eins og kveðið er á um í 37. gr., framvísað við ákvörðunartollstöð sem þegar skal senda 2. örkJ aftur til járnbrautaryfirvalda eftir að hafa stimplað hana og halda 4. örkJ eftir.

ÁKVÆÐI VARÐANDI VÖRUR FLUTTAR Í STÓRGÁMUM

Almennt

44. gr.

Formsatriði samkvæmt T1- eða T2-reglunum skulu einfölduð í samræmi við ákvæði 45.–60. gr. og 3. og 4. mgr. 61. gr. fyrir flutninga vara sem járnbrautarstjórnir annast með stórgámum en nota flutningafyrirtæki sem millilið og umhleðsluseðla sem sérstaklega eru útbúnir til nota sem umflutningsskjal og vísað er til í þessum viðbæti sem „TR-umhleðsluseðill“. Til þessara afgreiðslna telst, eftir því sem við á, flutningur sendinga með flutningafyrirtækjum sem flytja á annan hátt en með lest, í sendingarlandi til járnbrautarstöðvar á brottfararstað í því landi og í Pákvörðunarlandi frá járnbrautarstöð á komustað í því landi, svo og hvers konar flutningur á sjó milli þessara tveggja stöðva.

Skýrgreiningar

45. gr.

Í 44.–60 gr. og 3. og 4. mgr. 61. gr.:

1. merkir „flutningafyrirtæki“ fyrirtæki, stofnað af járnbrautarstjórnnum sem sjálfstætt fyrirtæki sem þau eru aðilar að, enda sé tilgangurinn með stofnun þeirra að flytja vörur í stórgámum samkvæmt umhleðsluseðlum;

2. merkir „stórgámur“ útbúnað til flutnings á vörum sem er:

- varanlegur að gerð;
- sérstaklega hannaður til að auðvelda flutning á vörum, án uppskiptingar á farmi, með einni eða fleiri flutningaaðferð;
- hannaður þannig að auðvelt sé að festa og/eða meðhöndla hann;
- hannaður þannig að hann verði innsiglaður á fullnægjandi hátt þegar þess er krafist skv. 53. gr.;
- af þeirri stærð að flöturinn, sem neðri hornin fjögur að utanverðu mynda, sé ekki minni en 7 m².

3. merkir „TR-umhleðsluseðill“ skjalið sem felur í sér flutningssamninginn sem flutningafyrirtækið útbýr vegna stórgámaumflutnings á einum eða fleiri stórgámum frá viðtakanda í alþjóðlegum flutningum, TR-umhleðsluseðillinn skal vera raðtölusettur efst í hægra horni þannig að kennsl verði borin á hann. Númer þetta skal vera með sex tölustöfum og skulu þrjár þeirra fara á undan og þrjár á eftir stöfunum „TR“.

TR-umhleðsluseðill er eftirfarandi arkir, í tölu-röð:

- 1 – örk fyrir aðalskrifstofu flutningafyrirtækis;
- 2 – örk fyrir umboðsaðila flutningafyrirtækis í viðkomandi landi á stöðinni á ákvörðunarstað;
- 3A – örk fyrir tollyfirvöld;
- 3B – örk fyrir viðtakanda;
- 4 – örk fyrir aðalskrifstofu flutningafyrirtækis;
- 5 – örk fyrir umboðsaðila í viðkomandi landi á stöðinni á brottfararstað;
- 6 – örk fyrir sendanda.

Hver örk TR-umhleðsluseðilsins, þó ekki örk nr. 3A, skal vera með grænni rönd, u.þ.b. fjögurra sentimetrá breiðri hægra megin.

4. merkir „Skrá yfir stórgáma“, hér á eftir nefnd „skrá“, skjalið sem fest er við TR-umhleðsluseðil og telst óaðskiljanlegur hluti hans og er ætlað að taka til sendingar nokkurra stóragáma frá sömu stöð á brottfararstað til sömu stöðvar á ákvörðunarstað þar sem tollafgreiðsla fer fram.

Númer skráa skal sýnt í reitnum sem ætlaður er lýsingu fylgiskjala TR-umhleðsluseðilsins. Enn fremur skal raðnúmer viðkomandi TR-umhleðsluseðils sett í hægra hornið efst á hverri skrá.

Lagalegt gildi skjals sem notað er

46. gr.

TR-umhleðsluseðill sem notaður er af flutningafyrirtæki skal talinn jafngildur T1- eða T2-skýrslu, eftir því sem við á.

Bókhaldseftirlit; upplýsingar sem ber að veita

47. gr.

1. Í hverju landi skal flutningafyrirtæki vegna eftirlits veita tollyfirvöldum, fyrir milligöngu umboðsaðila í viðkomandi landi, aðgang að bókhaldi á bókhaldsskrifstofu eða -skrifstofum sínum eða umboðsaðila í viðkomandi landi.

2. Að ósk tollyfirvalda skal flutningafyrirtæki eða umboðsaðili eða -aðilar þess í viðkomandi landi fá þeim þegar öll skjöl, bókhaldsgögn eða upplýsingar varðandi flutninga sem þegar er lokið eða ennþá standa yfir og þessi yfirvöld telja að þau skuli upplýst um.

3. Flutningafyrirtæki ellegar umboðsaðili eða -aðilar þess skulu upplýsa:

- a) ákvörðunartollstöð um sérhvern TR-umhleðsluseðil, 1. örk, sem henni hefur verið sendur án tollstimpils;
- b) brottfarartollstöð um sérhvern TR-umhleðsluseðil, 1. örk, sem ekki hefur verið endursendur henni og ómögulegt hefur reynt að staðreyna varðandi hann að sendingu hafi annað hvort verið réttilega framvísað við tollstöð á ákvörð-

unarstað eða verið flutt út frá samningsaðilanum til þriðja lands samkvæmt 55. gr.

Ábyrgðaraðili

48. gr.

1. Vegna flutnings vara, sem um ræðir í 44. gr. og flutningafyrirtæki í tilteknu landi tekur að sér, skal járnbrautarstjórnin í því landi talin ábyrgðaraðili.

2. Vegna flutnings vara, sem um ræðir í 44. gr. og flutningafyrirtæki í þriðja landi tekur að sér, skal járnbrautarstjórnin í því landi, þar sem vörurnar koma til landsvæðis samningsaðila, talin ábyrgðaraðili.

Formsatriði sem fullnægja verður í tolli meðan á flutningi stendur með öðru fari en lest

49. gr.

Þegar fullnægja verður formsatriðum í tolli meðan á flutningi stendur með öðru fari en lest til brottfararstöðvar eða frá ákvörðunarstöð má hver TR-umhleðsluseðill aðeins ná yfir einn stórgám.

Miði

50. gr.

Flutningafyrirtæki skal tryggja aðsendingar, sem fluttar eru samkvæmt umflutningsreglunum, séu auðkenndar með miða með táknmynd sem sýnishorn er af í VIII. viðauka við viðbæti þennan. Miðarnir skulu festir við TR-umhleðsluseðilinn og viðkomandi stórgám eða -gáma.

Breyting á flutningssamningi

51. gr.

Sé flutningssamningi breytt þannig að:

- flutningi, sem ljúka átti utan landsvæðis samningsaðila, ljúki innan landsvæðis þess samningsaðila,
- flutningi, sem átti að ljúka innan landsvæðis samningsaðila, ljúki utan landsvæðis þess samningsaðila,

skal flutningafyrirtæki ekki ljúka hinum breytta samningi án undanfarandi samkomulags við brottfarartollstöðina.

Sé flutningssamningi breytt þannig að flutningi sé lokið innan brottfararlands skal hinum breytta samningi lokið með þeim skilmálum sem ákveðnir verða af tollyfirvöldum þess lands.

Í öllum öðrum tilvikum geta járnbrautaryfirvöld lokið hinum breytta samningi. Þau skulu þegar tilkynna brottfarartollstöð um breytingar þær sem gerðar hafa verið.

FLUTNINGUR VARA MILLI
SAMNINGSADILA

Tollréttindi vara; skrár; undanþága frá framlagningu umhleðsluseðils við brottfarartollstöð
52. gr.

1. Þegar flutningur er hafinn og honum á að ljúka á landsvæði samningsaðilanna skal TR-umhleðsluseðli framvísað við brottfarartollstöð.

2. Vörur sem flutningur er hafinn á í bandalaginu, skulu taldar fluttar samkvæmt T2-reglunum. Ef hins vegar á að flytja vörurnar samkvæmt T1-reglunum skal brottfarartollstöð gefa til kynna á örk 2, 3A og 3B af TR-umhleðsluseðlinum að vörurnar, sem skjalið varðar, séu fluttar samkvæmt T1-reglunum. Í samræmi við það skal táknið „T1“ greinilega fært í reitinn sem ætlaður er tolyfirvöldum á örk 2, 3A og 3B af TR-umhleðsluseðlinum. Þegar vörur eru fluttar samkvæmt T2-reglunum þarf ekki að setja táknið „T2“ á skjalið.

3. Vörur, sem flutningur er hafinn á í EFTA-landi, skulu taldar fluttar samkvæmt T1-reglunum. Ef hins vegar á að flytja vörurnar samkvæmt T2-reglunum í samræmi við b-lið 3. mgr. 2. gr. samningsins skal brottfarartollstöð gefa til kynna á örk 3A af TR-umhleðsluseðlinum að vörurnar, sem skjalið varðar, séu fluttar samkvæmt T2-reglunum. Í samræmi við það skal táknið „T2“ greinilega fært í reitinn sem ætlaður er tolyfirvöldum á örk 3A af TR-umhleðsluseðlinum ásamt stimpli brottfarartollstöðvar og undirskrift þess starfsmanns sem ábyrgur er. Þegar vörur eru fluttar samkvæmt T1-reglunum þarf ekki að setja táknið „T1“ á skjalið.

4. Þegar, við flutning, sem hafinn er í bandalaginu, eru í einum eða fleiri stórgáma, sem fluttir eru samkvæmt TR-umhleðsluseðli, vörur sem fluttar eru samkvæmt T1-reglunum og í öðrum stórgámi eða -gámum eru eingöngu vörur fluttar samkvæmt T2-reglunum, skal brottfarartollstöðin vísa til stórgámsins eða -gámanna, sem í eru vörur fluttar samkvæmt T1-reglunum, í reit ætluðum tolyfirvöldum á örk 2, 3A og 3B af TR-umhleðsluseðlinum gegnt tákniinu „T1“.

5. Þegar, við flutning sem hafinn er í EFTA-landi, eru í einum eða fleiri stórgáma, sem fluttir eru samkvæmt TR-umhleðsluseðli, vörur sem fluttar eru samkvæmt T1-reglunum og í öðrum stórgámi eða -gámum eru eingöngu vörur fluttar samkvæmt T2-reglunum í samræmi við ákvæði b-liðar 3. mgr. 2. gr. samningsins, skal brottfarartollstöð vísa til stórgámsins eða -gámanna, sem í eru vörur fluttar samkvæmt T2-reglunum, í reit ætluðum tolyfirvöldum á örk 3A af TR-um-

hleðsluseðlinum gegnt tákniinu „T2“, svo og setja stimpil brottfarartollstöðvar og undirskrift starfsmanns sem ábyrgur er.

6. Þegar stórgámaskrár eru notaðar samkvæmt 4. og 5. mgr. verður að útbúa aðskildar skrár yfir gáma, sem í eru vörur fluttar samkvæmt T1-reglunum og gáma sem í eru eingöngu vörur fluttar samkvæmt T2-reglunum. Skrár þessar verða að bera raðnúmer þannig að kennsl verði borin á gámana.

Við flutning sem hafinn er innan bandalagsins skal tilvísun í raðnúmer á skránni (skránum), sem í eru vörur sem fluttar eru samkvæmt T1-reglunum, sett af hálfu brottfarartollstöðvar í reit ætlaðan tolyfirvöldum á örk 2, 3A og 3B af TR-umhleðsluseðlinum gegnt tákniinu „T2“.

Sé flutningur hafinn í EFTA-landi skal tilvísun í raðnúmer á skránni (skránum) yfir stórgámana, sem í eru vörur sem fluttar eru samkvæmt T2-reglunum í samræmi við ákvæði b-liðar 3. mgr. 2. gr. samningsins, sett af hálfu tollstöðvar á brottfararstað í reit ætlaðan tolyfirvöldum á örk 3A af TR-umhleðsluseðlinum, gegnt tákniinu „T2“, ásamt stimpli brottfarartollstöðvar og undirskrift starfsmanns sem ábyrgur er.

7. Allar arkir TR-umhleðsluseðilsins skulu afhentar viðkomandi aðila aftur.

8. Hvert aðildarríki bandalagsins getur heimilað, samkvæmt þeim skilyrðum og með þeim undantekningum sem það eða bandalagið setur, að vörur, sem fluttar eru samkvæmt T2-reglunum, séu afgreiddar samkvæmt T2-reglunum án þess að framvísað sé við brottfarartollstöð TR-umhleðsluseðli sem tekur til þessara vara.

Hvert EFTA-land getur heimilað að vörur, sem fluttar eru samkvæmt T1-reglunum, séu fluttar samkvæmt T1-reglunum án þess að krafist sé framvísunar TR-umhleðsluseðils við brottfarartollstöð.

9. TR-umhleðsluseðli skal framvísað á þeirri tollstöð, hér á eftir nefnd ákvörðunartollstöð, þar sem skýrsla er gefin um að viðkomandi vörur séu ætlaðar til nota innanlands eða afgreiddar samkvæmt öðrum tollareglum.

Ráðstafanir til auðkenningar

53. gr.

Tryggja skal að kennsl verði borin á vörur í samræmi við 11. gr. samningsins. Þegar TR-umhleðsluseðli er hins vegar ekki framvísað við tolyfirvöld á brottfarartollstöð í samræmi við ákvæði sem í gildi eru hjá samningsaðilum, skulu tolyfirvöld, með hliðsjón af þeim auðkenningarráðstöfunum sem járnbrautarstjornir hafa gert, almennt

ekki innsigla stórgáma. Sé tollinnsigli sett skal gerð grein fyrir því í reit atlaðan tollyfirvöldum á örk 3A og 3B af TR-umhleðsluseðlinum.

Notkun arka umhleðsluseðilsins

54. gr.

1. Flutningafyrirtæki skal afhenda brottfarartollstöð örk 1, 2 og 3A af umhleðsluseðlinum.

2. Ákvörðunartollstöð skal þegar senda arkir 1 og 2 til flutningafyrirtækis eftir að hafa stimplað þær og halda eftir örk 3A.

FLUTNINGUR TIL EÐA FRÁ ÞRIÐJU LÖNDUM

Flutningur til þriðju landa

55. gr.

1. Sé flutningur hafinn innan landsvæðis samningsaðilanna og honum á að ljúka utan landsvæðis samningsaðilanna skal 52. og 53. gr. beitt.

2. Tollstöð þeirrar landamærastöðvar, sem vörurnar fara um í flutningi frá landsvæði samningsaðilanna, skal teljast ákvörðunartollstöð.

3. Engra formsatriða þarf að gæta við ákvörðunartollstöð.

Flutningur frá þriðju löndum

56. gr.

1. Sé flutningur hafinn utan landsvæðis samningsaðilanna og honum á að ljúka innan landsvæðis samningsaðilanna skal tollstöð þeirrar landamærastöðvar, sem vörurnar fara um til landsvæðis samningsaðilanna, teljast brottfarartollstöð. Engra formsatriða þarf að gæta við ákvörðunartollstöð.

2. Tollstöð, þar sem vörunum er framvísað, skal teljast ákvörðunartollstöð.

Formsatriðum, sem kveðið er á um í 54. gr., skal fullnægt við ákvörðunartollstöð.

Umflutningur um landsvæði samningsaðila

57. gr.

1. Sé flutningur hafinn og eigi honum að ljúka utan landsvæðis samningsaðilanna skulu þær tollstöðvar, sem eiga að teljast brottfarartollstöð og ákvörðunartollstöð, vera þær sem um ræðir í 1. mgr. 56. gr. og 2. mgr. 55. gr., eftir því sem við á.

2. Engra formsatriða þarf að gæta við brottfarar- eða ákvörðunartollstöð.

Tollréttindi vara frá þriðju löndum eða í umflutningi

58. gr.

Vörur, sem eru fluttar samkvæmt 1. mgr. 56. gr. eða 1. mgr. 57. gr., skulu taldar fluttar samkvæmt

T1-reglunum nema T2L-skjölum, sem staðfesta bandalagsréttindi viðkomandi vara, sé framvísað.

Hagskýrsluákvæði

59. gr.

(Í viðbæti þessum er engin 59. gr.)

ÖNNUR ÁKVÆÐI

Ákvæði í I. viðbæti sem ekki verður beitt

60. gr.

Ákvæðum í II. og III. hluta við I. viðbæti við samninginn, sem felld eru úr gildi með beitingu þessa kafla, sérstaklega 3.–6. mgr. 12. gr., 17. og 23. gr., 1. mgr. 26. gr. og 41. gr., verður ekki beitt.

Gildissvið almennrar afgreiðslu og einfaldaðrar afgreiðslu

61. gr.

1. Ákvæði 29.–43. gr. skulu ekki útiloka afgreiðslu sem gert er ráð fyrir í I. viðbæti en í því tilviki skal 31. og 33. gr. engu að síður beitt.

2. Í því tilviki skal tilvísun til umflutningsskjalsins eða -skjalanna, sem notuð eru, greinilega færð í reit 32 eða reit 20, eftir því sem við á, þegar alþjóðlegi sendingarseðillinn eða alþjóðlegi hraðsendingarseðillinn er fylltur út. Í tilvísun þessari skal geta tegundar, tollstöðvar þar sem útgáfa á sér stað, dagsetningar og skráningarnúmers hvers skjals sem notað er.

Auk þess skal 2. örk alþjóðlega sendingarseðilsins eða alþjóðlega hraðsendingarseðilsins stimpluð af járnbrautaryfirvöldum þeim sem ábyrgð bera á síðustu járnbrautarstöðinni sem umflutningur á sér stað um. Yfirvöld skulu stimpla skjalið eftir að hafa gengið úr skugga um að umflutningsskjalið eða -skjölin, sem vísað er til, taki til flutnings vörunnar.

Þegar umflutningi, sem um ræðir í 1. mgr. og 1. málsl. þessarar málsgreinar, lýkur í EFTA-landi getur það land ákveðið að 2. örk alþjóðlega sendingarseðilsins eða alþjóðlega hraðsendingarseðilsins sé framvísað við þá tollstöð, sem ábyrgð ber, á síðustu stöðinni sem umflutningurinn fer um. Tollstöð þessi skal stimpla örkina eftir að hafa gengið úr skugga um að umflutningsskjalið eða -skjölin, sem vísað er til, taki til flutnings á vörunum.

3. Reglum, sem kveðið er á um í I. viðbæti, má ekki beita þegar 44.–58. gr. eiga við.

4. Þegar umflutningur á sér stað samkvæmt TR-umhleðsluseðli í samræmi við 44.–58. gr. skal alþjóðlegi sendingarseðillinn, sem notaður er vegna afgreiðslunnar, falla utan gildissviðs 28.–43., 59. og 60. gr. og 1. og 2. mgr. 61. gr. Í reit

32 í alþjóðlega sendingarseðlinum skal greinilega vísað til TR-umhleðsluseðilsins. Í tilvísun þessari verður að vera orðið „umflutningsseðill“ og skal raðnúmerið fara á eftir.

II. KAFLI

EINFÖLDUN FORMSATRIÐA SEM FULLNÆGJA VERÐUR VIÐ BROTTFARARTOLLSTÖÐ EÐA ÁKVÖRÐUNARTOLLSTÖÐ

Almennt

62. gr.

Sérhvert land getur einfaldað formsatriði að því er varðar umflutningsreglur sem fullnægja verður við brottfarartollstöð og ákvörðunartollstöð innan landsvæðis síns í samræmi við eftirfarandi ákvæði.

FORMSATRIÐI VIÐ BROTTFARARTOLLSTÖÐ

Löggiltur sendandi

63. gr.

Tollyfirvöld hvers lands geta heimilað hverjum þeim aðila sem uppfyllir skilyrði þau sem kveðið er á um í 64. gr. og hefur í hyggju að annast umflutning (hér á eftir nefndur „löggiltur sendandi“) að framvísa hvorki viðkomandi vörum né umflutningsskýrslu sem þær varðar við ákvörðunartollstöð.

Skilyrði heimildar

64. gr.

1. Heimild, sem kveðið er á um í 63. gr., skal aðeins veitt aðilum:
 - a) sem oft senda vörur;
 - b) hafa bókhald er gerir tollyfirvöldum kleift að staðreyna starfsemi þeirra; og
 - c) leggja fram allsherjartryggingu þegar ábyrgðar er krafist samkvæmt T1- eða T2-reglu.
2. Tollyfirvöld geta neitað þeim aðilum um heimild sem ekki geta veitt fullnægjandi tryggingar að þeirra mati.
3. Yfirvöld geta afturkallað heimildina, einkum þegar löggiltur sendandi uppfyllir ekki lengur skilyrði 1. mgr. eða getur ekki lengur veitt þær tryggingar sem um ræðir í 2. mgr.

Efni heimildar

65. gr.

Heimild sú sem tollyfirvöldin gefa út skal einkum tilgreina:

- a) tollstöð eða -stöðvar sem eru löggiltar brottfarartollstöðvar fyrir sendingar;
- b) innan hvaða frests og samkvæmt hvaða reglum löggiltur sendandi skal tilkynna brottfarartollstöð um sendingu sem senda á svo að tollstöðin

geti komið við nauðsynlegu eftirliti áður en vörurnar eru fluttar brott;

- c) innan hvaða frests beri að framvísa vörum við ákvörðunartollstöð; og
- d) hvaða ráðstafanir skuli gerðar til auðkenningar. Í þeim tilgangi geti tollyfirvöld ákveðið að flutningsfar, stykkið eða stykkinn skuli bera sérstakt innsigli sem samþykkt sé af tollyfirvöldum og sett á af hinum löggilta sendanda.

Staðfesting fyrir fram

66. gr.

1. Heimildin skal kveða á um að reitur sá á framhlið eyðublaðs T1- eða T2-skýrslunnar sem ætlaður er brottfarartollstöð:

- a) sé stimplaður fyrir fram með stimpli brottfarartollstöðvar og sé undirritaður af starfsmanni þeirrar tollstöðvar; eða
- b) sé stimplaður af hinum löggilta sendanda með sérstökum málmstimpli sem viðurkenndur hefur verið af tollyfirvöldunum og sé í samræmi við sýnishornið í IX. viðauka við viðbæti þennan. Stimpilmerkið má vera forprentað á eyðublaðin hafi prentunin verið falin viðurkenndri prentsmíðju í þeim tilgangi.

Löggiltur sendandi skal fylla reit þennan út með því að tilgreina sendingardag og gefa skýrslunni númer í samræmi við reglur sem kveðið er á um í heimildinni.

2. Tollyfirvöld geta mælt fyrir um notkun eyðublaða sem beri sérstakt merki til aðgreiningar.

Formsatriði við sendingu vara

67. gr.

1. Löggiltur sendandi skal ekki síðar en við sendingu varanna færa framan á 1., 4. og 5. eintak rétt útfylltrar T1- eða T2-skýrslu í reitinn „Eftirlit brottfarartollstöðvar“ upplýsingar um innan hvaða frests framvísa beri vörum við ákvörðunartollstöð, hvaða ráðstafanir hafi verið gerðar til auðkenningar og eina eftirfarandi yfirlýsinga:

- „Forenklet procedure“
- „Vereinfachtes Verfahren“
- „Απλουστευμένη διαδικασία“
- „Simplified procedure“
- „Procedimiento simplificado“
- „Procédure simplifiée“
- „Procedura simplificata“
- „Vereenvoudigde regeling“
- „Procedimento simplificado“
- „Yksinkertaistettu menettely“
- „Einfölduð afgreiðsla“
- „Forenklet prosedyre“
- „Förenklat förfarande“

2. Þegar vörurnar hafa verið sendar skal brottfarartollstöð án tafar sent eintak 1. Tollyfirvöld geta í heimildinni leyft að eintak 1 sé sent brottfarartollstöð svo fljótt sem T1- eða T2-skýrsla hefur verið útbúin. Hin eintökin skulu fylgja vörunum í samræmi við ákvæðin í I. viðbæti.

3. Þegar tollyfirvöldin í brottfararlandinu við hafa eftirlit við brottför sendingar skulu þau skýra frá því í reitnum „Eftirlit brottfarartollstöðvar“ á framhlið 1., 4. og 5. eintaks T1- eða T2-skýrslunnar.

Ábyrgðaraðili

68. gr.

T1- eða T2-skýrsla, rétti útfyllt og árituð eins og kveðið er á um í 1. mgr. 67. gr., skal talin jafngild T1- skjali eða T2-skjali, eftir því sem við á, og skal löggiltur sendandi, sem undirritaði skýrsluna, talinn vera ábyrgðaraðili.

Undanþága frá undirritun

69. gr.

1. Tollyfirvöld geta veitt löggilta sendandanum undanþágu frá að undirrita T1- eða T2- skýrslur sem bera stimpilinn sem um ræðir í IX. viðauka við viðbæti þennan þegar slíkar skýrslur og stimplar eru gerðir í tölvuritvinnslukerfi. Slík heimild skal bundin því skilyrði að löggiltur sendandi hafi áður gefið yfirvöldum þessum skriflega yfirlýsingu þar sem hann viðurkennir að hann sé fyrirvarsaðili vegna allra T1- eða T2- afgreiðslna sem fram fara samkvæmt T1- eða T2-skjölum og bera hinn sérstaka stimpil.

2. T1- eða T2-skjöl, sem gerð eru samkvæmt 1. mgr., skulu bera eftirfarandi orðasamband í reit sem ætlaður er fyrir undirskrift ábyrgðaraðila:

- „Fritaget for underskrift“
- „Freistellung von der Unterschriftsleistung“
- „Δεν απαιτείται υπογραφή“
- „Signature waived“
- „Dispensa de firma“
- „Dispense de signature“
- „Dispensa della firma“
- „Van ondertekening vrijgesteld“
- „Dispensada a assinatura“
- „Vapautettu allekirjoituksesta“
- „Undanþegið undirskrift“
- „Fritatt for underskrift“
- „Befriad från underskrift“

Ábyrgð löggilts sendanda

70. gr.

1. Löggiltur sendandi skal:

- a) fara eftir ákvæðum þessa kafla og skilyrðum í heimildinni; og

- b) gera nauðsynlegar ráðstafanir til að tryggja örugga vörslu hinna sérstöku stimpla og eyðublaða sem bera merki stimpils brottfarartollstöðvar eða stimpilmerki hins sérstaka stimpils.

2. Misnoti einhver eyðublöð, sem stimpluð eru fyrirfram með stimpli tollstöðvar þeirrar sem ábyrg er eða með hinum sérstaka stimpli, skal löggiltur sendandi, án þess að það komi í veg fyrir opinbera málshöfðun, bera ábyrgð á greiðslu tolla og annarra gjalda sem greiða ber í tilteknu landi vegna vara sem fluttar eru samkvæmt slíkum eyðublöðum nema hann geti sannfært tollyfirvöld þau, sem löggiltu hann, að hann hafi gert þær ráðstafanir sem krafist er af honum samkvæmt b-lið 1. mgr.

FORMSATRIÐI VIÐ ÁKVÖRDUNAR-TOLLSTÖÐ

Löggiltur viðtakandi

71. gr.

1. Tollyfirvöld hvers lands geta fallið frá því að framvísað sé við ákvörðunartollstöð vörum sem fluttar eru samkvæmt T1- eða T2-reglunum þegar vörurnar eru ætlaðar aðila er fullnægir skilyrðum sem kveðið er á um í 72. gr. (hér á eftir vísað til sem „löggiltur viðtakandi“) og áður hefur verið löggiltur af tollyfirvöldum í því landi sem ábyrgð ber á ákvörðunartollstöð.

2. Í því tilviki skal ábyrgðaraðili talinn hafa uppfyllt skyldur sínar samkvæmt ákvæðum a-liðar 13. gr. I. viðbætis þegar eintök T1- eða T2-skjalsins sem fylgdu sendingunni, ásamt vörum ósnertum, hafa verið afhent hinum löggilta viðtakanda innan tilskilins frests á starfsstöð hans eða þeim stað sem tilgreindur er í heimildinni enda hafi ráðstafanir til auðkenningar verið gerðar.

3. Löggiltur viðtakandi skal að ósk flytjanda gefa út kvittun fyrir hverri sendingu sem flutt er samkvæmt skilyrðum 2. mgr. þar sem því sé lýst yfir að skjalið og vörurnar hafi verið afhentar.

Skilyrði heimildar

72. gr.

1. Heimild, sem um ræðir í 71. gr., skal aðeins veitt aðilum:

- a) sem oft fá sendingar sem háðar eru tolleftirliti; og
- b) hafa bókhald er gerir tollyfirvöldum kleift að staðreyna starfsemina.

2. Tollyfirvöld geta neitað þeim aðilum um heimild sem ekki geta veitt fullnægjandi tryggingar að þeirra mati.

3. Yfirvöld geta afturkallað heimildina, einkum þegar löggiltur viðtakandi uppfyllir ekki lengur

skilyrði 1. mgr. eða getur ekki lengur veitt þær tryggingar sem um ræðir í 2. mgr.

4. Löggiltur viðtakandi verður að fylgja öllum þeim skilyrðum sem kveðið er á um í kafla þessum og í heimildinni.

Efni heimildar

73. gr.

1. Heimild sú sem tollyfirvöld gefa út skal einkum tilgreina:

- tollstöð eða tollstöðvar sem eru löggiltar á ákvörðunarstað fyrir sendingar sem löggiltur viðtakandi fær; og
- innan hvaða frests og samkvæmt hvaða reglum löggiltur viðtakandi skal tilkynna ákvörðunartollstöð komu varanna svo að tollstöðin geti komið nauðsynlegu eftirliti við áður en vörurnar eru fluttar brott.

2. Þrátt fyrir ákvæði 76. gr. skulu tollyfirvöld tilgreina í heimildinni hvort einhverra aðgerða sé þörf af hálfu ákvörðunartollstöðvar áður en löggiltur viðtakandi getur ráðstafað vörum sem komnar eru.

Skyldur löggilts viðtakanda

74. gr.

1. Löggiltur viðtakandi skal, að því er varðar sendingar sem berast til starfsstöðvar hans eða þeirra staða sem tilgreindir eru í heimildinni:

- þegar tilkynna ákvörðunartollstöð um hvers konar umframmagn, vantánir, vöruskipti eða aðrar misfellur, svo sem rofin innsigli, í samræmi við reglur þær sem kveðið er á um í heimildinni; og
- senda án tafar til ákvörðunartollstöðvar eintök af T1- eða T2-skjalinu sem fylgja sendingunni þar sem fram komi komudagur og ástand þeirra innsigla sem sett hafa verið.

2. Ákvörðunartollstöð skal árita eintök T1- eða T2- skjalinsins á viðeigandi hátt.

ÖNNUR ÁKVÆÐI

Eftirlit

75. gr.

Tollyfirvöld geta framkvæmt hvers konar eftirlit sem þau telja nauðsynlegt hjá löggiltum sendendum og löggiltum viðtakendum. Nefndir sendendur og viðtakendur skulu af því tilefni veita aðgang að öllum nauðsynlegum upplýsingum og aðstöðu.

Undantekning vegna tiltekinna vara

76. gr.

Tollyfirvöld í brottfaranlandi eða ákvörðunarlandi geta útilokað tiltekna vöruflokka frá fyrirkomulagi því sem kveðið er á um í 63.–71. gr.

Sérstakar sendingar með lest

77. gr.

- (Í þessari grein er engin 1. mgr.)
- Þegar vörur, sem fluttar eru samkvæmt 29.–61. gr., eru sendar til löggilts viðtakanda geta tollyfirvöld ákveðið þrátt fyrir ákvæði 2. mgr. 71. gr. og b-liðar 1. mgr. 74. gr., að járnbrautaryfirvöld eða flutningafyrirtæki skuli afhenda ákvörðunartollstöð beint 2. og 3. örk alþjóðlega sendingarseðilsins, 2. og 4. örk alþjóðlega hraðsendingarseðilsins eða örk 1, 2 og 3A af TR-umhæðsluseðlinum.

III. KAFLI

78.–81. gr.

(Í viðbæti þessum er engin 78.–81. gr.)

V. HLUTI

ÁKVÆÐIN VARÐANDI SKJAL ER STAÐFESTIR BANDALAGSRÉTTINDI VARA SEM EKKI ERU FLUTTAR SAMKVÆMT T-2 REGLUNUM (T2L-SKJAL)

I. KAFLI

ÚTGÁFA OG NOTKUN SKJALSINS

Eyðublöð – Gildissvið

82. gr.

1. T2L-skjal skal útbúið í samræmi við eyðublöð sem vísað er til í 7. mgr. 1. gr. viðbætis þessa.

2. Eyðublöð þessi skulu útfyllt í samræmi við skýringar í VIII. viðauka við III. viðbæti.

3. T2L-skjal skal gefið út vegna vara með bandalagsréttindi sem eru ekki fluttar samkvæmt T2- reglum, að undanskildum vörum:

- sem ætlaðar eru til útflutnings utan landsvæðis samningsaðilanna; eða
- eru í umbúðum sem ekki njóta bandalagsréttinda; eða

c) fluttar eru á grundvelli reglna varðandi alþjóðlegan vöruflutning samkvæmt TIR-skírteinum, nema:

– vörur sem á að afferma á landsvæði eins samningsaðila eru fluttar með vörum sem afferma á í þriðja landi; eða

– vörur sem fluttar eru frá landsvæði eins samningsaðila til annars um þriðja land.

4. Einnig má gefa út T2L-skjal varðandi:

– póstsendingar (þ.á m. póstbögglar) sem sendar eru frá póststofu eins samningsaðila til póststofu annars samningsaðila;

– vörur sem í skilningi 49. gr. I. viðbætis eru ekki fluttar samkvæmt T2-reglunum.

Skilyrði beins flutnings

83. gr.

Einungis má nota T2L-skjal til staðfestingar á bandalagsréttindum vara sem það tekur til þegar vörur þessar eru fluttar beint frá einu landi til annars.

Eftirfarandi skal talið beinn flutningur frá einu landi til annars:

- vörur sem fluttar eru án þess að fara um landsvæði þriðja lands;
- vörur sem fluttar eru um landsvæði eins eða fleiri þriðju landa að því tilskildu að flutningur um slík lönd fari fram samkvæmt einu flutningsskjali sem gert sé í landi samningsaðila.

Skilyrði útgáfu; afturvirk útgáfa

84. gr.

1. T2L-skjal skal útbúið í einu eintaki, sbr. þó 92. gr.

2. T2L-skjal, og þegar það er nauðsynlegt T2L bis-skjal (skjöl), skal staðfest af tollyfirvöldum í brottfararlandi í reit C „Brottfarartollstöð“ á þessum skjölum sé þess óskað af viðkomandi aðila. Skjölin skulu send aftur til viðkomandi aðila um leið og tollalegum formsatriðum varðandi sendingu varanna til ákvörðunarlands hefur verið fullnægt.

3. Séu til þess gildar ástæður getur viðkomandi aðili fengið T2L-skjal gefið út eftir á af þar til bærum yfirvöldum í brottfararlandi. Í slíku tilviki skal rita með rauðu eina af eftirfarandi setningum:

- „Udstedt efterfølgende“
- „Nachträglich ausgestellt“
- „Εκδοθέν εκ των υστέρων“
- „Issued retroactively“
- „Expedido a posteriori“
- „Délivré a posteriori“
- „Rilasciato a posteriori“
- „Achteraf afgegeven“
- „Emitido a posteriori“
- „Annettu jalkikäteen“
- „Útgefið eftir á“
- „Utstedt i etterhånd“
- „Utfärdat i efterhand“

Notkun hleðsluskrár

85. gr.

1. Þegar útbúa á T2L-skjal varðandi sendingu, sem í eru tvær eða fleiri vörutegundir, má setja upplýsingar, sem varða þessar vörur, á eina eða þfleiri hleðsluskrár í skilningi 2. mgr. 5. gr. í stað þess að setja þær í reiti 31 „Stykki og vörulýsing“, 32 „Vörulíður nr.“, 33 „Vörunúmer“, 35 „Þyngd bruttó (kg)“, 38 „Þyngd nettó (kg)“, og, þar sem við á, 44 „Viðbótarupplýsingar/Framlögð skjöl/

Vottorð og leyfi“, á þeim eyðublaðum sem þarf til að útbúa T2L-skjal.

Þegar hleðsluskrár eru notaðar skal yfirstrika viðkomandi reiti á T2L-skjalinu.

2. Efri hluti reitsins, sem um ræðir í b-lið 6. gr., er ætlaður fyrir táknið „T2L“. Neðri hluti reitsins er ætlaður fyrir tollstimpil.

Ekki á að fylla út dálkinn „Sendingar-/útflutningsland“.

3. Hleðsluskrá skal framvísað í jafnmörgum eintökum og T2L-skjalið sem hún á við. Hún skal undirrituð af þeim aðila sem undirritar T2L-skjalið.

4. Þegar tvær eða fleiri hleðsluskrár fylgja einu T2L-skjali skal slík hleðsluskrá bera raðnúmer sem viðkomandi aðili skal gefa henni. Tala hleðsluskráa, sem fylgja, skal tilgreind í reitnum „Hleðsluskrár“ á eyðublaðinu sem T2L-skjalið er útbúið á.

Framvísun T2L-skjala á ákvörðunarstað

86. gr.

1. T2L-skjölum skal framvísað við þá tollstöð sem afgreiða skal vörurnar samkvæmt öðrum tollareglum en þeim sem giltu um flutning þeirra.

2. Hafi vörur verið fluttar á sjó, í flugi eða um veitu skal T2L-skjölunum framvísað við þá tollstöð sem á að tollafgreiða þær.

Eftirlit með T2L-skjölum

87. gr.

Löndin skulu veita hvort öðru sameiginlega aðstoð til að ganga úr skugga um sannleiksgildi T2L-skjala og áreiðanleika þeirra upplýsinga sem þau veita.

T2L-skjöl í þríriti

88. gr.

(Í þessum viðbæti er engin 88. gr.)

II. KAFLI**EINFÖLDUÐ AFGREIÐSLA VIÐ ÚTGÁFU T2L-SKJALSINS****Löggiltur sendandi**

89. gr.

Tollyfirvöld hvers lands geta heimilað hvaða aðila sem er, hér á eftir nefndur „löggiltur sendandi“, sem uppfyllir skilyrði 90. gr. og hyggst senda vörur samkvæmt T2L-skjali, að nota skjal þetta án þess að gæta ákvæða 2. mgr. 84. gr.

Skilyrði heimildar

90. gr.

1. Heimild sem kveðið er á um í 89. gr. skal aðeins veitt aðilum:

- sem oft senda vörur;
- sem hafa bókhald er gerir tollyfirvöldum kleift

að staðreyna starfsemi þeirra.

2. Tollyfirvöld geta neitað þeim aðilum um heimild sem ekki geta veitt fullnægjandi tryggingar að þeirra mati.

3. Yfirvöld geta afturkallað heimildina, einkum þegar löggiltur sendandi uppfyllir ekki lengur skilyrði 1. mgr. eða getur ekki lengur veitt þær tryggingar sem um ræðir í 2. mgr.

Efni heimildar

91. gr.

1. Heimild sú sem tollyfirvöld gefa út skal einkum tilgreina:

a) tollstöð sem tilnefnd hefur verið til að staðfesta fyrir fram eyðublöð sem nota á til að útbúa T2L-skjöl eins og um ræðir í a-lið 1. mgr. 92. gr., og

b) með hvaða hætti löggiltur sendandi skuli sýna fram á að eyðublöð þessi hafi verið rétt notuð.

2. Tollyfirvöld skulu tilgreina innan hvaða frests og með hvaða hætti löggiltur sendandi skuli tilkynna tollstöð, sem með málið fer, svo að tollstöð geti látið fram fara nauðsynlegt eftirlit áður en vörur eru sendar.

Staðfesting fyrirfram og formsatriði við brottför

92. gr.

1. Í heimild skal kveðið á um að reitur C „Brottfarartollstöð“ á framhlið eyðublaðsins, sem notað er til að útbúa T2L-skjal, og, sé það nauðsynlegt, T2L bis-skjal (skjöl):

a) skuli stimplaður fyrir fram með stimpli tollstöðvar, sem um ræðir í a-lið 1. mgr. 91. gr., og undirritaður af starfsmanni þeirrar tollstöðvar; eða

b) skuli stimplaður af löggiltum sendanda með sérstökum málmstimpli sem viðurkenndur hefur verið af tollyfirvöldunum og er í samræmi við sýnishorn í IX. viðauka við viðbæti þennan. Stimpilmerkið má vera forprentað á eyðublöðin hafi prentunin verið falin viðurkenndri prentsmíðju í þeim tilgangi.

2. Löggiltur sendandi skal eigi síðar en við sendingu varanna útfylla eyðublaðið og undirrita það. Auk þess skal hann tilgreina í reit, sem ætlaður er vegna eftirlits brottfarartollstöðvar, nafn þeirrar tollstöðvar sem ábyrg er, dag þann er skjalið var útfyllt, upplýsingar um útflutnings-skjöl sem krafist er af brottfararlandi og eina eftirfarandi setninga:

- „Forenklet procedure“
- „Vereinfachtes Verfahren“
- „Απλουστευμένη διαδικασία“
- „Simplified procedure“
- „Procedimiento simplificado“
- „Procédure simplifiée“

- „Procedura simplificata“
- „Vereenvoudigde regeling“
- „Procedimento simplificado“
- „Yksinkertaistettu menettely“
- „Einfölduð afgreiðsla“
- „Forenklet prosedyre“
- „Forenklat förfarande“

3. Rétt útfyllt og staðfest eyðublað eins og kveðið er á um í 2. mgr. og undirritað af löggiltum sendanda skal talið jafngilt skjali sem staðfestir bandalagsréttindi varanna.

Skylda til að útbúa samrit

93. gr.

Löggiltur sendandi skal útbúa samrit af hverju T2L-skjali sem gefið er út samkvæmt kafla þessum. Tollyfirvöldin skulu ákveða hvenær samriti af skjali skuli framvísað vegna eftirlits og að þau skuli geymd í minnst 2 ár.

Eftirlit með löggiltum sendanda

94. gr.

Tollyfirvöld geta framkvæmt hvers konar eftirlit sem þau telja nauðsynlegt hjá löggiltum sendendum. Nefndir sendendur og viðtakendur skulu af því tilefni veita aðgang að öllum nauðsynlegum upplýsingum og aðstöðu.

Ábyrgð löggilts sendanda

95. gr.

1. Löggiltur sendandi skal:

- a) fara eftir ákvæðum þessa kafla og skilyrðum í heimildinni; og
- b) gera nauðsynlegar ráðstafanir til að tryggja örugga vörslu hinna sérstöku stimpla og eyðublaða sem bera merki stimpils þeirra tollstöðva sem löggildingunni veita eins og um ræðir í b-lið 1. mgr. 91. gr., eða sérstaka stimpilsins.

2. Misnoti einhver eyðublöð þau sem ætluð eru til að útbúa T2L-skjöl og bera merki stimpils tollstöðvar þeirrar sem um ræðir í a-lið 1. mgr. 91. gr. eða sérstaka stimpilsins skal hinn löggilti sendandi, án þess að það komi í veg fyrir opinbera málshöfðun, bera ábyrgð á greiðslu tolla og annarra gjalda sem ógreidd eru í einhverju landi vegna misnotkunar nema hann geti sannfært tollyfirvöld sem löggiltu hann, um að hann hafi gert þær ráðstafanir sem krafist er af honum samkvæmt b-lið 1. mgr.

Undantekning vegna tiltekinna vara

96. gr.

Tollyfirvöld í útflutningslandinu geta útilokað tiltekna vöruflokka og umferð frá fyrirkomulagi því sem kveðið er á um í kafla þessum.

I. viðauki**HLEÐSLUSKRÁ**

| |
|--|
| |
| |

| Raðnúmer | Merki, númer, tala og tegund stykkja: vörulýsing | Sendingar-/útflytningarsland | Þyngd brúttó (kg) | Fyrir tollfyrivöld |
|----------|--|------------------------------|-------------------|--------------------|
| | | | | |

2. viðauki

| | | | | | |
|---|--|---|--|---|--|
| GRÆNSEOVERGANGSATTEST GRENZÜBERGANGSSCHEIN ΔΕΛΤΙΟ ΔΙΕΛΕΥΣΗΣ TRANSIT ADVICE NOTE * | | SAMEIGINLEGUR UMFLUTNINGUR/ BANDALAGSUMFLUTNINGUR | | AVISO DE PASO AVIS DE PASSAGE AVVISO DI PASSAGGIO KENNISGEVING VAN DOORGANG AVISO DE PASSAGEM | |
| Auðkenni flutningsfars | | | | | |
| UMFLUTNINGSSKJAL | | | | FYRIRHUGUÐ UMFLUTNINGSTOLLSTÖÐ (OG LAND) | |
| Meðferð (T1, T2, T2ES, T2PT) og númer | | Brottfarantollstöð | | | |
| | | | | TIL OPINBERRA NOTA | |
| | | | | Umflutningsdagur | |
| | | | | | |
| | | | | Undirskrift | |
| | | | | Opinber stimpill | |

*Setja á samsvarandi orðalag á finnsku, íslensku, norsku og sænsku.

3. viðauki

| | | | |
|--|--|--|--|
| SAMEIGINLEGUR UMFLUTNINGUR/ BANDALAGSUMFLUTNINGUR | | | |
| ANKOMSTADVIS EINGANGSBESCHEINIGUNG ΑΠΟΔΕΙΞΗ ΠΑΡΑΛΑΒΗΣ RECEIPT * | | RECIBO RÉCÉPISSÉ RICEVUTA ONTVANGSTBEWIJS | |
| Tollstöð í | | | |
| staðfestir hér með að skjal T1, T2, T2 ES, T2 PT ¹⁾ | | | |
| Eftirlitseinak T nr. 5 | | | |
| Skráð hinn | | undir nr. | |
| af tollstöð í | | | |
| hefur verið móttakið og ekkert óeðlilegt hefur fram til þessa komið í ljós varðandi sendingu þá sem skjal þetta tekur til. | | | |
| Opinber stimpill | | í hinn 19 | |
| | | Undirskrift | |
| ¹⁾ Strikist út eftir því sem við á | | | |

* Setja á samsvarandi orðalag á finnsku, íslensku, norsku og sænsku.

4. viðauki

SAMEIGINLEGUR UMFLUTNINGUR/BANDALAGSUMFLUTNINGUR

ÁBYRGÐARSKÍRTEINI
(framhlið)

| | | | | |
|---|-----------|---|----|------------|
| 1. Gildir til | Dagur | Mánuður | Ár | 2. Nr. |
| 3. Ábyrgðaraðili (Eftirnafn og skirnarnafn, eða heiti fyrirtækis, og fullt heimilisfang og land) | | | | |
| 4. Tryggingaraðili (Eftirnafn og skirnarnafn, eða heiti fyrirtækis, og fullt heimilisfang og land) | | | | |
| 5. Ábyrgðartollstöð (Fullt heimilisfang og land) | | | | |
| 6. Ábyrgð fyrir (Í mynt viðkomandi lands) | (Í tölu): | | | (Í orðum): |
| 7. Ábyrgðartollstöð staðfestir að ofangreindur ábyrgðaraðili hefur heimild til að annast T1- eða T2-afgreiðslur í eftirtöldum löndum (nema þeim sem felld eru niður): | | | | |
| BELGÍU DANMÖRKU FRAKKLANDI PÝSKALANDI GRIKKLANDI ÍRLANDI ÍTALÍU LÚXEMBOURG HOLLANDI PORTÚGAL SPÁNI BRETLANDI AUSTURRIKI FINNLANDI ÍSLANDI NÖREGI SVÍP-JÓÐ SVISS | | | | |
| 8. Gildistími framlengdur til og með | | í | | |
| Dagur Mánuður Ár | | (Undirskriftarstaður) hinn (Dagsetning) | | |
| _____ (Undirskriftarstaður) | | _____ (Undirskrift og stimpill) | | |

9. Aðilar sem leyfi hafa til að undirrita T1- eða T2-skýrslu fyrir hönd ábyrgðaraðila

(bakhlíð)

| 10. Eftirnafn, skirnarnafn og rithandarsýnishorn umboðsaðila | 11. Undirskrift ábyrgðaraðila ¹⁾ | 10. Eftirnafn, skirnarnafn og rithandarsýnishorn umboðsaðila | 11. Undirskrift ábyrgðaraðila ¹⁾ |
|--|---|--|---|
| | | | |
| | | | |
| | | | |
| | | | |

ATH: Skírteini þetta verður að endursenda ábyrgðartollstöð við ógildingu ábyrgðarinnar.

¹⁾ Ef ábyrgðaraðili er fyrirtæki verður sá sem undirritar í reit 11 að geta eftirnafns, skirnarnafns og stöðu í fyrirtækinu.

5. viðauki

(framhlíð)

| | |
|--|--|
| SAMEIGINLEGUR UMFLUTNINGUR/BANDALAGSUMFLUTNINGUR | A 000 000 |
| FASTAGJALDSÁBYRGÐARSEÐILL | |
| Útgefinn af | |
| (Nafn og heimilisfang einstaklings eða fyrirtækis) | |
| (Skuldbinding tryggingaraðila samþykkt hinn | |
| af ábyrgðartollstöð í | |
| Kvittun þessi gildir fyrir fjárhæð allt að 7000 ECU vegna einnar T1- eða T2-afgreiðslu | |
| sem hefst eigi síðar en | |
| og ábyrgðaraðili hennar er | |
| (Nafn og heimilisfang einstaklings eða fyrirtækis) | |
| (Undirskrift ábyrgðaraðila ¹⁾) | (Undirskrift og stimpill tryggingaraðila) |
| ¹⁾ Undirskrift valfrjáls | |

(bakhlið)

| | |
|--|------------------------|
| Útfyllist af brottfarartollstöð | |
| Umflutningsafgreiðsla sem T1/T2/T3 ES/T2 PT-skjal tekur til og er | |
| skráð hinn | undir nr. af |
| tollstöð | |
| (Opinber stimpill) | (Undirskrift) |


(Í viðbæti þessum er enginn VI. viðauki).

VII. viðauki**Skrá yfir vöruflutninga sem leitt geta til hækkunar á fastagjaldsábyrgðinni**


| Samræmda skráin Númer vöruliðar | Vörulýsing | Magn sem samsvarar almennu fjárhæðinni 7.000 ECU |
|---------------------------------------|--|---|
| 02.01 | Kjöt af dýrum af nautgripakyni, nýtt eða kælt | 3.000 kg |
| 02.02 | Kjöt af dýrum af nautgripakyni, fryst | 3.000 kg |
| úr 02.10 | Kjöt af dýrum af nautgripakyni, saltað í saltlegi, þurrkað eða reykt | 3.000 kg |
| 04.02 | Mjólk og rjómi, kjarnað eða með viðbættum sykri eða öðru sætuefni | 5.000 kg |
| 04.05 | Smjör og önnur fita og olía fengið úr mjólk | 3.000 kg |
| 04.06 | Ostur og ystingur | 3.500 kg |
| úr 09.01 | Kaffi, óbrennt, einnig koffínsneytt | 3.000 kg |
| úr 09.01 | Kaffi, brennt, einnig koffínsneytt | 2.000 kg |
| 09.02 | Te | 3.000 kg |
| úr 16.01 | Pylsur og þess háttar vörur úr kjöti, hlutum eða blóði dýra af nautgripakyni | 4.000 kg |
| úr 16.02 | Annað kjöt, hlutar eða blóð alisvína, unnið eða varið skemmdum ... | 4.000 kg |
| úr 16.02 | Annað kjöt, hlutar eða blóð dýra af nautgripakyni, unnið eða varið skemmdum | 3.000 kg |
| úr 21.01 | Kjarni, kraftur og seyði, úr kaffi | 1.000 kg |
| úr 21.01 | Kjarni, kraftur og seyði, úr te | 1.000 kg |
| úr 21.06 | Matvælum, ót.a., sem í er 18% eða meira af mjólkurfitu | 3.000 kg |
| 22.04 | Vín úr nýjum þrúgum, einnig vín blönduð vínanda; þrúgumust annað en í nr. 20.09 | 15 hl |
| 22.05 | Vermút og annað vín úr nýjum þrúgum, bragðbætt með plöntum eða ilmefnum | 15 hl |
| úr 22.07 | Ómengið etylalkóhól að alkóhólstyrkleika 80% eða meira miðað við rúmmál | 3 hl |
| úr 22.08 | Ómengið etylalkóhól að alkóhólstyrkleika minna en 80% miðað við rúmmál | 3 hl |
| úr 22.08 | Áfengir vökvur, líkjörar og aðrar áfengar drykkjarvörur | 5 hl |
| úr 24.02 | Vindlingar | 70.000 stk |
| úr 24.02 | Smávindlar | 60.000 stk |
| úr 24.02 | Vindlar | 25.000 stk |
| úr 24.03 | Reyktóbak | 100 kg |
| úr 27.10 | Þunnar og millipykkar jarðolfur og gasolfur | 20 hl |
| 33.03 | Ilmvötn og snyrtivötn | 5 hl |

VIII. viðauki

MIÐI (33. og 50. gr.)

*Litur: Svart á grænu***IX. viðauki**

Sérstakur stimpill



- | | |
|------------------------|-----------------------|
| 1. Skjaldarmerki lands | 4. Dagsetning |
| 2. Tollstöð | 5. Löggildur sendandi |
| 3. Númer skjals | 6. Heimild |

III. VIÐBÆTIR

1. gr.

1. Eyðublöðin, sem T1- eða T2-skýrslurnar skulu útbúnar á, skulu vera í samræmi við II.–IV. viðauka við viðbæti þennan.

2. Upplýsingar á eyðublöðunum eiga að afritast sjálfkrafa:

a) að því er varðar I. og III. viðauka á eintökum sem tilfærð eru í V. viðauka;

b) að því er varðar II. og IV. viðauka á eintökum sem tilfærð eru í VI. viðauka.

3. Eyðublöðin skulu útfyllt og notuð:

a) sem T1- eða T2-skýrslur í samræmi við leiðbeiningar í VII. viðauka;

b) sem T2L-skjöl í samræmi við leiðbeiningar í VIII. viðauka.

Í báðum tilvikum skal nota leiðbeiningar sem fram koma í IX. viðauka, þar sem við á.

2. gr.

1. Eyðublöðin skulu prentuð á sjálfafrítandi skrifpappír sem vegi að minnsta kosti 40 grömm hver fermetri. Pappírinn skal vera nægilega ógagnsær til að áritun á aðra hlið hans hafi ekki áhrif á læsileika hinnar hliðarinnar og svo sterkur að hann rifni ekki eða velkist gjarnan við venjulega notkun. Pappírinn í öllum eintökunum skal vera hvítur. Þó skal vera grænn bakgrunnur á eintökum sem notuð eru við umflutning (1, 4, 5 og 7) í reitum 1 (nema miðhluta), 2, 3, 4, 5, 6, 8, 15, 17, 18, 19, 21, 25, 27, 31, 32, 33 (fyrsta hluta vinstra megin), 35, 38, 40, 44, 50, 51, 52, 53, 55 og 56. Eyðublöðin skulu prentuð í grænum lit.

2. Stærð eyðublaðanna skal vera 210x297 millimetrar með hámarksfráviki 5 millimetra undir og 8 millimetra yfir lengd.

3. Samningsaðilar geta krafist þess að eyðublöðin sýni nafn og aðsetur prentsmiðjunnar eða merki sem þekkja má prentsmiðjuna af.

4. Í efra vinstra horni eyðublaðsins geta samningsaðilar prentað auðkenni viðkomandi samningsaðila. Þeir geta einnig prentað orðin „SAM-EIGINLEGUR UMFLUTNINGUR“ í stað orðsins „BANDALAGSUMFLUTNINGUR“. Skjölum, sem bera slíkt auðkenni eða aðra hvora áritunina, skal veitt viðtaka þegar þeim er framvísað hjá öðrum samningsaðila.

3. gr.

1. Þegar formsatriðum er fullnægt með notkun tölvukerfa í almennings- eða einkaeign skulu þar til bær yfirvöld heimila aðilum, sem þess æskja, að setja undirskrift á vélrænan hátt í stað eiginhandarundirskriftar og nota við það lykla, þar sem við á, og hafi slíkt sömu réttaráhrif og eiginhandarundirskrift. Heimild þessa skal einvörðungu veita ef tæknilegum og stjórnsýslulegum skilyrðum þar til bærra yfirvalda er fullnægt.

2. Þegar formsatriðum er fullnægt með notkun tölvukerfa í almennings- eða einkaeign, er prenta einnig skýrslurnar, geta þar til bær yfirvöld heimilað beina staðfestingu þessara kerfa á skýrslum sem þannig eru unnar í stað handvirkar eða vélrænnar notkunar tollstöðvarstimpils og undirskriftar þar til bær embættismanns.

| E EFTIRLIT SENDINGAR-/ÚTFLUTNINGSTOLLSTÖÐVAR |
|--|
| |
| |

T01b

| | | | |
|---|--|--|--|
| ISLAND | | A SENDINGAR-ÚTFLUTNINGSTOLLSTÓÐ | |
| Eintak hagstofu sendingarlands/útflytungslands | 2 | 2 Sendandi/Útflytandi nr. | 1 SKÝRSLA |
| | | | 3 Eyðublöð 4 Hleðsluskrár |
| | | | 5 Vörulíður 6 Stykkjatala 7 Tilvísunarnúmer |
| | | 8 Viðtakandi nr. | 9 Ábyrgðarábili greiðslu nr. |
| | | | 10 Fyrsta ákvörðunarland 11 Viðskiptaland 13 S.L.S. |
| | | 14 Skýrslugjafi/Umboðsaðili nr. | 15 Sendingarland/Útflytungsland 16 Upprunaland 17 Ákvörðunarland |
| | | | 15 C. Lykill send-/útfli. 17 Lykill ákv. lands a) b) a) b) |
| | | 18 Aðkenni og þjóðerni flutningsfars við brottför | 19 Gámur 20 Afhendingarskilmálar |
| | | 21 Aðkenni og þjóðerni virks flutningsfars við flutning yfir landamæri | 22 Mýnt og heildarfjárhæð reiknings 23 Gengi 24 Tegund viðskipta |
| | | 25 Flutningsmáti yfir landamæri 26 Flutningsmáti innhálts 27 Hleðslustaður | 28 Fjármála- og bankaupplýsingar |
| 2 | 29 Útflytningstollstöð 30 Geymslustaður vöru | | |
| 31 Stykki og vörulýsing | Merki og númer – Gámanr. – Tala og tegund | | 32 Vörulíður nr. 33 Vörunúmer |
| | | | 34 Lykill upprunals 35 Þyngd brúttó (kg) a) b) 37 TOLLMEÐFERÐ 38 Þyngd nettó (kg) 39 Kvótar |
| | | | 40 Heildarskýrsla/Fyrsta skjal 41 Magn í annari einingu Vu-lykill 46 Hagskýrsluverð |
| 44 Viðbótarupplýsingar/Framlög skjú/Vottorð og leyfi | | | |
| 47 Útreikningar gjalda | Tegund | Gjaldstofn | Taxti |
| | | | Fjárhæð gjalds |
| | | | GM |
| | | | 48 Greiðslufrestur 49 Aðkenni vörugæmslu |
| | | | B REIKNINGSLEGAR UPPLÝSINGAR |
| | Samtals: | | |
| | 50 Ábyrgðarábili nr. | Undirskrift: | C BROTTFARATOLLSTÓÐ |
| 51 Fyrirhugaðar umflutnings-tollstöðvar (og land) | fyrir hönd hans Staður og dagsetning: | | |
| 52 Ábyrgð tekur ekki til | | Lykill | 53 Ákvörðunartollstöð (og land) |
| D EFTIRLIT BROTTFARATOLLSTÓÐVAR | Stimpill: | 54 Staður og dagsetning: | |
| Niðurstæða: | | Undirskrift og nafn skýrslugjafa/umboðsaðila: | |
| Innsigli, tala: | | | |
| aðkenni: | | | |
| Frestur (dagsetning): | | | |
| Undirskrift: | | | |

| | | | | | | | | | | | | | | | | | | |
|--|---|--|-----------------------------|--|--|-------------------------------------|----------------------------------|-------------------------|-------|---|----------------|---------------------------------|----|--|--------------------|--|-------------------------|--|
| ISLAND | | | | | A SENDINGAR-/ÚTFLUTNINGSTOLLSTÖÐ | | | | | | | | | | | | | |
| Eintak sendanda/útflygjanda | 3 <input type="checkbox"/> 2 Sendandi/Útflygjandi nr. | | | | | 1 SKYRSLA | | | | | | | | | | | | |
| | | | | | | 3 Eyðublið | | 4 Hleðsluskrár | | | | | | | | | | |
| | | | | | | 5 Vörulíðir | | 6 Stykkjatala | | 7 Tilvísunarnúmer | | | | | | | | |
| | 8 Viðtakandi nr. | | | | | 9 Ábyrgðarábili greiðslu nr. | | | | | | | | | | | | |
| | | | | | | 10 Fyrsta ákvörðunarlönd | | 11 Viðskiptalönd | | | 13 S.L.S. | | | | | | | |
| | 14 Skyrslugjafi/Umbóðsaðili nr. | | | | | 15 Sendingarlönd/Útflutningslönd | | | | | | | | | | | | |
| | | | | | | 16 Upprunalönd | | 17 Ákvörðunarlönd | | | | | | | | | | |
| | 18 Auðkenni og þjóðerni flutningsfars við brottför | | | | | 19 Gámanr. | | 20 Afhendingarskilmálar | | | | | | | | | | |
| | 21 Auðkenni og þjóðerni virks flutningsfars við flutning yfir landamæri | | | | | 22 Mynt og heildarfjárhæð reiknings | | 23 Gengi | | 24 Tegund viðskipta | | | | | | | | |
| | 25 Flutningsmáti yfir landamæri | | 26 Flutningsmáti innanlands | | 27 Hleðslustaður | | 28 Fjármála- og bankaupplýsingar | | | | | | | | | | | |
| 3 <input type="checkbox"/> 29 Útflutningstollstöð | | | | | 30 Geymslustaður vöru | | | | | | | | | | | | | |
| 31 Stykki og vörulýsing | | | | | 32 Vörulíður nr. | | | | | 33 Vörunúmer | | | | | | | | |
| | | | | | 34 Lykill upprunalands | | 35 Þyngd bruttó (kg) | | | | | | | | | | | |
| | | | | | 37 TOLLMEÐFERÐ | | 38 Þyngd nettó (kg) | | | 39 Kvótar | | | | | | | | |
| 31 Stykki og vörulýsing | Merki og númer – Gámanr. – Tala og tegund | 32 Vörulíður nr. | 33 Vörunúmer | | | | | |
| | | 34 Lykill upprunalands | 35 Þyngd bruttó (kg) | 36 Ívinnun | | | | |
| | | 37 TOLLMEDFERÐ | 38 Þyngd nettó (kg) | 39 Kvótar | | | | |
| | | 40 Heildarskýrsla/Fyrra skjal | | | | | | |
| 44 Viðbótar-upplýsingar/ Framlögð skjöl/ Vottorð og leyfi | 41 Magn í annarri einingu | | 42 Vöruverð | 43 Va-lykill | | | | |
| | | | Vu-lykill | 45 Umreikningsgrunnur | | | | |
| | | | 46 Hagskýrsluverð | | | | | |

| | | | | | | | | |
|---|---|-------------------------------|----------------------|-----------------------|--|--|--|--|
| 31 Stykki og vörulýsing | Merki og númer – Gámanr. – Tala og tegund | 32 Vörulíður nr. | 33 Vörunúmer | | | | | |
| | | 34 Lykill upprunalands | 35 Þyngd bruttó (kg) | 36 Ívinnun | | | | |
| | | 37 TOLLMEDFERÐ | 38 Þyngd nettó (kg) | 39 Kvótar | | | | |
| | | 40 Heildarskýrsla/Fyrra skjal | | | | | | |
| 44 Viðbótar-upplýsingar/ Framlögð skjöl/ Vottorð og leyfi | 41 Magn í annarri einingu | | 42 Vöruverð | 43 Va-lykill | | | | |
| | | | Vu-lykill | 45 Umreikningsgrunnur | | | | |
| | | | 46 Hagskýrsluverð | | | | | |

| | | | | | | | | | | |
|------------------------|--------|------------|-------|----------------|----|--------|------------|-------|----------------|----|
| 47 Útreikningur gjalda | Tegund | Gjaldstofn | Taxti | Fjárhæð gjalds | GM | Tegund | Gjaldstofn | Taxti | Fjárhæð gjalds | GM |
| | | | | | | | | | | |

| | | | | | | | | | | | |
|-----------------------------|------------|-------|----------------|----|-----------------------------|----------------|----|-----------|-----------------------------|--|--|
| Samtals vegna 1. vörulíðar: | | | | | Samtals vegna 2. vörulíðar: | | | | | | |
| Tegund | Gjaldstofn | Taxti | Fjárhæð gjalds | GM | Tegund | Fjárhæð gjalds | GM | ← Samtals | | | |
| | | | | | | | | 3 | Eintak sendanda/útflýgjanda | | |
| | | | | | | | | 8 | Eintak viðtakanda | | |
| Samtals vegna 3. vörulíðar: | | | | | Alls: | | | | | | |

C BROTTFARARTOLLSTÖÐ

| ISLAND | | 1 SKYRSLA | | A SENDINGAR-/ÚTFLUTNINGSTOLLSTÖÐ | | |
|--|---|---|------------------|----------------------------------|-------------------------------|--|
| 2 Sendandi/Úrlyfjandi nr. | | C | BIS | | | |
| 3 Eyðublið | | 4 | 5 | | | |
| 31 Stykki og vörulýsing | Merki og númer – Gámanr. – Tala og tegund | 32 Vörulíður nr. | 33 Vörunúmer | 35 Þyngd brúttó (kg) | | |
| | | | | 38 Þyngd nettó (kg) | | |
| | | | | 40 Heildarskýrsla/Fyrra skjal | | |
| | | | | Vu-lykill | | |
| 44 Viðbótarupplýsingar/ Framlögð skjöl/ Vottorð og leyfi | | | | | | |
| | 31 Stykki og vörulýsing | Merki og númer – Gámanr. – Tala og tegund | 32 Vörulíður nr. | 33 Vörunúmer | 35 Þyngd brúttó (kg) | |
| | | | | | 38 Þyngd nettó (kg) | |
| | | | | | 40 Heildarskýrsla/Fyrra skjal | |
| | | | Vu-lykill | | | |
| 44 Viðbótarupplýsingar/ Framlögð skjöl/ Vottorð og leyfi | | | | | | |
| | 31 Stykki og vörulýsing | Merki og númer – Gámanr. – Tala og tegund | 32 Vörulíður nr. | 33 Vörunúmer | 35 Þyngd brúttó (kg) | |
| | | | | | 38 Þyngd nettó (kg) | |
| | | | | | 40 Heildarskýrsla/Fyrra skjal | |
| | | | Vu-lykill | | | |
| 44 Viðbótarupplýsingar/ Framlögð skjöl/ Vottorð og leyfi | | | | | | |

| | |
|---|--|
| 4 | Eintak ákvörðunar- tollstöðvar |
| 5 | Eintak sem endursendist – bandalagsumflutningur |

C BROTTFARARTOLLSTÖÐ

|
|
|
|

V. VIÐAUKI

Upptalning á þeim samritum eyðublaðanna sem nefnd eru í I. og III. viðauka þar sem upplýsingar eiga að afritast sjálfkrafa

(1. eintak meðtalið)

| Númer reits | Eintök | Númer reits | Eintök |
|--------------------------------------|-----------------------|-------------|-----------------------|
| I Reitir fyrir viðskiptaaðila | | | |
| 1 | 1 til 8 | 31 | 1 til 8 |
| | nema miðhluti | 32 | 1 til 8 |
| | reits: | 33 | Fyrsti hluti |
| | 1 til 3 | | til vinstri |
| 2 | 1 til 5 ¹⁾ | | 1 til 8 |
| 3 | 1 til 8 | | Annað: |
| 4 | 1 til 8 | | 1 til 3 |
| 5 | 1 til 8 | 35 | 1 til 8 |
| 6 | 1 til 8 | 38 | 1 til 8 |
| 8 | 1 til 5 ¹⁾ | 40 | 1 til 5 ¹⁾ |
| 15 | 1 til 8 | 44 | 1 til 5 ¹⁾ |
| 17 | 1 til 8 | 50 | 1 til 8 |
| 18 | 1 til 5 ¹⁾ | 51 | 1 til 8 |
| 19 | 1 til 5 ¹⁾ | 52 | 1 til 8 |
| 20 | 1 til 3 | 53 | 1 til 8 |
| 21 | 1 til 5 ¹⁾ | 54 | 1 til 4 |
| 25 | 1 til 5 ¹⁾ | 55 | 1 til 4 |
| 27 | 1 til 5 ¹⁾ | 56 | 1 til 4 |
| II Reitir fyrir stjórnvöld | | | |
| C | 1 til 8 ²⁾ | | |
| D | 1 til 4 | | |
| E | 1 til 4 | | |
| F | 1 til 4 | | |
| G | 1 til 4 | | |
| H | 1 til 4 | | |
| I | 1 til 4 | | |

¹⁾ Viðskiptaaðila skal undir engum kringumstæðum skylt að fylla út þessa reiti í 5. og 7. eintaki við umflutning.

²⁾ Útflutningslandið getur ákveðið hvort þessar upplýsingar skuli koma fram á þeim samritum sem tiltekin eru.

VI. VIÐAUKI

Upptalning á þeim samritum sem nefnd eru í I. og IV. viðauka þar sem upplýsingar eiga að kalkerast í gegn

(1. eintak meðtalið)

| Númer reits | Eintök | Númer reits | Eintök |
|--------------------------------------|---------------|-------------|--------------------------|
| I Reitir fyrir viðskiptaaðila | | | |
| 1 | 1 til 4 | 32 | 1 til 4 |
| | nema miðhluti | 33 | Fyrsti hluti til vinstri |
| | 1 til 3 | | 1 til 4 |
| 2 | 1 til 4 | | 1 til 4 |
| 3 | 1 til 4 | | Annað: |
| 4 | 1 til 4 | | 1 til 3 |
| 5 | 1 til 4 | 35 | 1 til 4 |
| 6 | 1 til 4 | 38 | 1 til 4 |
| 8 | 1 til 4 | 40 | 1 til 4 |
| 15 | 1 til 4 | 44 | 1 til 4 |
| 17 | 1 til 4 | 50 | 1 til 4 |
| 18 | 1 til 4 | 51 | 1 til 4 |
| 19 | 1 til 4 | 52 | 1 til 4 |
| 21 | 1 til 4 | 53 | 1 til 4 |
| 25 | 1 til 4 | 54 | 1 til 4 |
| 27 | 1 til 4 | 55 | 1 til 4 |
| 31 | 1 til 4 | 56 | 1 til 4 |
| II Reitir fyrir stjórnvöld | | | |
| C | 1 til 4 | | |
| D/J | 1 til 4 | | |
| E/J | 1 til 4 | | |
| F | 1 til 4 | | |
| G | 1 til 4 | | |
| H | 1 til 4 | | |
| I | 1 til 4 | | |

VII. VIÐAUKI
**Leiðbeiningar um notkun eyðublaða
 við gerð T1- og T2-skýrslna**

I. HLUÐI
 ALMENNAR ATHUGASEMDIR

A. Almenn lýsing

Eyðublöðin sem um ræðir í I. til IV. viðauka við viðbæti þennan skulu notuð vegna flutnings vara milli viðkomandi landa samkvæmt T1- eða T2-reglunum (þó ekki samkvæmt einfölduðum umflutningsreglum við flutning vara samkvæmt sérstökum flutningsmáta).

Áð því er varðar eyðublöðin sem um ræðir í I. og III. viðauka við viðbæti þennan skal aðeins nota eintak 1, 4, 5 og 7:

- eintak 1 sem yfirvöld í sendingar-/útflutningslandinu eiga að halda eftir (formsatriði við sendingu og umflutning);
- eintak 4 sem ákvörðunartollstöð á að halda eftir (umflutningsformsatriði og sönnun bandalagsréttinda varanna);
- eintak 5 sem er endursendingareintak við umflutning;
- eintak 7 sem nota á við hagskýrslugerð í ákvörðunarlandinu (vegna formsatriða við umflutning og komu/innflutning).

(Stjórnvöld geta notað 7. eintak á annan hátt eftir þörfum sammingsaðila).

Eyðublöðin sem vísað er til í II. og IV. viðauka við viðbæti þennan má einnig nota, sérstaklega þar sem skýrsluvinnsla fer fram í tölvum. Í því tilviki á að nota tvær samstæður sem í séu a.m.k. eintök 1/6, 2/7 og 4/5, fyrri samstæðan mundi þá samsvara, að því er varðar þær upplýsingar sem reitirnir bera með sér, 1. og 4. eintaki hér að framan og hið síðara 5. og 7. eintaki.

Í því tilviki verður að sýna á hverri samstæðu númer notaðra eintaka með því að útmá númer ónotaðra eintaka í jaðri eyðublaðsins.

Hvert sett, sem að ofan er lýst, er hannað þannig að þær upplýsingar sem þurfa að koma fram á mörgum eintökum afritast vegna efnafræðilegra verkanna á pappírnum.

Í nokkrum tilvikum þarf að vera hægt að sanna á ákvörðunarstað bandalagsréttindi viðkomandi vara, þó að T1- eða T2-afgreiðsla hafi ekki verið valin. Þegar um það er að ræða er nauðsynlegt að nota eyðublað sem sé í samræmi við 4. eintak af sýnishorninu í I. viðauka við viðbæti þennan eða eintak 4/5 af sýnishorni í II. viðauka við viðbæti þennan. Aukið skal við það eyðublað þegar þörf er á með einu eða fleiri eyðublöðum sem séu í samræmi við 4. eintak eða eintak 4/5 af sýnishorni

í III. og IV. viðauka við viðbæti þennan, eftir því sem við á, eða af sýnishorni í I. og II. viðauka við viðbæti þennan, eftir því sem við á, og eyðublöð í III. og IV. viðauka við viðbæti þennan eru ekki notuð sem viðaukaeyðublöð við skýrsluvinnslu í tölvum sem gefa slíkar skýrslur út.

Viðskiptaáðilar geta einnig að eigin ósk notað samstæður sem þeir hafa látið prenta að eigin vali að því tilskildu að eyðublöðin séu í samræmi við hin opinberu sýnishorn.

B. Nauðsynlegar upplýsingar

Eyðublöðin sem um ræðir hafa að geyma allar þær upplýsingar sem hvert land kann að krefjast. Skyld er að fylla út tiltekna reiti en aðra þarf aðeins að fylla út sé þess óskað í landinu þar sem formsatriðum er fullnægt. Að þessu leyti ber að fylgja náðið þeim hluta þessara útskýringa sem fjalla um útfyllingu hvers reits.

Hámarksfjöldi reita sem fylla þarf út er sem hér segir: Reitir 1 (nema miðhluti), 2, 3, 4, 5, 6, 8, 15, 17, 18, 19, 21, 25, 27, 31, 32, 33 (fyrsti hluti), 35, 38, 40, 44, 50, 51, 52, 53, 55, 56 (reitir með grænan bakgrunn).

C. Leiðbeiningar um notkun eyðublaðsins

Eyðublöðin skulu fyllt út með ritvél eða á annan vélrænan eða áþekkan hátt. Þau má einnig handskrifa læsilega með bleki og upphafsstöfum. Til að auðvelda útfyllingu í ritvél skal þræða blaðið þannig í vélina að fyrsti stafurinn, sem á að koma í reit 2, lendi í stillireitnum efst í horninu til vinstri.

Ekki má stroka út eða skrifa ofan í á eyðublaðinu. Breytingar skulu gerðar með því að strika yfir röngu upplýsingarnar og, ef við á, bæta við þeim sem þarf. Sá sem breytingar gerir á þennan hátt skal setja fangamark sitt við þær og skulu þær til bær yfirvöld staðfesta áreiðanleika þeirra á skýran hátt. Yfirvöld geta, sé þess nauðsyn, krafist þess að ný skýrsla verði lögð fram.

Þar að auki má fylla eyðublöðin út með fjölföldunaraðferð í stað einhvernna þeirrar aðferðar sem að framan getur. Þau má líka búa til og fylla út á þennan hátt, enda sé fast haldið við ákvæðin um sýnishorn, pappír, stærð, tungumál sem notað er, læsileika, bann við útstrokunum, leiðréttingar og breytingar.

Eftir því sem við á skal einungis rita í tölusetta reiti. Aðrir reitir, merktir með upphafsstöfum, eru einungis atlaðir til opinberra nota.

Eintök, sem eftir eiga að verða á brottfarartollstöð skulu vera undirrituð af ábyrgðaraðila. Undirskrift ábyrgðaraðila eða, ef við á, umboðs-

aðila hans, gerir hann ábyrgan fyrir öllum upplýsingum um umflutninginn í samræmi við ákvæði I. viðbættis samningsins og eins og lýst er í B-hluta hér að framan.

II. HLUTI UPPLÝSINGAR SEM SKRÁ Á Í HVERN REIT

I. FORMSATRIÐI Í BROTTFARARLANDI

REITUR 1: SKÝRSLA

Upplýsingar sem veita skal í þriðja hluta þessa reits eru eftirfarandi:

- 1) **T2** varðandi vörur sem senda á eða endursenda samkvæmt T2-reglunum frá einu aðildarríki bandalagsins til annars,
- 2) **T2** varðandi vörur sem flytja á út frá aðildarríki bandalagsins til EFTA-lands eða endursenda í EFTA-landi samkvæmt T2-reglunum,
- 3) **T1** varðandi vörur sem senda á eða flytja út samkvæmt T1-reglunum,
- 4) **T** varðandi blandaðar vörusendingar sem í eru bæði bandalagsvörur og aðrar vörur og gerð er grein fyrir á aðskildum viðaukaeyðublöðum eða hleðsluskráum yfir hvern vöruflokk,
- 5) **T2L** varðandi sendingu eða endursendingu/endurútflytningu vara án þess að T2-reglurnar séu notaðar en sönnun liggja fyrir um bandalagsréttindi varanna.

REITUR 2: SENDANDI/ÚTFLYTJANDI

Útfylling þessa reits er valfrjálsgætt fyrir samningsaðilana.

Færið inn fullt nafn og heimilisfang hlutaðeigandi aðila eða félags. Sem númer geta samningsaðilar ritað hér kennitölu sem úthlutað er hlutaðeigandi aðila af þar til bærum yfirvöldum vegna skattheimtu, hagsýslugerðar eða í öðrum tilgangi.

Sé um safnhleðslu að ræða geta samningsaðilar heimilað að orðið „ýmsir“ sé ritað í þennan reit og að skrá yfir sendendur fylgi skýrslunni.

REITUR 3: EYÐUBLÖÐ

Færið inn raðnúmer samstæðunnar og heildartölu samstæðna og viðaukaþala sem notuð eru (ef notað er t.d. eitt eyðublað og tvö viðaukaþal, setjið þá 1/3 á eyðublaðið, 2/3 á fyrsta viðaukaþalað og 3/3 á annað viðaukaþalað).

Þegar skýrslan nær aðeins yfir einn vörulið (þ.e. þegar aðeins er skráð ein „vörulýsing“ í þar til gerðan reit) færið þá ekkert í reit 3 en skráið töluna 1 í reit 5.

Þegar tvær samstæður með fjórum eintökum

hvor eru notuð í stað einnar samstæðu með átta eintökum ber að meðhöndla samstæðurnar tvær sem eina.

REITUR 4: TALA HLEÐSLUSKRÁA

Færið inn með tölustöfum tölu meðfylgjandi hleðsluskráa eða vörulýsingarskráa sem viðurkenndar eru af þar til bæru yfirvaldi.

REITUR 5: Vöruliðir

Færið inn heildartölu vöruliða sem viðkomandi aðili gerir skýrslu um á öllum notuðum eyðublöðum og viðaukaþalöðum (eða hleðsluskráum eða vörulýsingarskrám). Vöruliðafjöldinn verður að samsvara fjölda vörulýsinga sem fylla þarf út.

REITUR 6: STYKKJATALA

Útfylling þessa reits er valfrjálsgætt fyrir samningsaðila. Færið inn tölu stykkja í viðkomandi vörusendingu.

REITUR 8: VIÐTAKANDI

Færið inn fullt nafn og heimilisfang þess aðila (þeirra aðila) sem afhenda á vörurnar.

Kennitölu þarf ekki að sýna á þessu stigi.

REITUR 15: SENDINGARLAND/ÚTFLYTNINGS- LAND

Færið inn nafn landsins sem vörurnar eru sendar/útflyttar frá.

REITUR 17: ÁKVÖRÐUNARLAND

Færið inn nafn hlutaðeigandi lands.

REITUR 18: AUÐKENNI OG ÞJÓÐERNI FLUTNINGSFARS VIÐ BROTTFÖR

Færið inn auðkenni, þ.e. skráningarnúmer eða nafn flutningsfars (vörubíls, skips, lestarvagns, flugvélar) sem vörurnar eru á við sýningu á tollstöð þar sem formsatriðum við sendingu/útflytningu eða umflutningu er fullnægt. Á eftir skal rita þjóðernislykil flutningsfars (eða þess fars sem knýr hin áfram ef um mörg flutningsför er að ræða) í samræmi við lykila sem mælt er fyrir um í þessu skyni. Þegar notaður er t.d. dráttarvagn og tengivagn, hvor með sínu skráningarnúmeri, skal færa inn bæði skráningarnúmer dráttarvagnsins og tengivagnsins ásamt þjóðerni dráttarvagnsins.

Ef um póstsendingar er að ræða eða fastar flutningsveitur skal ekkert fært inn í reitinn um skráningarnúmer eða þjóðerni. Þegar flutt er með járnbrautarlest á ekki að skrá neitt um þjóðerni.

Í öðrum tilvikum er útfylling um þjóðerni valfrjálsgætt fyrir samningsaðila.

REITUR 19: GÁMUR

Útfylling þessa reits er valfrjáls fyrir samningsaðila.

Færið inn í samræmi við lykla þá sem um ræðir í IX. viðauka við viðbæti þennan nauðsynlegar upplýsingar um áætlað ástand á landamærum sendingarlands/útflutningslands eftir því sem vitað er þegar fullnægt er formsatriðum við sendingu/útflutning eða umflutning.

REITUR 21: AUKKENNI OG ÞJÓÐERNI VIRKS FLUTNINGSFARS VIÐ FLUTNING YFIR LANDAMÆRI

Útfylling þessa reits er valfrjáls fyrir samningsaðila að því er auðkenni varðar.

Útfylling þessa reits er skyldubundin hvað þjóðerni varðar.

Þó skal ekkert skráð hér um skráningarnúmer eða þjóðerni að því er varðar póstsendingar, flutning með járnbrautarlest eða föstum flutningsevitum.

Færið inn, með því að nota videigandi lykil, tegund (vörubíll, skip, lestarvagn, flugvél o.s.frv.), og þar á eftir auðkenni, t.d. skráningarnúmer eða nafn hins virka flutningsfars (þ.e. flutningsfars sem knýr hin), sem talið er að verði notað þar sem farið er yfir landamæri við brottför frá sendingarlandinu/útflutningslandinu og þar á eftir lykil þann sem svarar til þjóðernis þess eins og vitað er þegar fullnægt er formsatriðum við sendingu/útflutning eða umflutning.

Ef um er að ræða blandaðan flutning eða fleiri en eitt flutningsfar á í hlut er virkt flutningsfar það sem knýr öll hin. Til dæmis er virka flutningsfarið skip, ef vörubíll er fluttur á skipi; virka flutningsfarið dráttarvagn, ef um er að ræða dráttarvagn og tengivagn o.s.frv.

REITUR 25: FLUTNINGSMÁTI YFIR LANDAMÆRI

Útfylling þessa reits er valfrjáls fyrir samningsaðila.

Færið inn, í samræmi við þá lykla sem um ræðir í IX. viðauka við viðbæti þennan, flutningsmáta miðað við virkt flutningsfar sem talið er að notað verði við brottför af landsvæði sendingarlands/útflutningslands.

REITUR 27: HLEÐSLUSTAÐUR

Útfylling þessa reits er valfrjáls fyrir samningsaðila. Færið inn, ef við á í lykilformi, hleðslustað varanna á hið virka flutningsfar sem flytja á þær yfir landamæri sendingarlands/útflutningslands, að svo miklu leyti sem um það er vitað þegar full-

nægt er formsatriðum við sendingu/útflutning eða umflutning.

REITUR 31: STYKKI OG VÖRULÝSING – MERKI OG NÚMER – GÁMANÚMER – TALA OG TEGUND

Færið inn merki, númer, tölu og tegund stykkja eða, þegar ópakkaðar vörur eiga í hlut, tölu þeirra vara sem skýrslan nær til eða orðin „vara í lausu“, ef við á, ásamt nauðsynlegum upplýsingum til að auðkenna vörurnar. Með vörulýsingu er átt við almenna viðskiptalýsingu sem svo skýrt er fram sett að vöruna megi þekkja og flokka. Þessi reitur verður einnig að innihalda upplýsingar sem þörf er á vegna sérstakra reglna (vörugjalda o.s.frv.). Ef gámar eru notaðir ætti að skrá auðkennismerki gáms í þennan reit.

REITUR 32: VÖRULIÐUR NR.

Færið inn raðnúmer viðkomandi vöruliðar miðað við heildartölu vöruliða sem skýrslan er gerð um á eyðublöðum sem notuð eru eins og skýrt var í reit 5.

Þegar skýrsla nær aðeins yfir einn vörulið þurfa samningsaðilar ekki að krefjast útfyllingar þessa reits er talan 1 hefur verið færð í reit 5.

REITUR 33: VÖRUNÚMER

Útfylling þess reits er valfrjáls fyrir samningsaðila. Færið inn lykिलinn sem um ræðir í IX. viðauka.

Reit þennan skal aðeins fylla út á T2-skýrslum sem gerðar eru í EFTA-landi ef í undanfarandi T2-skjali er gerð grein fyrir vörunúmeri. Rita skal vörunúmer í undanfarandi T2-skjali.

REITUR 35: ÞYNGD BRÚTTÓ

Færið inn í kílógrömmum brúttóþyngd varanna sem lýst er í samsvarandi reit 31. Brúttóþyngd er heildarþyngd varanna með öllum umbúðum að frátöldum gámum og öðrum flutningabúnaði.

REITUR 38: ÞYNGD NETTÓ

Reitur þessi er valfrjáls fyrir samningsaðilana. Færið inn í kílógrömmum nettóþyngd varanna sem lýst er í samsvarandi reit 31. Nettóþyngd er þyngd varanna sjálfra án nokkurra umbúða.

Reit þennan skal aðeins fylla út á T2-skýrslum sem gerðar eru í EFTA-landi ef í undanfarandi T2-skjali er gerð grein fyrir nettóþyngd.

REITUR 40: HEILDARSKÝRSLA/FYRRA SKJAL

Útfylling þessa reits er valfrjáls fyrir samningsaðila (tilvísunarnúmer skjala sem tengjast stjörn-

sýslufrákvæmd áður en sending/útflytingur til annars lands á sér stað).

REITUR 44: VIÐBÓTARUPPLÝSINGAR, FRAMLÖGÐ SKJÖL, VOTTORÐ OG LEYFI

Færið inn upplýsingar sem krafist er samkvæmt sérstökum reglum er gilda í sendingarlandi/útflytingslandi ásamt tilvísun í skjöl þau sem lögð eru fram til stuðnings skýrslunni. (Þetta nær til raðnúmera á eftirlitssamriti T5, númera á útflytingsskírteini/-leyfi, gagna varðandi reglur um dýra- og plöntusjúkdóma, númera farmbréfs o.s.frv.) Færið inn í reitshlutann „Viðbótarupplýsingar Vu-lykill“, eftir því sem nauðsyn krefur, þar til gert lykilmúmer um viðbótarupplýsingar sem kann að vera krafist við umflytning. Þennan hluta reitsins má ekki nota fyrr en tölvuvædd skýrslugerð vegna umflytnings verður tekin upp.

REITUR 50: ÁBYRGÐARAÐILI OG UMBOÐSAÐILI, STAÐUR, DAGSETNING OG UNDIRSKRIFT

Færið inn fullt nafn (aðila eða félags) og heimilisfang ábyrgðaraðila, ásamt kennitölu, ef til er, sem úthlutað er af þar til bærum yfirvöldum. Ef við á, færið inn fullt nafn (persónu eða fyrirtækis) umboðsmanns sem skrifar undir fyrir hönd ábyrgðaraðila.

Í samræmi við sérstök ákvæði, sem sett verða um notkun tölvukerfa, skal frumrit eiginhandarunderskriftar viðkomandi aðila vera skráð á það eintak sem eftir verður á brottfarartollstöð.

Þegar hlutaðeigandi aðili er lögaðili skal sá sem skrifar undir bæta fullu nafni og stöðu sinni við á eftir undirskriftinni.

REITUR 51: FYRIRHUGAÐAR UMFLUTNINGSTOLLSTÖÐVAR (OG LÖND)

Færið inn áætlaða innflytningstollstöð í hverju landi sem ætlun er að fara um meðan á flytningi stendur eða, þegar flytningur á að eiga sér stað um annað landsvæði en landsvæði samningsaðila, þá brottfarartollstöð þar sem flytningarfari fer út úr landi samningsaðila. Umflytningstollstöðvar eru taldar upp í skrá yfir tollstöðvar sem annast geta umflytningsafgreiðslur. Færið lykil viðkomandi lands inn á eftir nafni tollstöðvar.

REITUR 52: ÁBYRGÐ

Færið inn, í samræmi við lykila sem ætlaðir eru í því skyni, tegund ábyrgðar sem notuð er vegna viðkomandi afgreiðslu og á eftir, ef það er nauðsynlegt, númer viðkomandi ábyrgðarskírteinis eða ábyrgðarseðils og ábyrgðartollstöð.

Gildi allsherjartrygging eða stök trygging ekki gagnvart öllum löndum eða ábyrgðaraðili útilokar tiltekin lönd frá beitingu allsherjartryggingar, skal bæta við á eftir orðunum „Ábyrgð tekur ekki til“ viðkomandi landi (löndum) í samræmi við lykila sem til þess eru ætlaðir.

REITUR 53: ÁKVÖRÐUNARTOLLSTÖÐ (OG LAND)

Færið inn nafn tollstöðvar þar sem framvísa á vörum til þess að ljúka umflytningsafgreiðslu. Ákvörðungartollstöðvar eru taldar upp í „skrá yfir tollstöðvar sem annast geta umflytningsafgreiðslu“.

Færið inn lykil viðkomandi lands á eftir nafni tollstöðvar.

II. FORMSATRÍÐI MEÐAN Á FLUTNINGI STENDUR

Frá því að vörur fara frá útflytnings- og/eða brottfarartollstöð þar til þær koma á ákvörðunartollstöð kann að vera þörf á að bæta vissum upplýsingum á eintak umflytningskjalsins sem vörum fylgja. Upplýsingar þessar varða flytninginn og verður farmflytjandi, sem ábyrgur er fyrir flytningarfari sem þær eru fermdar á, að færa þær inn þegar flytningur á sér stað. Upplýsingar þessar má handskrifa á læsilegan hátt. Í því tilviki skal eyðublaðið fyllt út með bleki og upphafsstöfum.

Upplýsingar þessar snerta eftirfarandi reiti (aðeins 4. og 5. eintak):

– Umskipun: notið reit 55

Reitur 55 (umskipanir):

Fyrstu þrjár línur þessa reits á farmflytjandi að fylla út þegar vörum er umskipað milli flytningarfara eða gáma meðan viðkomandi flytningur stendur yfir.

Vakin skal athygli á því að farmflytjandi verður, þegar vörum er umskipað, að leita til þar til bærra yfirvalda, sérstaklega þegar nauðsynlegt er að setja ný innsigli til þess að staðfesta megi umflytningskjölin.

Þegar tollgæslan hefur heimilað umskipun án eftirlits verður farmflytjandi sjálfur að árita umflytningskjölin og tilkynna það næstu tollstöð þar sem vörum ber að framvísa, í því skyni að fá skjölin staðfest.

– Önnur atvik: Notið reit 56

Reitur 56 (önnur atvik við flytning):

Reit þennan skal fylla út í samræmi við gildandi skyldur við flytning.

Þegar vörum hefur verið skipað á aftanivagn og aðeins er skipt um dráttarvagn í ferðinni (án þess að við vörum sé hreyft eða þeim

umskipað), skal auk þess færa í þennan reit skráningarnúmer og þjóðerni hins nýja dráttarvagns. Í slíkum tilvikum er ekki þörf staðfestingar þar til bærra yfirvalda.

III. HLU TI ATHUGASEMDIR VARÐANDI VIÐAUKABLÖÐ

A. Viðaukablöð skal aðeins nota ef skýrsla nær yfir fleiri en einn vörulið (sbr. reit 5). Þau þarf að leggja fram með eyðublaði sem er í I. og II. viðauka.

B. Athugasemdir í I. og II. hluta hér að framan eiga einnig við um viðaukablöðin.

Þó skal:

- rita táknið „T1 bis“ eða „T2 bis“ í þriðja hluta reits 1;
- reitur 2 og reitur 8 í sýnishorni af eyðublaði fyrir viðaukabláð í III. viðauka og reitur 2/8 á sýnishorni af eyðublaði fyrir viðaukabláð í IV. viðauka vera valfjáls fyrir samningsaðila og skal þar einungis rita nafn og kennitölu viðkomandi aðila, ef um hana er að ræða.

C. Ef viðaukablöð eru notuð skal strika yfir reitina „vörulýsing sem ónotaðir eru til að koma í veg fyrir notkun þeirra síðar.

VIII. VIÐAUKI

Leiðbeiningar um notkun eyðublaða sem gerð skjala til staðfestingar á bandalagsréttindum vara sem ekki eru fluttar samkvæmt T2-reglunum (T2L-skjal)

A. Almenn lýsing

1. T2L-skjal til staðfestingar á bandalagsréttindum þeirra vara sem það tekur til skal gert samkvæmt 7. mgr. 1.gr. II. viðbætis.

2. Aðeins þeir reitir efst á eyðublaðinu sem bera heitið „Athugið“ skulu útfylltir af skýrslugjafa.

3. Eyðublaðið verður að fylla út með ritvél eða á vélrænan eða áþekkan hátt, eða vera handskrifað læsilega. Í síðar nefnda tilvikinu skal það ritað með bleki með upphafsstöfum.

4. Engar útstrokanir eða breytingar skulu gerðar. Leiðréttingar skulu gerðar með því að strika út rangar upplýsingar og, ef við á, bæta inn þeim sem þarf. Leiðréttingar sem gerðar eru með þessum hætti skulu fangamerktar af þeim sem þær gerir og staðfestar af þar til bæru yfirvaldi. Yfirvöld geta, sé þess þörf, krafist þess að ný skýrsla verði lögð fram.

5. T2L-skjöl verður að fylla út á því tungumáli sem ákveðið er af þar til bærum yfirvöldum í brottfararlandi.

6. Strika verður yfir eyður í reitum sem skýrslugjafi á að fylla út þannig að ekki sé hægt að fylla í þær síðar.

7. T2L-skjölin skulu notuð í samræmi við V. hluta í II. viðbæti.

B. Upplýsingar varðandi einstaka reiti

REITUR 1: SKÝRSLA

Færið inn í þriðja hluta táknið „T2L“.

Sé viðaukabláð notað verður að sýna táknið „T2L bis“ í þriðja hluta reits 1 á viðkomandi eyðublaði (eyðublöðum).

REITUR 2: SENDANDI/ÚTFLYJTJANDI

Útfylling þessa reits er valfrjáls fyrir samningsaðila. Færið inn fullt nafn og heimilisfang persónu eða fyrirtækis sem í hlut á. Að því er kennitölu varðar geta viðkomandi lönd fært inn það atriði (kennitala sem viðkomandi aðila er gefin af þar til bærum yfirvöldum vegna skattheimtu, hagskýrslugerðar eða í öðrum tilgangi). Sé um safnhleðslu að ræða geta samningsaðilarnir kveðið svo á að rita megi orðið „ýmsir“ í þennan reit og að skrá yfir sendendur fylgi skýrslunni.

REITUR 3: EYÐUBLÖÐ

Færið inn raðnúmer eyðublaðsins í heildartölu notaðra eyðublaða.

Dæmi: Ef T2L-skjal er útbúið á stakt eyðublað færið þá inn 1/1; sé í T2L-skjali viðaukabláð T2L bis, færið 1/2 inn á T2L-skjalið og 2/2 inn á viðaukabláðið; sé í T2L-skjalinu tvö viðaukablöð T2L bis færið inn 1/3 á T2L-skjalið, 2/3 á fyrsta T2L-bis-skjalið og 3/3 á annað T2L-bis-skjalið.

REITUR 4: HLEÐSLUSKRÁR

Færið inn tölu þeirra hleðsluskraá sem fylgja T2L-skjalinu.

REITUR 5: VÖRULIÐIR

Færið inn heildartölu vöruliða sem viðkomandi aðili skýrir frá í öllum skýrslueyðublöðum (T2L- og viðaukaeyðublöðum eða hleðsluskram) sem notuð eru. Tala vöruliða verður að samsvara tölu reitanna „vörulýsing“ sem á að útfylla.

REITUR 14: SKÝRSLUGJAFI/UMBOÐS AÐILI

Færið inn fullt nafn og heimilisfang viðkomandi persónu eða fyrirtækis í samræmi við gildandi ákvæði. Ef skýrslugjafi og sendandi er einn og sami aðili, skal rita orðið „sendandi“. Að því er kennitölu varðar, geta viðkomandi lönd fært inn það atriði (kennitala sem viðkomandi aðila er

gefin af þar til bærnum yfirvöldum vegna skattheimtu, hagskýrslugerðar eða í öðrum tilgangi).

REITUR 31: STYKKI OG VÖRULÝSING – MERKI OG NÚMER – GÁMANÚMER

Færið inn merki, númer, tölur og tegund stykkja eða, þegar í hlut eiga ópakkaðar vörur, tölu þeirra vara sem skýrslan nær til eða orðin „vara í lausu“ ef við á ásamt nauðsynlegum upplýsingum til að auðkenna vörurnar. Með vörulýsingu er átt við almenna viðskiptalýsingu sem svo skýrt er fram sett að vöruna megi þekkja og flokka. Þessi reitur verður einnig að innihalda upplýsingar sem þörf er á vegna sérstakra reglna (vörugjalda, o.s.frv.). Ef gámar eru notaðir skal einnig skrá auðkenni-merki gáms í þennan reit.

REITUR 32: VÖRULIÐUR NR.

Færið inn raðnúmer viðkomandi vöruliðar miðað við heildarfjölda vöruliða sem skýslan er gerð um á T2L-skjalinu og viðaukaeyðublöðunum sem notuð eru, eins og skýrt var frá í skýringu við reit 5.

REITUR 33: VÖRUNÚMER

Reit þennan skal aðeins fylla út í EFTA-landi ef í undanfarandi T2-skjali er gerð grein fyrir vörunúmeri. Rita skal vörunúmer í undanfarandi T2-skjali.

REITUR 35: ÞYNGD BRÚTTÓ

Færið inn í kílógrömmum brúttóþyngd vara sem lýst er í samsvarandi reit 31. Brúttóþyngd er heildarþyngd varanna með öllum umbúðum að frátöldum gámum og öðrum flutningabúnaði.

REITUR 38: ÞYNGD NETTÓ

Reit þennan skal aðeins fylla út á T2-skýrslum, sem gerðar eru í EFTA-landi, ef í undanfarandi T2-skjali er gerð grein fyrir nettóþyngd.

Færið inn í kílógrömmum nettóþyngd varanna sem lýst er í samsvarandi reit 31. Nettóþyngd er þyngd varanna sjálfra án nokkurra umbúða.

REITUR 40: HEILDARSKÝRSLA/FYRRA SKJAL

Að því er varðar vörur sem fluttar eru samkvæmt TIR- eða Rínarskrárreglunum eða samkvæmt ATA-skírteini færið inn eftir því sem við á, „TIR“, „Rínarskrá“ eða „ATA“ og þar á eftir útgáfudag og tilvisunarnúmer þess skjals sem svarar til þess fyrirkomulags sem notað er.

REITUR 44: VIÐBÓTARUPPLÝSINGAR/FRAMLÖGÐ SKJÖL/VOTTORÐ OG LEYFI

Reit þennan skal aðeins fylla út í EFTA-landi þegar í undanfarandi T2-skjali eru upplýsingar í þessum reit. Upplýsingar þessar verður að endurtaka í T2L-skjalinu.

REITUR 54: STAÐUR OG DAGSETNING, UNDIRSKRIFT OG NAFN SKÝRSLUGJ-AFA EÐA UMBOÐSAÐILA HANS

Í samræmi við sérstök ákvæði sem sett verða um notkun á tölvukerfum, skal undirskrift viðkomandi aðila vera á T2L-skjalinu og fullt nafn þess aðila. Sé viðkomandi aðili löggjafarsona skal sá sem undirritar að auki geta stöðu sinnar á eftir undirritun og nafni sínu.

IX. VIÐAUKI

Lyklar sem á að nota í eyðublöðum við gerð T1- og T2-skýrslna

REITUR 1: SKÝRSLA

(Sjá VII. viðauka)

REITUR 19: GÁMUR

Hér að neðan eru tilgreindir þeir lyklar sem nota á:

0: vörur sem ekki eru fluttar í gámum;

1: vörur sem fluttar eru í gámum.

REITUR 25: FLUTNINGSMÁTI YFIR LANDAMÆRI

Hér að neðan er skrá yfir þá lykla sem nota á: Lyklar yfir flutningsmáta, póst og aðrar sendingar:

A. Eins stafs lykll (skylda).

B. Tveggja stafa lykll (annar stafurinn valfrjáls fyrir samningsaðila.

| A. | B. | Heiti |
|----|----|--|
| 1 | 10 | Sjóflutningur |
| | 12 | Járnbrautarvagn, á sjóskipi |
| | 16 | Vélknúð ökutæki fyrir vegi, á sjóskipi |
| | 17 | Tengivagn eða aftanivagn, á sjóskipi |
| | 18 | Vatnaskip, á sjóskipi |
| 2 | 20 | Lestarflutningar |
| | 23 | Ökutæki fyrir vegi, á lestarvagni |
| 3 | 30 | Flutningur á vegum |
| 4 | 40 | Loflflutningur |
| 5 | 50 | Póstflutningur |
| 7 | 70 | Fastar flutningsveitur |
| 8 | 80 | Flutningur á vatnaleiðum |
| 9 | 90 | Fyrir eigin afli |

REITUR 27: HLEÐSLU-/AFFERMINGAR-STAÐUR

Lyklar verða ákveðnir af samningsaðilum.

REITUR 33: VÖRUNÚMER**Fyrsti hluti**

Í bandalaginu skal tilgreina átta stafa tölu sameiginlegu vörunafnaskrárinnar. Í EFTA-löndunum skal skrifa vinstu megin í þennan hluta sex stafa tölu samræmdu vörulýsingar- og vörunúmeraskrárinnar, með þeim viðbótarupplýsingum sem krafist er vegna T2- eða T2L-skjala.

Aðrir hlutar

Þeir skulu fylltir út í samræmi við aðra sérstaka lykla sem samningsaðilar tiltaka (lykla þessa skal tilgreina þétt á eftir fyrsta hluta).

REITUR 51: FYRIRHUGAÐAR UMFLUTNINGSTOLLSTÖÐVAR**Tilgreining landa**

Hér að neðan eru tilgreindir lykilar sem nota á:

| | |
|------------|-----------|
| Austurríki | A eða AT |
| Belgía | B eða BE |
| Bretland | GB |
| Danmörk | DK |
| Finnland | FI |
| Frakkland | FR |
| Grikkland | EL eða GR |
| Holland | NL |
| Írland | IR eða IE |
| Ísland | IS |
| Ítalía | IT |
| Lúxemborg | LU |
| Noregur | NO |
| Portúgal | PT |
| Spánn | ES |
| Sviss | CH |
| Svíþjóð | SE |
| Þýskaland | D eða DE |

VIÐBÓTARBÓKUN ES - PT

um sérreglur til framkvæmdar á sameiginlegu innflutningsreglum vegna aðildar konungsríkisins Spánnar og lýðveldisins Portúgal að bandalaginu

1. gr.

Í bókun þessari merkir bandalagið eins og það var fyrir aðild Spánnar og Portúgal, hér á eftir nefnt „Bandalag hinna tíu ríkja“, konungsríkið Belgía, konungsríkið Danmörk, sambandslýðveldið Þýskaland, lýðveldið Grikkland, lýðveldið Frakkland, Írland, lýðveldið Ítalía, stórhertoga-dæmið Lúxemborg, konungsríkið Holland og

REITUR 52: ÁBYRGÐ**Tegund ábyrgðar**

Hér að neðan eru tilgreindir lykilar sem nota á:

| Tilvik | Lykill | Annað sem tilgreina þarf |
|--|--------|--|
| Allsherjartrygging | 1 | - Nr. skírteinis - ábyrgðartollstöð |
| Stök trygging | 2 | |
| Peningatrygging | 3 | |
| Fastagjaldsábyrgð | 4 | - Nr. tryggingarseðils |
| Tryggingar ekki krafist (IV. hluti í I. viðbæti) | 6 | |
| Tryggingar ekki krafist vegna flutningsins milli brottfarartollstöðvar og umflutningstollstöðvar (b-liður 2. mgr. 10. gr. samningsins) | 7 | |
| Tryggingar ekki krafist vegna tiltekinn- opinberra stofnana | 8 | |

Tilgreining landa

Nota má lykla sem samþykktir eru fyrir reit 51.

REITUR 53: ÁKVÖRÐUNARTOLLSTÖÐ (OG LAND)

Nota má lykla sem samþykktir eru fyrir reit 51.

Sameinaða konungsríkið Stóra-Bretland og Norður Írland.

2. gr.

Ákvæði samningsins sem beint vísa til umflutningseyðublaða, skýrlna og T2- eða T2L-skjala skulu gilda jafnt um umflutningseyðublöð, skýrslur og skjöl T2 ES, T2 PT, T2L ES eða T2L PT, sbr. þó 3. og 6. gr. bókunar þessarar.

3. gr.

1. Útgáfa T2 ES- eða T2L ES-skjals við brottfarartollstöð í EFTA-landi er háð því að T2 ES- eða T2L ES-skjali sé framvísað við þá tollstöð.

2. Útgáfa T2 PT- eða T2L PT-skjals við brottfarartollstöð í EFTA-landi er háð því að T2 PT- eða T2L PT-skjali sé framvísað við þá tollstöð.

4. gr.

1. T2 ES- eða T2 PT-skýrsla er skýrsla sem útbúinn er á eyðublað sem svarar til sýnishorns þess sem sýnt er í I. viðauka eða II. viðauka við III. viðbæti samningsins, sem fylgi, þar sem við á, eitt eða fleiri eyðublöð sem svari til sýnishorna þeirra sem sýnd eru í III. viðauka eða IV. viðauka við þann viðbæti.

2. Ábyrgðaraðili skal tilgreina hvort umflutningssskýrslan sé útbúinn á T2 ES- eða T2 PT-eyðublað, sem fylgi, þegar við á, eitt eða fleiri viðaukablöð, með því annað hvort að vélrita eða handskrifa læsilega og óútmáanlega með bleki í þriðja hluta reits 1 á eyðublöðum þessum táknið „T2 ES“ eða „T2 PT“, eftir því sem við á.

5. gr.

1. Eyðublöðin sem T2L ES- og T2L PT-skjölín eru gerð á verða að vera í samræmi við 4. eintak af sýnishorni í I. viðauka við III. viðbæti, eða eintak 4/5 af sýnishorni í II. viðauka við þann viðbæti, sem tilgreina verður í, eftir því sem við á, táknið „T2L ES“ eða „T2L PT“ með því að vélrita eða skrifa þau læsilega og óútmáanlega með bleki í þriðja hluta reits 1 á eyðublöðum þessum.

2. Ákvæði 7. mgr. 1. gr. og V. hluti II. viðbætis skulu gilda um T2L ES- og T2L PT-skjölín.

6. gr.

1. Vegna framkvæmdar á ákvæðum IV. hluta I. kafla II. viðauka við samninginn skal

a) – alþjóðlegi sendingarseðillinn eða alþjóðlegi hraðsendingarseðillinn sem útbúinn er vegna vara sem járnbrautaryfirvöld í Bandalagi hinna tíu ríkja taka til flutnings, eða

– TR-umhleðsluseðillinn sem útbúinn er vegna vara sem umboðsaðilar flutningsfyrirtækja í Bandalagi hinna tíu ríkja taka til flutnings,

hafa sama gildi og skýrsla eða skjal T2, að því tilskildu að táknið „T1“, „T2 ES“ eða „T2 PT“ sé ekki í honum;

b) – alþjóðlegi sendingarseðillinn eða alþjóðlegi hraðsendingarseðillinn sem útbúinn er vegna vara sem spönsk járnbrautaryfirvöld taka til flutnings, eða

– TR-umhleðsluseðillinn sem útbúinn er vegna vara sem spænskir umboðsaðilar flutningsfyrirtækja taka til flutnings, hafa sama gildi og skýrsla eða skjal T2 ES, að því tilskildu að hann beri ekki táknið „T1“, „T2“ eða „T2 PT“, táknið „T2“ eða „T2 PT“ staðfest með stimpli brottfarartollstöðvar;

c) – alþjóðlegi sendingarseðillinn eða alþjóðlegi hraðsendingarseðillinn sem útbúinn er vegna vara sem portúgölsk járnbrautaryfirvöld taka til flutnings, eða

– TR-umhleðsluseðillinn sem útbúinn er vegna vara sem portúgölskir umboðsaðilar flutningsfyrirtækja taka til flutnings, hafa sama gildi og T2 PT-skýrsla eða -skjal, að því tilskildu að hann beri ekki táknið „T1“, „T2“ eða „T2 ES“, táknið „T2“ eða „T2 ES“ staðfest með stimpli brottfarartollstöðvar.

2. Vegna framkvæmdar EFTA-lands á 35. og 52. gr. II. viðauka

a) verður táknið „T2 ES“ að koma skýrt fram í skjalinu þegar viðkomandi vörur hafa komið til þess EFTA-lands samkvæmt:

– T2 ES-skjali;

– alþjóðlegum sendingarseðli, alþjóðlegum hraðsendingarseðli eða TR-umhleðsluseðli sem jafngildur er T2 ES-skjali; eða

– T2L ES-skjali,

b) verður táknið „T2 PT“ að koma skýrt fram í skjalinu þegar viðkomandi vörur hafa komið til þess EFTA-lands samkvæmt:

– T2 PT-skjali;

– alþjóðlegum sendingarseðli, alþjóðlegum hraðsendingarseðli eða TR-umhleðsluseðli sem jafngildur er T2 PT-skjali; eða

– T2L PT-skjali.

AUGLÝSING

um alþjóðlegan samning um samræmda vörulýsingar- og vörunúmeraskrá.

Aðildarskjal Íslands vegna alþjóðlegs samnings um samræmda vörulýsingar- og vörunúmeraskrá, sem gerður var í Brussel 14. júní 1983, var afhent aðalritara Tollasamvinnuráðsins 28. október 1987. Jafnframt var afhent samþykktarskjal vegna bókuunar við samninginn sem gerð var í Brussel 24. júní 1986. Samningurinn öðlast gildi 1. janúar 1988.

Samningurinn er birtur sem fylgiskjal 1 með auglýsingu þessari og bókunin sem fylgiskjal 2. Þó eru ekki birtir viðaukar við samninginn en hægt er að sjá þá í utanríkisráðuneytinu.

Þetta er hér með gert almenningi kunnugt.

Utanríkisráðuneytið, Reykjavík, 20. nóvember 1987.

Steingrímur Hermannsson.

Hannes Hafstein.

Fylgiskjal.

ALÞJÓÐLEGUR SAMNINGUR um samræmda vörulýsingar- og vörunúmeraskrá

INNGANGUR

Aðilar að þessum samningi sem gerður er að frumkvæði Tollasamvinnuráðsins

sem óska eftir að auðvelda alþjóðleg viðskipti, sem óska eftir að auðvelda söfnun, samanburð og greiningu tölfraðilegra upplýsinga, sérstaklega að því er varðar alþjóðleg viðskipti,

sem óska eftir að lækka kostnað sem stafar af endurlýsingu, endurflokkun og endurskráningu á vörum þegar þær flytjast úr einu flokkunarkerfi í annað vegna alþjóðlegra viðskipta, og að auðvelda stöðlun viðskiptaskjala og gagnamiðlun,

sem hafa í huga að tæknibreytingar og breytingar á alþjóðlegum viðskiptaháttum krefjast víðtækra breytinga á samningnum um nafnaskrá til tollflokunar á vörum, sem gerður var í Brussel 15. desember 1950,

sem hafa einnig í huga að sú nákvæmni í sundurgreiningu vegna tolls og skýrslugerðar sem ríkisstjórnir og viðskiptahagsmunir krefjast, hefur aukist langt umfram getu nafnaskrárinnar sem er víðauki við áður nefndan samning,

sem hafa í huga mikilvægi nákvæmra og samþærilegra upplýsinga vegna alþjóðlegrar samningagerðar í viðskiptum,

sem hafa í huga að samræmdu skránni er ætlað að nýtast í tengslum við flutningsgjaldskrár og skýrslugerðir um vöruflutninga með hinum ýmsu flutningsmáti,

INTERNATIONAL CONVENTION on the Harmonized Commodity Description and Coding System

PREAMBLE

The Contracting Parties to this Convention, established under the auspices of the Customs Co-operation Council,

Desiring to facilitate international trade,

Desiring to facilitate the collection, comparison and analysis of statistics, in particular those on international trade,

Desiring to reduce the expense incurred by redescribing, reclassifying and recoding goods as they move from one classification system to another in the course of international trade and to facilitate the standardization of trade documentation and the transmission of data,

Considering that changes in technology and the patterns of international trade require extensive modifications to the Convention on Nomenclature for the Classification of Goods in Customs Tariffs, done at Brussels on 15 December 1950,

Considering also that the degree of detail required for Customs and statistical purposes by Governments and trade interests has increased far beyond that provided by the Nomenclature annexed to the above-mentioned Convention,

Considering the importance of accurate and comparable data for the purposes of international trade negotiations,

Considering that the Harmonized System is intended to be used for the purposes of freight tariffs and transport statistics of the various modes of transport,

sem hafa í huga að ætlast er til að samræmda skráin verði felld inn í viðskiptalegar vörulýsinga- og vörunúmeraskrár á eins víðtækan hátt og hægt er,

sem hafa í huga að samræmdu skránni er ætlað að stuðla að eins náinni samræmingu og unnt er milli inn- og útflutningsskýrslugerðar og framleiðsluskýrslugerðar,

sem hafa í huga að nánu samræmi skal haldið milli samræmdu skrárinnar og hinnar stöðluðu alþjóðlegu vöruflökkunarskrár Sameinuðu þjóðanna (SITC),

sem hafa í huga að æskilegt er að framangreindum þörfum sé fullnægt með sameinaðri toll- og skýrsluskrá sem jafnframt nýtist hinum ýmsu hagsmunaaðilum í alþjóðlegum viðskiptum,

sem hafa í huga mikilvægi þess að tryggja að samræmdu skránni sé haldið við með tilliti til tæknibreytinga og breytinga á alþjóðlegum viðskiptaháttum,

sem hafa tekið tillit til þeirrar vinnu, sem innt hefur verið af hendi í samskrárnefndinni sem Tollasamvinnuráðið stofnaði,

sem hafa í huga að þótt áðurnefndur nafnaskrársamningur hafi reynst vera áhrifamikið tæki til að ná sumum þessara markmiða, er besta leiðin til að ná tilætluðum árangri í þessu efni að gera nýjan alþjóðlegan samning,

hafa komið sér saman um eftirfarandi:

1. gr. Skýrgreiningar

Í þessum samningi merkir:

a. „samræmda vörulýsingar- og vörunúmeraskráin“ sem hér eftir verður nefnd „samræmda skráin“ nafnaskrána, sem er viðauki við þennan samning og samanstendur af vörulíðum og undirlíðum með viðeigandi númeraskrá, athugasemdum við flokka, kafla og undirlíði og almennum túlkunarreglum fyrir samræmdu skrána,

b. „tollskrá“ nafnaskrá, sem lögfest er af samningsaðila í þeim tilgangi að leggja tolla á innfluttar vörur,

c. „skýrsluskrá“ vöruheitaskrá, sem komið er upp af samningsaðila fyrir gagnasöfnun vegna skýrslugerðar um inn- og útflutningsviðskipti,

d. „sameinuð toll- og skýrsluskrá“ nafnaskrá, sem sameinar tollskrá og skýrsluskrá og lögbundin

Considering that the Harmonized System is intended to be incorporated into commercial commodity description and coding systems to the greatest extent possible,

Considering that the Harmonized System is intended to promote as close a correlation as possible between import and export trade statistics and production statistics,

Considering that a close correlation should be maintained between the Harmonized System and the Standard International Trade Classification (SITC) of the United Nations,

Considering the desirability of meeting the aforementioned needs through a combined tariff/statistical nomenclature, suitable for use by the various interests concerned with international trade,

Considering the importance of ensuring that the Harmonized System is kept up-to-date in the light of changes in technology or in patterns of international trade,

Having taken into consideration the work accomplished in this sphere by the Harmonized System Committee set up by the Customs Cooperation Council,

Considering that while the above-mentioned Nomenclature Convention has proved an effective instrument in the attainment of some of these objectives, the best way to achieve the desired results in this respect is to conclude a new international Convention,

Have agreed as follows:

Article 1 Definitions

For the purpose of this Convention:

(a) the Harmonized Commodity Description and Coding System, hereinafter referred to as the Harmonized System, means the Nomenclature comprising the headings and subheadings and their related numerical codes, the Section, Chapter and Subheading Notes and the General Rules for the interpretation of the Harmonized System, set out in the Annex to this Convention;

(b) Customs tariff nomenclature means the nomenclature established under the legislation of a Contracting Party for the purposes of levying duties of Customs on imported goods;

(c) statistical nomenclatures means goods nomenclatures established by a Contracting Party for the collection of data for import and export trade statistics;

(d) combined tariff/statistical nomenclature means a nomenclature, integrating Customs tariff

er af samningsaðila vegna tollskýrslugerðar um vörur við innflutning,

e. „samningurinn um stofnun ráðsins“ samninginn um stofnun Tollasamvinnuráðsins sem gerður var í Brussel 15. desember 1950,

f. „ráðið“ Tollasamvinnuráðið, sem um getur í e-lið hér að ofan,

g. „aðalritarinn“ aðalritara ráðsins,

h. „fullgilding“ fullgildingu, samþykki eða viðurkenningu.

2. gr.

Viðaukinn

Viðaukinn við þennan samning er óaðskiljanlegur hluti hans og sérhver tilvísun í samninginn felur í sér tilvísun í viðaukann.

3. gr.

Skyldur samningsaðila

1. Háð þeim undantekningum sem taldar eru upp í 4. gr:

a. Skuldbindur hver samningsaðili sig, með þeim frávikum sem kveðið er á um í c-lið þessarar greinar, til að sjá um að frá þeim degi er samningur þessi gengur í gildi gagnvart honum verði tollskrá hans og skýrsluskrá í samræmi við samræmdu skrána. Að því er varðar tollskrá og skýrsluskrá samningsaðila skuldbindur hann sig þannig til:

- i) að nota alla vöruliði og undirliði samræmdu skrárinnar án viðbóta eða breytinga ásamt tilheyrandi númeraskrá,
- ii) að beita hinum almennu reglum um túlkun samræmdu skrárinnar og öllum athugasemdum við flokka, kafla og undirliði og að breyta ekki umfangi flokka, kafla, vöruliða eða undirliða í samræmdu skránni, og
- iii) að fylgja númeraröð samræmdu skrárinnar.

b. Skal sérhver samningsaðili birta opinberlega innflutnings- og útflutningsskýrslur sínar samkvæmt sex tölustafa kerfi samræmdu skrárinnar eða ítarlegar, að frumkvæði samningsaðilans, að því marki að birting sé ekki útilokud af sérstökum ástæðum, svo sem vegna viðskiptaleyndar eða þjóðaröryggis.

c. Skulu ákvæði þessarar greinar ekki skylda samningsaðila til að nota undirliði samræmdu

and statistical nomenclatures, legally required by a Contracting Party for the declaration of goods at importation;

(e) the Convention establishing the Council means the Convention establishing a Customs Co-operation Council, done at Brussels on 15 December 1950;

(f) the Council means the Customs Co-operation Council referred to in paragraph (e) above;

(g) the Secretary General means the Secretary General of the Council;

(h) the term ratification means ratification, acceptance or approval.

Article 2

The Annex

The Annex to this Convention shall form an integral part thereof, and any reference to the Convention shall include a reference to the Annex.

Article 3

Obligations of Contracting Parties

1. Subject to the exceptions enumerated in Article 4:

